



ORKUSTOFNUN  
Raforkudeild

# PLÖNTU- OG DÝRALÍF Í VÖTNUM Á AUÐIKÚLUHEIÐI

HÁKON AÐALSTEINSSON

OS-ROD 78 06

MARZ 1978

Leiðréttigar (errata)

Bls. 64 (16. lína að neðan) ..... auk þess stafað af ....; Á að vera; ..... auk þess að stafa af.

Bls. 68 og 69. Allenlinuritin á myndum 26 og 27 (þ.e. hægri hluti myndanna) hafa víxlast.

pp. 68 and 69. The Allen-diagrams on the right halves of figs. 26 and 27 should be interchanged.



ORKUSTOFNUN  
Raforkudeild

# Plöntu- og dýralíf í vötnum á Auðkúluheiði

Hákon Aðalsteinsson

OS ROD 78 06

Marz 1978

EFNISYFIRLIT:

Bls.

I	Skrá yfir myndir	i
II	Skrá yfir töflur	iii
1	Inngangur	1
2	Nöfn og hugtök	2
3	Vatnasvæðið	4
4	Hágróður í vötnunum	7
5	Ágrip	13
5.1	Samantekt	13
5.2	Ályktanir	16
	Svif	19
6	Aðferðir	19
6.1	Plöntusvif	19
6.2	Gegnsæi	19
6.3	Dýrasvif	20
6.3.1	A-Friðmundarvatn	20
6.3.2	Þristikla	24
7	Niðurstöður og umfjöllun þeirra	25
7.1	Plöntusvif	25
7.1.1	A-Friðmundarvatn	25
7.1.2	Áætluð framleiðni hágróðurs (óbein aðferð)	28
7.1.3	Þristikla	33
7.2	Framleiðniskilyrði í grunnum vötnum	38
7.3	Dýrasvif	41
7.3.1	A-Friðmundarvatn	41
7.3.2	Þristikla	45
7.3.3	Samanburður á svifdýrafánu A-Friðmundarvatns og Þristiklu	48
7.4	Dreifing dýrasvifs	53
7.4.1	Lárétt dreifing	53
7.4.2	Lóðrétt dreifing	60
7.5	Framleiðni dýrasvifs í Þristiklu	65
7.6	Framleiðni dýrasvifs í A-Friðmundarvatni	69

	Bls
<b>Botndýr</b>	<b>71</b>
8      Efni og úrvinnsla	71
9      Niðurstöður	73
9.1    A-Friðmundarvatn	73
9.1.1 Stærri botndýr	73
9.1.2 Smásæ botndýr (botnkrabbar)	75
9.1.3 Dreifimynstur botnkrabba	80
9.1.4 Lífsferlar blaðfætla	85
9.1.5 Dvalstig	95
9.1.6 Fánan á maraplöntunum	95
9.1.7 Yfirlit yfir krabbadýrafánuna	98
9.2    Þrístikla	101
10     Samanburður á vötnum á Auðkúluheiði	104
11     Heimildaskrá	107
12     English summary	110

I SKRÁ YFIR MYNDIR

		Bls	
Mynd	1	Yfirlitsmynd, vatnasvið á Auðkúluheiði.	5
"	2	Þekja marans í A-Friðmundarvatni 1976.	8
"	3	Þekja marans í A-Friðmundarvatni 1960.	9
"	4	Þekja marans í Friðmundarvötnum 1960	10
"	5	Þekja marans í Friðmundarvötnum 1976.	11
"	6	Dýptarkort af A-Friðmundarvatni með sýnatökustöðvum.	21
"	7	Dýptarkort af Þrístiklu með sýnatökustöðvum.	22
"	8	Samsvörun deilisýnapara sem fall af fjölda talinna (dýrasvif).	23
"	9	Frumframleiðni og lífmassi plöntusvif í A-Friðmundarvatni.	26
"	10	Frumframleiðnilínurit júní-sept. í A-Friðmundarvatni.	27
"	11	Aætlaður ferill rotnunar maraleifa í A-Friðmundarvatni.	30
"	12	Frumframleiðni og lífmassi plöntusvifs í Þrístiklu.	34
"	13	Frumframleiðnilínurit júní-sept. í Þrístiklu.	33
"	14	Hitastig í Þrístiklu sumarið	35
"	15	Gegnsæi í Þrístiklu.	36
"	16	Lífsferlar dýrasvifs í A-Friðmundarvatni 1975.	40
"	17	Stökkkrabbar ( <i>Cyclops</i> ) á botni og í svifi í A-Friðmundarvatni.	42
"	18	Lífsferlar dýrasvifs og <i>Ceratium</i> (Dinoflagellata) í Þrístiklu.	44
"	19	Statistik fyrir dýrasvif í A-Friðmundarvatni.	56
"	20	Statistik fyrir dýrasvif í Þrístiklu.	58
"	21	Lóðrétt dreifing Pyrildýra í Þrístiklu.	61
"	22	Lóðrétt dreifing ranaflóa og smádíla í Þrístiklu.	62
"	23	Lóðrétt dreifing mismunandi stiga smádíla í Þrístiklu.	63
"	24	Frjósemi smádíla í Þrístiklu.	66
"	25	Fjöldi smádíla á öllum stöðvum í Þrístiklu.	67
"	26	Allen-línurit fyrir smádíla í Þrístiklu.	68

## Bls

Mynd	27	Allen-línurit fyrir stökkkrabba í A-Friðmundarvatni.	69
"	28	Stærri botndýr í A-Friðmundarvatni; fjöldi mýlirfa og burstaorma.	74
"	29	Tengsl burstaorma og maraleifa	76
"	30	Tengsl mýlirfa og maraleifa	77
"	31	Samanlagður fjöldi stærri botndýra og fjöldi fáséðra í A-Friðmundarvatni.	78
"	32	Dreifistuðull (1/k) fyrir algengustu botnkrabba í A-Friðmundarvatni.	83
"	33	"Veldislögþá" Taylors.	82
"	34	Lífsferlar helstu botnkrabba í A-Friðmundarvatni.	86
"	35	Frjósemi helstu botnkrabba í A-Friðmundarvatni.	88
"	36	Samanlagður fjöldi botnkrabba og lífsferlar fáséðra í A-Friðmundarvatni.	89
"	37	Tengsl þráðflóa og maraleifa í A-Friðmundarvatni.	90
"	38	Tengsl broddflóa og maraleifa í A-Friðmundarvatni.	91
"	39	Tengsl mánaflóa og maraleifa í A-Friðmundarvatni.	92
"	40	Tengsl helstu krabbadýranna í maranum og marans í A-Friðmundarvatni.	96
"	41	Burstaormar og mýlirfur á st. 1 í Þrístiklu.	100
"	42	Burstaormar og mýlirfur á st. 6 í Þrístiklu.	102
"	43	Samanlagður fjöldi stærri botndýra og fáséðar tegundir í Þrístiklu.	103

II SKRÁ YFIR TÖFLUR

		Bls
Tafla	1	Samanburður á talningu dýrasvifs úr óskertum sýnum og deilisýnum í A-Friðmundarvatni. 23
"	2	Skrá yfir svifsýni tekin í Þrístiklu. 24
"	3	Dýrasvif-tegundir í A-Friðmundarvatni. 43
"	4	Dýrasvif-tegundir í Þrístiklu (st. 1-5). 46
"	5	Dýrasvif-tegundir í Þrístiklu (st. 6). 47
"	6a,b	Samanburður á tegundasamsetningu dýrasvifs í A-Friðmundarvatni og Þrístiklu.
TEGUNDALISTI YFIR DÝRASVIF		52
"	7	Dreifistuðull fyrir dýrasvif í A-Friðmundarvatni. 54
"	8	Dreifistuðull fyrir dýrasvif í Þrístiklu. 54
"	9	Statistik yfir dýrasvif í Þrístiklu 59
"	10	Meðalfjöldi, varians og dreifistuðull fyrir botnkrabba í A-Friðmundarvatni. 81
"	11	Meðalfjöldi og stuðulfrávik helstu krabbadýra, maraleifa og Nostoc á botni í A-Friðmundarvatni. 84
"	12	Krabbadýr úr mismunandi búsvæðum (habitat) í A-Friðmundarvatni. 93
"	13	Hlutfallsleg skipting krabbadýra í fæðu ólikra lengdarflokkja bleikju tekinni í mismunandi hæð í netum (í júlí 1977) í A-Friðmundarvatni. 94
"	14	Fánan á maraplöntunum í A-Friðmundarvatni, meðaltal og meðalhlutfall í 12 sýnum og fjöldi á m <sup>2</sup> botns. 97
"	15	Yfirlit um helstu krabbadýrin í mismunandi búsvæðum í A-Friðmundarvatni. 99
"	16	Samanburður á krabbadýrafánu vatna á Auðkúluheiði. 105

Rannsóknir á vatnsvæðum þeim sem áltið var að yrðu fyrir áhrifum af virkjun Blöndu, hófust með yfirlitskönnun í júlí 1974. Í skýrslu um þá könnun (H. Aðalsteinsson 1975) voru helstu einkenni vatnanna dregin fram og gerð grein fyrir áformum um frekari rannsóknir.

Tilgangur þeirra var tvíþættur. Í fyrsta lagi úttekt á lífríki vatnanna og mat á verðmæti þeirra með tilliti til hlunninda (fishveiða). Í öðru lagi var haft í huga að þegar fram í sækta, mætti draga af þessum vötnum nokkurn lærðom um hver áhrif svo gagngerar breytingar sem gegnum rennsli vatns blandað jökulaur og rofnum jarðvegi hafi á lífríki og framleiðni vatna. Með tilliti til þess síðastnefnda hefur verið gerð nokkur úttekt á lifsskilyrðum í jökulvötun (H. Aðalsteinsson 1976 a og b). Einkum hefur gaumur verið gefinn að áhrifum jökulaurs á gegnsæi og framleiðniskilyrði plöntusvifs.

Á undanförum árum hefur miklu af aurburðarsýnum verið safnað úr Blöndu. Á grundvelli þeirra og eldri sýna verður áætlað hversu mikið komi til með að setjast í lónið og þar með, hve mikið berst áfram í Þristiklu, A-Friðmundarvatn og Gilsvatn. Ennfremur verður reynt að áætla jarðvegsrof vatnsveginum frá Þristiklu að A-Friðmundarvatni og Gilsvatni en það mun væntanlega hafa gagngr áhrif á botn vatnanna sem og rennslið i gegnum þau. Allar ályktanir um hugsanleg afdrif umræddra vatna verða því að bíða niðurstaðna af áðurnefndum athugunum og útreikningum. Þá munu einnig liggja fyrir lokaniðurstöður fiskirannsóknanna og hægt að draga saman niðurstöður um alla þætti þessarra rannsókna á einn stað, áður en loka hönnunaráætlun verður gerð.

2 N Ö F N O G H U G T Ö K

í máli því sem hér fer á eftir er mest fjallað um smásjáar verur og svo sem titt er um slikar, hafa fæstar hlotið íslensk nöfn. Helgi Hallgrímsson hefur þó bætt hér um nokkuð. Nafnakerfi Helga er einfalt og byggist á stuttum nöfnum yfir helstu dýraflokka. Nöfnin sem hann hefur valið falla yfirleitt mjög vel í samsett orð. Þannig má sjá á síðari lið nafnanna hvaða tegundir eru skildar. Til dæmis hefur Helgi tekið upp nafnið Þyrlur í staðinn fyrir hjóldýr yfir Rotatoria og býr til nöfn mest eftir útlitseinkennum dýranna, svo sem pottþyrla, pokabyrla, broddþyrla o.s.frv. (H. Hallgrímsson 1972, 1973-75).

Nöfn Helga yfir vatnsflær (Cladocera) taka ýmist mið af útliti eða lifnaðarháttum. Í einu tilfelli get ég ekki verið sammála nafngift Helga, þegar tekur til þessa flokks dýra. *Eurycerus lamellatus* kallar hann efjufló, væntanlega vegna þess að hún haldi til í leðjubotni (efju). Hins vegar tel ég það nafn gefa villandi hugmynd um uppáhalds búsvæði *E. lamellatus*. Bæði hér og erlendis er *E. lamellatus* helst tengd gróðri, einkum þráðлага gróðri, þó hún sé einnig fundin í leðju. Ég hef því notað nafnið þráðfló um *E. lamellatus* og sting jafnframt uppá að *Iliocryptus sordidus* fái nafnið efjufló, þar sem hún heldur sig nær eingöngu niðri í leðjunni (Fryer 1963, 1974).

Vatnsflær fjölga sér að mestu án tilstuðunar karldýra. Um slika fjölgun nota ég meyfæðingu (parthenogenesis) og samsvarandi egg "subitan egg". Dvalegg nefnast hins vegar þau egg sem karldýr frjóvga á ofanverðu lífs-skeiði vatnsflónna. Í þannig eggjum liggja dýrin í dvala (diapaus). Hýðir sem myndast um eggin ásamt eggjunum nefnast dvalhýði (ephippium).

Nokkur tölfræðileg hugtök koma fyrir í köflum um dreifingu. Þegar um það er að ræða að fervik (*varians*,  $s^2$ ) er stærra en meðaltal úr röð sýna, bendir það til þess að dýrin séu mjög ójafnt dreifð um botninn og að þau haldi sig í þyrpingum (hnapp). Ég hef notað hér hnappdreifingu en læt fylgja með hið enska samheiti í sviga, eins og þau eru notuð í

bókum um tölfræðilega úrvinnslu. Staðalfrávik ( $s$ ) er sama og Standard deviation (SD). Meðaltal ( $\bar{x}$ ) er mean, average no.


Oft er reiknaður út stuðull sem gefur viðbendingu um dreifingu. Síka stuðla hef ég kallað dreifistuðla.

### 3 VATNASVÆÐIÐ

Landslag á Auðkúluheiði er mótað af ísaldarjöklinum. Jökulöldur setja mikinn svip á svæðið. Á milli jökulaldnanna eru viða vötn og mýrarflæmi. Á jökulöldum eru mosapembur og hrísmóar algengir en dæmiger mýrargróður sem fer eftir rakastigi mýranna, í votlendinu (sjá nánar H. Kristinsson og H. Hallgrímsson 1977). Eins og sjá má á mynd 1 eru mörg vötn og tjarnir á útheiðinni og þar má greina á milli a.m.k. 5 vatnasviða. Tvö þeirra umlykja vötn með sáralitið vatnasvið, Þristiklu og Galtaból. Vötnin sjálf eru þar tiltölulega stór hluti alls vatnasviðsins (H. Aðalsteinsson 1975). Þessi vötn eru tiltölulega djúp og umhverfið fremur hrjóstrugt miðað við hin grynnri. Grunnu vötnin hafa öll bæði inn og útrennsli og þau skipa sérlíð(2-3) afrennslissvæði. Á hinu vestara eru Mjóavatn er úr því rennur Mjóavatnslækur í V-Friðmundarvatn og úr því Friðmundará í Vatnsdalsá. Úr Eyjavatni rennur lækur í Friðmundará. Á austara eru A-Friðmundarvatn með afrennsli um Fiskilæk í Gilsvatn og þaðan um Gilsá í Blöndu. Mesta dýpi er 2,25 m í V-Friðmundarvatni en aðeins 1,1 m og 1,15 m í Mjóavatni og A-Friðmundarvatni og 0,75 m í Gilsvatni (S.Rist 1975). Mest vatn rennur um það stöðuvatn sem er neðst á afrennslissvæði. Ef afrennslissvæðið er einslegt hvað varðar jarðfræði og gróðurfar má búast við að innihald vatnsins af næringarsöltum sé svipað hvar svo sem það kemur fram á afrennslissvæðinu. Þegar stöðuvötnin eru auk þess tiltölulega lík, t.d. hvað varðar lögun stærð og dýpi, eru vötnin neðst á afrennslissvæðiunum að jafnaði næringarauðugust.

Þetta gildir þegar viðstaða afrennslisins í stöðuvötnum er löng miðað við þann tíma, sem þörungar þurfa til tvöföldunar stofnsins. Þegar best lætur þurfa þörungar aðeins einn til nokkra daga til að tvöfalda lifþyngd sína. Miðað við viðstöðu vatnsins í Friðmundarvötnum (mynd 1) er ekki hætta á öðru en að frumframleiðendum takist að nýta alla. Þá næringu sem um vötnin fer oftsinnis.

Gilsvatn og V-Friðmundarvatn eru á neðri enda sitt hvors afrennslis-



Meðaltöluspíp mean depth	Fletarmál area	Rúmmáli volume	Vatnarsvöð drainage area	Vatnarsvöð Fletarmál	Afrænsi discharge	Rúmmáli Rúmmáli	Afrænsi Afrænsi
4.1 m	1.21 km <sup>2</sup> (1/4)	5.0 Gí	4.5 km <sup>2</sup>	3.7	2.8 Gí	0.56 drí <sup>-1</sup>	1.8 drí
5.5 -	3.62 - (1/2)	20.0 -	11 -	3.0	6.9 -	0.34 -	2.9 -
0.8 -	2.36 - (1/1)	2.0 -	10 -	4.2	6.3 -	0.32 -	0.32 -
0.5 -	1.67 -	0.8 -	31 -	18.6	20 -	25 -	0.04 -
0.8 -	2.94 - (1/5)	2.1 -	8.5 -	2.9	5.4 -	2.6 -	0.59 -
1.2 -	6.0 - (1/1)	7.0 - (1/6)	32 -	5.3	20 -	2.8 -	0.35 -
	1.0 -					7.6 -	

MYND 1	ORKUSTOFNUN
	Vatnarsvöð á Auðkúlheiði (Drainage areas and lake characteristics)
	7706.30 HA/GSJ T.39 T.27 B.96 B.358 F.15850

svæðis. Þær sýna ýmis einkenna næringarauðugra vatna, svo sem hátt hlutfall bláþörunga (Cyanophyta) (H. Aðalsteinsson 1975, H. Kristinsson og H. Hallgrímsson 1977).

Í vötnum ofar á afrennslissvæðunum ber hins vegar lítið á bláþörungum. Hágróður hefur svipaða útbreiðslu í öllum grunnu vötnum. Hann nær yfir u.p.b. þriðjung botnsins í öllum vötnum nema í V-Friðmundarvatni, þar sem hann er heldur minni. Efnainnihald vatns af hinum mismunandi vatnsviðum er í góðu samræmi við þann mun sem er á vatnsviðunum, eins og þeim er lýst hér að framan.

#### Efnainnihald:

Leiðni vatns úr A-Friðmundarvatni og Þristiklu var mæld og reyndist hún vera um tvöfalt hærri í A-Friðmundarvatni en í Þristiklu, 75 á móti  $35 \mu\text{mhos cm}^{-1}$  við  $25^\circ\text{C}$ .

Kolefni í upplausn á forminu  $\text{HCO}_3^-$  var  $20 \text{ mg l}^{-1}$  í A-Friðmundarvatni og  $8,5 \text{ mg l}^{-1}$  í Þristiklu, mælt i júni í byrjun gróðurtímans. Kolefni eykst síðan nokkuð vegna efnahvarfa tengdum ljóstillifun og verður hæst  $26 \text{ mg l}^{-1}$  25. júlí í A-Friðmundarvatni en  $13 \text{ mg l}^{-1}$  2. september í Þristiklu. Samsvarandi hækjun á sýrustig (pH) er úr 7,7 í 8,9 í A-Friðmundarvatni og úr 6,9 í 7,1 í Þristiklu. Einnig er mun meira af nauðsynlegum næringarefnum (fosfór (P), köfnunarefni (N) og kísil (Si)) í A-Friðmundarvatni og í hinum grunnu vötnum en í Þristiklu og Galtabóli (H. Aðalsteinsson 1975). Vegna nálægðar við sjó, er efnainnihald vatns hér talsvert frábrugðið því sem algengast er í vötnum viðast erlendis. Í regni sem hér fellur ber mest á  $\text{Na}^+$ ,  $\text{Cl}^-$  og  $\text{Mg}^{2+}$ .  $\text{Ca}^{2+}$  og  $\text{SiO}_2$  eru hins vegar "jarðbundnari" og remma þeirra gefur því oft betri hugmynd um næringarauðgi vatns heldur en heildarremma jóna. Sumarið 1974 voru helstu jónir mældar í vötnum og reyndist  $\text{Ca}^{2+}$  vera  $4-9 \text{ mg l}^{-1}$  í grunnu vötnum en  $3,5 \text{ mg l}^{-1}$  í Galtabóli og einungis  $1,5 \text{ mg l}^{-1}$  í Þristiklu.


#### 4 H Á G R Ó D U R í V Ö T N U M


Botn allra grunnu vatnanna er að mestu þakinn síkjamara (*Myriophyllum alterniflorum* L.). Gróðursamfélagið er mjög einslegt, nema í Galtabóli þar sem fjallnykra (*Potamogeton alpinus* Balb.) vex ásamt maranum. Nærri landi, gjarnan þar sem ströndin er sendin, má finna lágvaxna þráðnykru (*P. filiformis* Pers.). í Prístiklu er mari á mjúka botninum í rananum austur úr megin vatninu. Með ströndum fram má víða finna strjáling af elftingu (*Equisetum palustre* L.). Þegar komið er út á djúpið í Prístiklu verður kransnálin *Nitella flexilis* algeng, einnig finnst dálitið af mosa. Bergþór Jóhannsson hefur greint þar 2 tegundir, (*Calliergon triforium* (Web. & Mohr) Kindb. og *Scorpidium scorpioides* (Hedw.) Limpr.), báðar votlendistegundir.

Síkjamarinn og ásetupörungar hans eru ein mikilvægasta undirstaða dýralifsins í grunnu vötnunum. Marinn myndar gjarna þéttar breiður ekki ósvipað og runnar. "Stönglarnir eru greindir. Blöðin 4 í kransi, mjög fingerð, með hármjóum, venjulegast misstæðum bleðlum eða flipum". - (úr Flóru Íslands, S.Stefánsson 1948). Vegna þess hve smá og mörg blöðin eru, er yfirborð þeirra geysimikið og þær geta hýst mikinn fjölda ásetupörunga og mynda hlutfallslega stóran beð fyrir dýr sem eru vel aðlöguð. Gróðurþekjan kemur vel fram á loftmyndum og einnig á venjulegum ljósmyndum. Loftmyndir eru til af öllum vötnunum frá 1960 en einungis af 3 þeirra frá 1976. Gróðurþekjan er breytileg frá ári til árs, ísinn getur rifið upp plöntur og nýjar sá sér, þar sem áður voru auðir blettir. Útbreiðsla marans var kortlögð nákvæmast í A-Friðmundarvatni og gerður greinarmunur á þéttum og dreifðum marabreiðum á kortinu, teiknuðu eftir loftmyndum frá 1976 (mynd 2). Þessi skipting er í mjög gráfum dráttum og ýmis stig til bæði í þéttum og dreifðum breiðum. Á hinum kortunum bæði eftir loftmyndum frá 1960 og 1976 (mynd 4 og 5) er enginn greinarmunur gerður á þétsætni marans. Á myndum 2 og 3 má bera saman útbreiðsluna 1960 og 1976 og sést þá að aðalbreytingarnar höfðu orðið í N-hluta vatnsins, þ.e. að mari hefur minnkað þar síðan 1960. Enn fremur má sjá að breiðurnar fylgja u.p.b. 1 m dýptarlinunni og markast sennilega af dýpinu, þar sem ísinn er botnfastur. í A-Friðmundarvatni og Mjóavatni nær fjaran niður á u.p.b. 40-50 cm dýpi og þaðan frá dýpkar tiltölulega fljótt niður á 75 cm dýpi. í V-Friðmundarvatni dýpkar yfirleitt mjög

MYND 2


A-FRIÐMUNDARVATN  
eftir loftmynd 1976






Pekja síkjamara

A—FRIÐMUNDARVATN  
eftir loftmynd 1960





fljótt niður á u.p.b. 1 m en eftir það er botninn tiltölulega flatur ef undan er skilinn áll, 2-2,5 m djúpur. Þar sem mikil er af maralausum blettum á botninum er erfitt að fullyrða um neðri mörk marans en það er víst að loftmyndir frá 1960 benda ekki til að í V-Friðmundarvatni vaxi marinn neðan við u.p.b. 2 m dýpi. Þetta er sama niðurstaðan og fékkst úr könnun frá báti 1974. Eyjavatn hefur ekki verið dýptarmælt, né heldur hefur útbreiðsla og gróska hágróðurs verið könnuð þar. Ýmislegt bendir til að Eyjavatn sé eitthvað frábrugðið öðrum vötnum á Auðkúluheiði (sjá kafla 10).

## 5 Á G R I P

### 5.1. Samantekt

Vatnasvæði Auðkúluheiðar má skipta í a.m.k. 5 vatnasvið. Tvö þeirra eru afrennslislaus nema takmarkaðan tíma tengdum leysingum. Þessi tvö, Þrístikla og Galtaból, eru fremur djúp eða 17,5 og 10 m (mesta dýpi). Aðrennslissvæði þeirra er lítið og fremur hrjóstrugt miðað við aðrennslissvæði hinna. Önnur vötn á heiðinni eru yfirleitt mjög grunn og meira eða minna umlukt gróskumeira flatlendi. Þessar aðstæður ásamt því hversu grunn þau eru gera Mjóavatn, V-Friðmundarvatn, A-Friðmundarvatn og Gilsvatn mun næringarauðugri en djúpu vötnin. Hágróður sem vex viða alveg upp undir yfirborðið, setur mjög svip sinn á grunnu vötnin og má fullvist telja að hann standi beint og óbeint fyrir megin hluta frumframleiðni þeirra. Í grunnu vötninum er hágróðurinn nær eingöngu síkjamarí (*Myriophyllum alterniflorum*). Í Galtabóli eru stór svæði á u.p.b. 2-5 m dýpi vaxin hágróðri, aðallega síkjamarí og fjallnykru (*Potamogeton alpinus*). Í Þrístiklu er hágróður (mari) eingöngu í grynnsta hlutanum austur úr aðalvatninu en dýpra út í aðalvatninu vex "hálfþörungurinn" kransnál (*Nitella flexilis*). Ýmsar athuganir voru gerðar á öllum vötnunum á árunum 1974-1977. Nánari rannsóknir um einstaka þætti lifkerfis umræddra vatna fóru fram í Þrístiklu og A-Friðmundarvatni sem bæði lenda í nýjum vatnsvegi virkjunarinnar, samkvæmt fyrstu áætlunum. Á grundvelli frumkönnum 1974 var A-Friðmundarvatn valið, bæði vegna þess hve auðvelt er að komast að því og vegna þess að allt benti til þess að það væri dæmigert fyrir grunnu vötnin á heiðinni.

Plöntusvif vatnanna endurspeglar í meginindráttum næringarefnabúskapinn. Þannig er plöntusvifið í Þrístiklu dæmigert fyrir næringarsnauð vötn, langmest smáir gullþörungar (*Chrysophyceae*) og kísilþörungurinn *Melosira islandica*. Í A-Friðmundarvatni eru grænbörungar ríkjandi, en bæði í V-Friðmundarvatni og Gilsvatni ber mikið á blágrænu þörungunum sem venjulega eru taldir gefa vísbendingu um næringarauðgi.

Dýrasvifið er mun fáskrúðugra í A-Friðmundarvatni en í Prístiklu sem sennilega má setja í samband við það hve grunnt hið fyrrnefnda er. Ríkjandi tegundir þyrildýra í A-Friðmundarvatni eru flestar hinar sömu og eru ríkjandi í Mývatni. Einkum er áberandi samsvörun milli fánunnar þar og í grynnsta hluta Mývatns, Ytri flóa. Í báðum er sunddilinn *Cyclops abyssorum* ríkjandi og vatnsflær fáliðaðar.

Skort á vatnsflóm í A-Friðmundarvatni má tengja annars vegar hinni miklu þekju marans sem hefur neikvæð áhrif á t.d. langhalaflær og augljóslega miklu afráni frá hinum stóra bleikjustofni. Þyrildýr eru ríkjandi framleiðendur á öðru fæðuprepí i A-Friðmundarvatni en smá-dílinn *Diaptomus minutus* í Prístiklu. Ranaflóin *Bosmina c. obtusirostris* er enn fremur mun algengari í Prístiklu en í A-Friðmundarvatni. Hins vegar er sunddillinn mjög fáliðaður í Prístiklu og aldrei varð vart við langhalafló þar. Ekta sviftegundir meðal þyrildýra voru 13 í A-Friðmundarvatni og 16 í Prístiklu og auk þess eru fjölmargar botnlægar tegundir og samtals hefur fundist 21 tegund í A-Friðmundarvatni en 38 í Prístiklu. Í þessu sambandi verður að taka tillit til þess að farið var yfir margfalt fleiri og stærri sýni í Prístiklu og likurnar fyrir því að rekast á sjaldgæfar tegundir þar margfalt meiri.

Framleiðni plöntusvifs var helmingi meiri í A-Friðmundarvatni ( $43 \text{ g } \text{pv}^{-2} \text{ ár}^{-1}$ ) en í Prístiklu ( $22 \text{ g } \text{pv}^{-2} \text{ ár}^{-1}$ ). Auk þessa er framleiðni hágróðurs og ásetubörunga sem örugglega er langsamlega stærsti hluti frumframleiðni í A-Friðmundarvatni, margfalt meiri en í Prístiklu. Framleiðni dýrasvifs var áætluð  $0,7 \text{ g } \text{pv}^{-2} \text{ ár}^{-1}$  í A-Friðmundarvatni og  $2 \text{ g } \text{pv}^{-2} \text{ ár}^{-1}$  í Prístiklu. Nýtingarhlutfall plöntusvifs, þ.e. framleiðni dýrasvifs á móti framleiðni plöntusvifs er mjög lágt í A-Friðmundarvatni, eða aðeins um 1,6% en um 10% í Prístiklu. Hið lága nýtingarhlutfall í A-Friðmundarvatni er aðallega vegna þess að mikilvægustu plöntusvifstegundirnar eru lítt aðgengilegar fyrir þyrildýrin.

Í A-Friðmundarvatni eru hins vegar tegundir sem halda sig við botn eða í maranum, langtum mikilvægari sem framleiðendur á öðru fæðuprepí (second producers) en dýrasvifið. Þrátt fyrir það, ef á heildina er litið, mun nýting frumframleiðninnar vera tiltölulega lág í A-Friðmundarvatni, vegna þess að ekkert af dýrunum á öðru fæðuprepí geta nýtt

sér marann beint, heldur aðeins á rotnunarstigi hans. Á hinn bóginn hýsir marinn ríkulega ásetuflóru sem er mikilvæg fyrir smádýrin á maranum.

Botndýrafánan er mjög ólik í A-Friðmundarvatni og Þristiklu sem helgast fyrst og fremst af hinum mikla maragróðri í A-Friðmundarvatni. Í A-Friðmundarvatni eru botnkrabbar langmikilvægastir en mýlirfur (Chironomidae) og liðormar (Oligochaeta) í Þristiklu. Æviskeið mýlirfa og liðorma er yfirleitt a.m.k. eitt ár fyrir hverja kynslóð en hjá botnkröbbum geta þær orðið margar á hverju sumri. Andstætt mýlirfum og liðormum liggja botnkrabbar í dvala (sem dvalegg) yfir veturninn. Mýlirfur þúpa sig og fljúga upp á vorin eða fyrri hluta sumars og eru því í lágmarki um hásumarið. Liðormar ala allan aldur sinn í vatninu. Þeir verpa eggjum yfir sumarið sem klekjast og vaxa upp fram á haustið. Þessu virðist nokkuð misjafnt farið í A-Friðmundarvatni og Þristiklu, þar sem varp virðist fara fram allt sumarið í því fyrrnefnda en á takmörkuðum tíma fyrrihluta sumars í hinu síðarnefnda. Í Þristiklu fækkar liðormum yfir þetta tímabil. Dýrin deyja eftir varpið. Í A-Friðmundarvatni fækkar þeim hins vegar lítið yfir sumarið og gæti þar verið um aðra(r) tegund(ir) að ræða eða að hið óreglulega hitastig valdi því að varpið verði einnig óreglulegt og dragist á langinn. Vegna þess hve hitastigið er hátt í A-Friðmundarvatni yfir allt sumarið (miðað við Þristiklu), klekjast egginn fyrr, lirfan vex hraðar og stofninn kann því að endurnýjast með u.p.b. sama hraða og eldri dýr deyja.

Almennt má segja að stærri botndýr séu í lágmarki yfir sumarið en þá er einmitt aðal "blóma"-tími botnkrabba. Einkar hentugt "sambýlisform". Botnkrabbarnir koma úr dvaleggjum á vorin og fyrri hluta sumars, fjölgar sér með sk. meyfæðingu (parthenogenesis) yfir sumarið eða þar til einhverjar aðstæður (hitastig, ljós, fæðuframboð eða eitthvað annað) kalla á framleiðslu karldýra. Ef karldýr frjóvga egginn á þessum tíma myndast dvalegg.

Botnkrabbar eru í hámarki í ágúst-september. Fjórar til fimm tegundir geta talist algengar, Þráðfló (*Eury cercus lamellatus*), einkum í maranum og einnig á botni í marabeltinu, mánaflóin (*Alona affinis*) og broddfíó

(*Macrothrix hirsuticornis*) á botni utan marans og glerfló (*Sida crystallina*) í maranum. Kúlufló (*Chydorus spahaericus*) er algeng í V-Friðmundarvatni og stundum í A-Friðmundarvatni, t.d. sumarið 1977, en lítið bar á henni sumarið 1975.

Fæðuvalsrannsóknir (H.Ó. Hálfdanarson 1978) sýna að botnkrabbar eru lang algengasta fæða bleikjunnar í A-Friðmundarvatni, einkum Þráðflóin og mánafló (*A. affinis*). Í prístíklu eru hornsíli hins vegar mikilvægasta fæðan. Hornsílin lifa mest á mýlirfum og botnkröbbum og koma því inn sem milliliður milli fæðudýra, samsvarandi þeim í A-Friðmundarvatni, og bleikju. Þannig tapast orka og lífræn efni sem svarar því sem fer í rekstur og viðhald a.m.k. heils fæðupreps. Þráðflóin lifir mest á ferskum ásetubörungum gagnstætt hinum botnkröbbunum, sem lifa mest á lífrænum leifum og gerlum, og mýlirfum sem eru alætur. Fæðukeðjan ferskir ásetubörungar - þráðfló - bleikja er eins stutt og hægt er að hugsa sér fyrir bleikju og nýting frumframleiðninnar því í hámarki hvað varðar þessa rás en hún er mikilvæg fyrir stærstu bleikjurnar (frá u.p.b. 25 cm). Það er því ekki að undra þó bleikjustofninn sé stór (sbr. Jón Kristjánsson 1978 í prentun).

Samanburðarathuganir á vötnunum á heiðinni benda til að grunnu vötnin séu mjög svipuð í öllum aðalatriðum. Dýpri vötnin eru einnig nokkuð lík, þó margt beri á milli í tegundasamsetningu, t.d. hvað varðar plöntu og dýrasvif (H. Áðalsteinsson 1975). Smærri fiskilaus vötn eða tjarnir eru einnig mörg á heiðinni og eru þau mjög ólik Friðmundarvötnum hvað varðar smádýrafánuna.

### 5.2. Alyktanir

Eins og fram kemur í inngangskafla var markmið rannsóknanna tvíþætt. Annars vegar úttekt á vötnunum með tilliti til hlunninda og hvort vötnin hafi náttúruverndargildi í viðtækum skilningi. Hvað hlunnindi varðar þótti rétt að miða þá úttekt við hafa má upp úr vötnunum með skynsamlegri nýtingu og er sá þáttur unninn í samvinnu við Veiðimálastofnun. Á grundvelli athugana sem fram höfðu farið fyrir 1975 þótti sýnt að vötnin væru ofsetin og myndi því nauðsynlegt að grisja bleikjustofninn

til að nálgast heppilega stærð. Á tímabili rannsóknanna hefur sóknin verið aukin verulega m.a. með passandi möskvastærð neta og veiðum í gildru. Fiskar hafa verið merktir og á grundvelli endurheimta hefur tekist að ákvarða stofnstærð með þokkalegri nákvæmni. Hin aukna sókn og veiði virðist hafa hækkað meðallengd (og þyngd) verulega en þar sem árangur slikra aðgerða sem grisjunar er lengi að koma fram, þykir rétt að halda áfram þeim hluta rannsóknanna eitt ár í viðbót. Hvað varðar náttúruverndargildi, er slikt í eðli sínu hlutlægt og m.a. háð samanburði við önnur vötn eða vatnsvæði. Þekking okkar á vatnalífi er mjög af skornum skammti og getur því verið erfitt að meta ýmsa fleti á náttúruverndargildinu. Það er til dæmis með engu móti hægt að dæma gildi einstakra vatna hérlendis fyrir framtíðarrannsóknir nema með samanburði við önnur hliðstæð vötn. Hvað varðar vötnin á Auðkúluheiði eru A-Friðmundarvatn og Gilsvatn í meginindráttum mjög lík Mjóavatni og V-Friðmundarvatni. Öll eru vötnin grunn, vaxin mara á allt að þriðjungi botnsins. Marinn stendur beint (eða óbeint, sem beður fyrir ásetuþörunga) undir megninu af frumframleiðninni. Á maranum lifa botnkrabbar sem eru aðalfæða bleikjunnar og verður ekki séð að bleikjan líði fæðuskort i vötnunum yfir sumarið. Í öllum vötnunum er svipað ástatt með bleikjuna; stofninn er of þéttur (þarf ekki endilega að stafa af fæðuskorti, getur líka verið "sálrvænt"). Um vandamál þrengslanna verður væntanlega fjallað i lokaskýrslu Veiðimálastofnunar.

Svifdýrafána allra vatnanna á sér hliðstæður í einhverju öðru af vötnum og er hverfandi hluti framleiðninnar á öðru fæðuprepi. Plöntusvifið tekur yfirleitt mjög örum breytingum yfir sumarið og er því erfitt að byggja samanburð á einstökum mælingum. Hinsvegar er samsetning plöntusvifsins sá þáttur sem einna mest áhrif hefur á samsetningu svifdýrafánunnar og er því líklegt að plöntusvifið sé samsvarandi í vötnunum likt og dýrasvifið.

Þristikla og Galtaból eru miklu ólíkari innbyrðis en grunnu vötnin. Um plöntusvif i vötnum hérlendis er almennt lítið vitað en um bæði þyrildýr og krabbadýr hefur verið tekið saman yfirlit fyrir Zoology og Iceland. Samsetning krabbadýrafánu Þristiklu er mjög í samræmi við það sem Poulsen (1924, 1939) hefur fundið við hliðstæðar aðstæður.

Hvað varðar þyrildýr er vitneskjan takmarkaðri, þar sem nær eingöngu var safnað úr vötnum og tjörnum á láglendi og sennilega eingöngu af strandsvæðum, þegar um vötn var að ræða. Enda er samantekt de Ridder (1972) hvað takmörkuðust þegar tekur til svifdýra. Langflest af tegundunum í Þrístíklu eru tindar til í yfirliti de Ridder en nokkrar voru þar þó ekki með, t.d. broddþyrlan *Keratella hiemalis* en hún hefur þó áður fundist bæði í Þingvallavatni (Ú. Antonsson 1976) og í Langasjó (H. Áðalsteinsson 1976). *Ascomorpha ecaudis* hefur að því er ég best veit ekki fundist hér áður.

Að minu álíti hafa hvorki A-Friðmundarvatn né Gilsvatn varðveislugildi hvorki frá sjónarhóli vatnaliffræðirannsókna eða vegna náttúruverndar, þar sem við hliðina er mjög svipað vatnakerfi og eru þau að minu álíti eins svipuð og tvö vatnakerfi geta nokkurn tíma orðið. Vegna skorts á samanburðargrundvelli er erfiðara að fella nokkurn dóm um Þrístíklu.

Hinn þáttur rannsóknanna beindist að því að geta síðar athugað hver áhrif breytingar eins og þær sem verða við virkjun Blöndu og lýst er í inngangskafla, hafa á "venjuleg" vötn. Til þess að slikt sé mögulegt verður að vera hægt að endurtaka sem flest af því sem gert var 1975, helst með hliðstæðum aðferðum. Aðferðir eru því tiundaðar í smáatriðum og helstu frumgögn birt í töfluformi, þó í mörögum tilfellum séu þar sömu upplýsingar og í myndum.

## 6. AÐFERÐIR

### 6.1. Plöntusvif

Sýni til talningar plöntusvifs voru tekin úr yfirborðssýninu (0-1 m) á st. 1 í Þristiklu (mynd 7) og í blandsýni frá yfirborði til botns á sv. 1 í A-Friðmundarvatni (mynd 6). Framleiðni plöntusvifs í A-Friðmundarvatni var mæld á sv. 1 með 20 cm millibili frá yfirborði til botns.

Í Þristiklu var framleiðni mæld á st. 1 allt niður á 12-13 m dýpi.

Sýnin voru tekin á sama dýpinu og þau voru hengd út á.

Plöntusvifið var varðveitt í lugollausn sem auk þess að varðveita sýnin, litar þörungana en það er m.a. hægt að nota við flokkun þeirra. Við talningu eru sýnin látin setjast til í sívalningi. Algengustu þörungarnir voru taldir í 2 þversniðum af botninum í 400x stækkun en stærstu og sjaldgæfustu þörungarnir taldir á helmingi eða öllum botninum í 100x stækkun. Í aðalatriðum er aðferð Willén (1974) beitt við úrvinnsluna nema hvað nokkuð er slegið af kröfum um fjöldann sem talinn er, það dregur nokkuð úr nákvæmni en sparaði mikinn tíma.

Frumframleiðni var mæld með aðstoð kolefnissamsætu  $^{14}\text{C}$  (Steemann-Nielsen 1952, Vollenweider 1969). Annars vegar var notuð hin klasska síunar-aðferð (Steemann-Nielsen 1952) og hins vegar aðferð sem byggir á því að sýra sýnin með 0,1N HCl upplausn og reka út allt laust C sem þá er komið á formið  $\text{CO}_2$  (Schindler et.al. 1972, P. Theodórsson og J. Bjarnason 1975) Seinni aðferðin gefur yfirleitt hærri gildi en ef siað er. Mismunurinn er vafalitið m.a. háður því hvaða þörungar taka þátt í framleiðninni (Theodórsson 1974). Flestar tölur um frumframleiðni, mældar með  $^{14}\text{C}$  aðferðinni, eru byggðar á síunaraðferðinni og eru því niðurstöðurnar úr báðum vötnunum sambærilegar við þær.

### 6.2. GEGNSÆI

Gengsæið er háð framleiðni vatnsins og/eða gruggun frá botni eins og í A-Friðmundarvatni. Gegnsæið var annarsvegar mælt með óbeinni aðferð sem rýni, þ.e. það dýpi þar sem hvít skifa (hér hvít og svört og 20 cm í þvermál) hverfur sjónum manns og hins vegar beint, með svokallaðri selen-photocellu. Sú mæling er hlutfallsleg og gefur til kynna hve stór hluti þess ljóss sem fer í gegnum yfirborðsfilmuna er eftir á mismunandi dýpi. Gegnsæi var aðeins mælt í Þristiklu.

### 6.3. DÝRASVIF

Sýni voru tekin með 1 m löngu röri, sem tekur 4 ltr. Sýnatakinn er hannaður til þess að valda sem minnstum iðuhreyfingum í vatninu, þ.e. þannig að hann hafi sem minnst áhrif á það sem verið er að taka sýni af (Ramberg 1976).

Sýni voru tekin sem næst frá því ísa leysti og þar til vötnin lögðu. Þann 25. maí var enn íshrafl á Gilsvatni en líklega hefur A-Friðmundarvatn verið orðið íslaust um mánaðamótin maí/júní og Þristikla nokkru síðar. Þann 27. september var A-Friðmundarvatn lagt og austurhluta Þristiklu lagði 29. september en V-hlutinn var þá enn íslaus. Íslaus hafa því vötnin verið sem næst 120 daga.


#### 6.3.1. A-Friðmundarvatn

Sýni voru tekin á 3 stöðvum (svæðum, mynd 6) og þess gætt að stýnatakinn snerti aldrei maraplöntur. Maí-sýnið er úr Gilsvatni en það og A-Friðmundarvatn eru um margt lík (Aðalsteinsson 1975). Sýni voru ávallt tekin úr allri vatnssúlunni jafnt, 2-3 sýni af hverjum stað og þeim slegið saman í 8-12 l safnsýni og síð gegnum 40 µm net. Krabbadýrin og stærstu þyrildýrin voru ætið talin úr öllu sýninu (óskertum safnsýnum). Minni þyrildýrin voru talin úr deilisýnum (nema 25. maí, 9. júlí og 27. sept.) Deilisýnin (subsamples) voru tekin með Hensen strokkpípettu (Schwoerbel 1970 bls. 50). Hvert síð safnsýni var þynnt í 120 ml. Tekin voru 2,3 ml hlutsýni ( $2 \times \frac{3}{120} = \frac{1}{20}$ ) úr hverju. Mynd 8 sýnir mismun fjölda í deilisýnapörunum borin saman við meðaltal þeirra. Þegar fjöldi einstakra tegunda eða hópa í hlutsýnum er meir en u.p.b. 50 (þ.e. 100-200 einst. í lítra) virðist nákvæmni hlutsýnanna vera þokkaleg, þar sem ekki skakkar meir en 10% milli deilisýna í hverju pari.

# AUSTARA - FRIÐMUNDARVATN

á Auðkúluheiði

Mælt af Vatnamælingum með lóðsnúru í júlí 1974



MYND 6

Hæð y.s. skv. Landm. OS	435,05 m
Flatarmál	2,36 km <sup>2</sup>
Rúmmál	1,97 GI
Meðaldípi	0,8 m
Mesta mælt dýpi	1,15 m
Mesta lengd	2,3 km
Mesta breidd	1,4 km
Vatnsborð var 8,64 m undir FM, þegar mælt var	


RÍÐAVÍKURBUNGA  
(Vatnabunaga)

# PRIŠTIKLA OG GALTABÓL


ORKUSTOFNUN  
Vatnsmælingar

## AUDKÚLUHEIDI

Mælt af Vatnsmælingum með þegmismæli í ágúst 1958



MYND 7



Hins vegar virðist blöndun sýnanna fyrir deilingu ekki hafa verið sem skyldi, því að ef niðurstöður úr deilisýnum (nokkur tilfelli) eru bornar saman við talningu úr sömu sýnum óskertum (tafla 1), kemur í ljós að deilisýnin gefa að meðaltali 80% af því sem óskertu sýnin gefa.

#### TAFLA 1

Samanburður á talningum úr sýnum óskertum og deilisýnum úr sömu sýnum.  
(einst.  $1^{-1}$ ).

	Óskert	Deilisýni	Deilis./óskert
Keratella cochlearis	206	148	0,72
Synchaeta cf lakowitziana	127	99	0,78
Polyarthra dolichoptera	123	116	0,94
Önnur þyrildýr	10	8	0,8
Σþyrildýr	467	371	0,79
Samanlagt 07 24 og 08 18 (6 athuganir).			
Synchaeta cf stylata	59	41	0,69
Asplanchna priodonata	174	137	0,84
Samtals	699	559	0,80

Þó deilisýnin gefi ekki fyllilega rétta mynd af fjölda þyrildýra er samsvörum deilisýnaparanna viðunandi (<10% frávik frá meðaltali þeirra). Það má því nota talningar úr hlutsýnum til að áætla dreifingu svifsins milli stöðvanna þriggja. Einnig leyfa þau samanburð milli sýnatökutilfella.

### 6.3.2. Prístikla

Sýni voru tekin á 6 stöðum (1-6, mynd 7). Stöðvum 1-5 var dreift jafnt um V-hlutann, þó þannig að tekið yrði á stöðvum með mismunandi dýpi. Stöð 6 var í spenanum austur úr aðalvatnинu sem er vel aðgreindur af þróngu sundi með hafti. Dýpi 2-2,5 m. Sýni voru tekin með það í huga að athuga: 1) Dreifingu dýrasvifs, annars vegar a) frá yfirborði til botns og hins vegar b) um vatnið og 2) Lifsferla og fjölda. Í töflu 2 er skrá yfir öll sýni sem tekin voru.

TAFLA 2 Skrá yfir svifsýni tekin í Prístiklu (samples taken in L. Prístikla).

	Dagar sem sýnir voru tekin	Dýpi sem sýni voru tekin á	Stærð sýna
St. 1	24.06. 08.07. 26.07. 16.08. 02.09. 28.09.	0-1 m      7-8 m      15-16 m	3x16 l
St. 2	"      "      "      "	0-1 m      1,5-2,5 m      3-4 m      4,5-5,5 m	16
St. 3	"      "      "      "	0-1 m      2,5-3,5 m      5-6 m      7,5-8,5 m	16
St. 4	"      "      "      "	0-1 m      2,5-3,5 m      5-6 m      7,5-8,5 m	16
St. 5	"      "      "      "	0,4 m	16
St. 6	"      "      "      "	0-2,5 m	20

Dreifing frá yfirborði til botns var könnuð á st. 1 sem er þeirra dýpst. Framleiðniáætlanir eru við það miðaðar, að yfir veturinn sé nánast engin framleiðni og að hún hafi byrjað að einhverju marki fyrst um miðjan maí og að hún hafi fjarðað út strax í október.

Öll sýni voru talin óskert, þ.e. úr minnst 16 l á hverri stöð.

## 7. N I Ð U R S T ÖÐ U R O G U M F J Ö L L U N D E I R R A

### 7.1 PLÖNTUSVIF


#### 7.1.1 A-Friðmundarvatn

Framleiðni er langmest í júlí, 9. júlí að mestu tengd grænpörungum, *Scenedesmus* sp og ýmsum öðrum (mynd 9), m.a. þörungi af fylkingunni *Tetrasporalis* líklega *Chlorosarcina* (Skuja 1957, bls. 163 og "Tafel 25, fig. 1-6"). Sá síðastnefndi er svo ríkjandi 25 júlí þegar plöntusvifið er í hámarki en hefur þá þegar lifað sitt fegursta (sbr. framleiðni linuritið). Samkvæmt Skuja (1957) er umrædd *Chlorosarcina* fyrst og fremst ásetubörungur (epiphytic) en fjölgunar- og yngstu vaxtastigin þroskast í svifi. *Chlorosarcina* myndar sambýli svipuð teningum, þar sem hver eining er gerð úr 4 frumum (sbr. Tetra í *Tetrasporalis*). Oft má sjá hluta úr slikum sambýlum í svifinu, oftast eru 4 eða 2-3x4 frumur í þessum hlutum.

Í samanburði við grænpörunga hafa aðrir þörungar litla þýðingu en þeir eru ýmsir kísilþörungar (Diatomeae) og gullþörungar (Chrysophyceae). Í grófum dráttum má segja að þörungarnir dreifist yfir íslausa tímbilið á eftirfarandi hátt og er ríkjandi tegunda meðal hinna fáséðari getið:

- 25. maí *Fragillaria construens* (Ehrbg) Grun      kísilþörungar  
*Melosira distans* var. *alpigena* (Grun)
- 17. jún. Smáir gullþörungar
- 9. júl. *M. distans* var. *alpigena*
- 25. júl.        "        "        "
- 18. ág. Smáir gullþörungar
- 1. sep. *F. construens*    *M. distans*
- 27. sep. Smáir og meðalstórir gullþörungar


MYND 9



Smáu gullþörungarnir eru minni en ~ 4  $\mu\text{m}$  en meðalstórir 4-7  $\mu\text{m}$  í þvermál. Þessir þörungar voru almennt ekki greindir til tegunda.

Af öðrum tegundum má nefna *Rhodomonas minuta* Skuja og *Peridinium* sp (Dinophyceae), en þeir voru allir sjaldséðir.

Frumframleiðni er lág í júní (17-20) júní). 17. júní var léttskýjað og bjart en 19. júní var skýjað og dimmt miðað við árstíma. Lægri framleiðni 19. en 17. júní má rekja til minna ljóss þann 19. (mynd 10). Í grunnum vötnum þyrlast þörungar af botni eða plöntuásætur oft upp í svifið. Sem fyrr segir eru grænþörungarnir mjög sennilega fyrst of fremst ásetubþörungar og því gætu þessi háu gildi í júlí að miklu leyti átt rót sína að rekja til þörunga sem ekki er eiginlegt plöntusvif. Gegnsæið var mjög lágt bæði 9. og 25. júlí og nægilega lágt til að draga verulega úr framleiðni á 1 m dýpi. Þann 1. sept. var skýjað og suðvestan kaldi og vafalaust hefur mikið af botnþörungum gruggast upp í vatnið. Búast má við að slikir þörungar séu aðlagaðir litlu ljósi og þess vegna hafi framleiðni verið mest næst botni (mynd 10).



Ársframleiðni í svifi er áætluð samsvara nokkurn veginn framleiðni frá maí-september og er þá miðað við að framleiðni byrji þegar ísa leysir um miðjan maí og fjari út viku af október. Þannig áætluð reynist frumframleiðnin í svifinu vera  $43 \text{ g } \text{ m}^{-2}$  á umræddu tímabili. Ekki er nokkrum vafa undirorpið að framleiðni í svifi er aðeins lítill hluti heildarfrumframleiðni vatnsins.

Auk plöntusvifsins eru eftirtaldir frumframleiðendur. Mari (*Myriophyllum alterniflorum*), ásatubörungar (epiphytic), botnlægir börungar (epibenthic) og vatnsaugu (*Nostoc*). Í eftirfarandi kafla er reynt að nálgast líklega tölu um heildarfrumframleiðni í A-Friðmundarvatni.

#### 7.1.2. Óbein aðferð til að áætla framleiðslu *Myriophyllum*.

Til að mæla framleiðni plantna eins og mara (*Myriophyllum*) eru ýmsar aðferðir. Með aðstoð 14C samsætunnar má t.d. mæla afköst hverrar þyngdar-einingar plöntunnar og margfalda þau með vikt alls mararstóðsins. Þessar mælingar þarf að endurtaka oft til að mark sé á þeim takandi. Ennfremur verður að taka tillit til að framleiðni er misjöfn eftir því hvaða plöntuhlutar eiga í hlut. Bæði dregur vatnið og agnir í því, úr ljósínu og efstu hlutar plöntunnar skyggja á þá neðri. Augljóst er einnig að ekki verður hjá því komist að áætla útbreiðslu og heildarmagn plöntunnar, ef áætla á heildarframleiðni marastóðsins.

Þetta er því augljóslega mikið og dýrt verk þegar um stórt vatn er að ræða, (A-Friðmundarvatn er 240 ha). Önnur aðferð mikið notuð er að áætla heildarmagn plantnanna þegar þær hafa náð hámarki vaxtar.

Fyrir margar plöntur er það þá talin góð nálgun, að hæsti lífmassinn samsvari samanlagðri (cumulative) nettoframleiðslu (Westlake 1965).

Þetta má láta gilda um plöntur sem falla að lokum vaxtartíma. Brúttóframleiðnin, þ.e. hversu mikið af kolefni hefur verið bundið í plöntunni er hins vegar mun meira. Sumt hefur glatast við öndun og annað horfið með úr sér gengnum eða dauðum jurtahlutum. Hvað *Myriophyllum alterniflorum* viðvikur, stendur plantan sennilega að nokku yfir veturinn og e.t.v. má búast við einhverri framleiðni síðari hluta vetrar (Boyle & Sheldon (1976)).

Vegna úrvinnslu botndýrasýna voru allar maraleifar skildar frá, burrk-  
aðar og vegnar. Tvisvar um sumarið voru tekin um 30 sýni af botni,  
bæði í og utan marabeltanna. Staðalfrávik (SD) er um 40% af meðaltali  
þegar öll sýnin eru tekin saman en mun minna á hverri einstakri stöð  
og botngerð (mynd 11 a). Mismunur maraleifa 20/21 júní til 24/25 júlí  
var  $50 \text{ g } \text{m}^{-2}$  sem er áætlað að jafngildi rotnun á þessu tímabili  
(34 dögum) eða  $1,47 \text{ gd}^{-1}$ . Það sem er að rotna á botninum eru leifar  
af framleiðslu marans frá fyrra ári að viðbættum einhverjum hluta  
sem er samsafn frá mörgum árum (sá hluti plöntunnar sem rotnar hægast).


Hraði rotnunar er háður magni (eða öllu heldur yfirborði) þess sem er  
að rotna og hitastigi. Magn maraleifanna er mest í byrjun rotnunar  
(þ.e. á haustin) en ekki þar með sagt að yfirborðið sé mest þá, vegna  
þess að yfirborðið eykst hlutfallslega eftir því sem heillegum plöntu-  
leifum er sundrað. Í útreikningum þeim sem hér fara á eftir er gert  
ráð fyrir að yfirborð maraleifanna sé nokkurn veginn jafnt yfir tíma-  
bilið, þ.e. minnkandi magn maraleifanna vegi upp á móti hlutfallslega  
vaxandi yfirborði. Almenn þumalregla um tengsl lífrænna efnahvarfa  
og hitastigs segir að við  $10^{\circ}\text{C}$  hitastigshækken tvöfaldist hraði lif-  
rænna athafna. Fram og bakreikningur rotnunar frá hinu fundna gildi  
fyrir tímabilið 20/21 júní til 24/25 júlí, háð hitastigi, er grund-  
vallað á slíkum tengslum í samræmi við Krogh-línuritið (í Edmondson &  
Winberg eds. 1971, bls 168).

Hitastig í A-Friðmundarvatni var ekki mælt nærri nógu þétt til að hægt  
væri að reikna meðalhita, því í grunnum vötnum fylgir hitastigið mjög  
náið lofthitanum. Áætlaður meðalhiti (mynd 11b,c) er því ágiskun,  
byggð sumpart á mælingum í Mývatni sama ár (mælt með síritandi mæli,  
J. Ólafsson 1978) Sumarið 1975 var meðalhitastig í S-flóa Mývatns  
u.p.b.  $9^{\circ}\text{C}$  í júní, 13 og  $12,5^{\circ}\text{C}$  í júlí og ágúst og tæpar  $6^{\circ}\text{C}$  í sept.  
Nú liggar Mývatn u.p.b. 200 m lægra en A-Friðmundarvatn og sumarið  
var mun heitara á Norðurlandi eystra en N-vestra. (Veðráttan des. 1975).  
Þess vegna má reikna með mun lægra hitastigi í A-Friðmundarvatni en í  
Mývatni. Miðað við að hitastig sé  $10^{\circ}\text{C}$  20/21 júní - 24/25 júlí og  
rotnunin sé þá að meðaltali  $1,47 \text{ gd}^{-1}$ , gefur aðlögun að áætluðu hitastigi  
(samkv. áðurnefndu Krogh línuriti), að samtals  $270 \text{ g } \text{m}^{-2}$  hafi rotnað frá  
haustinu 1974 til hausts 1975 (mynd 11b,c) Þá eru ennþá um  $120 \text{ g } \text{m}^{-2}$   
eftir órotnuð.

MYND II.

	20-21. 06	9. 07	24-25. 07	18. 08	1. 09
Sv 1.	m. mara	$412 \pm 132$	$394 \pm 61$	$290 \pm 117$	$487 \pm 218$
	án mara	$217 \pm 97$		$198 \pm 92$	$129 \pm 18$
Sv 2.	m. mara	$606$		$516 \pm 77$	
	án mara	$659 \pm 190$		$419 \pm 89$	
Sv 3.	m. mara	$709 \pm 117$		$407 \pm 182$	
	án mara	$506 \pm 99$		$511 \pm 116$	
$\bar{x}_6 (20,4 \text{ cm}^2)$		$490 \pm 212$		$386 \pm 158$	
n=27				n=29	

Maraleifar á 20,4 cm<sup>2</sup> (*decaying Myriophyllum per 20,4 cm<sup>2</sup>*)



Áætluð rotun maraleifa frá tímabili hæsta lífsmassa (um miðjan líb+llc: ágúst 1974 til hausts 1975) (*estimated reduction of decaying Myriophyllum over one year period*)

tímabil	dagar	áætlaður mæðalhiti	rotnun( $f(t)$ ) $g\text{-}^{-1}$	rotnun $gm^{-2}$
15 ág. - 15 okt.	60	5	0,76	46
16 okt - 25 maí	220	0,5	0,4	88
26 maí - 20 jún.	25	5	0,76	19
21 jún. - 24 júl.	34	10	1,47	50
25 júl. - 15 ág.	20	10	1,47	29
16 ág. - 20 sept.	35	5	0,76	27
21 sep. - 15 okt.	25	0,5	0,4	10

Eðlilegt má telja að í vatninu myndist eitthvert jafnvægi milli þess sem árlega verður eftir af hægfara rotnandi jurtaleifum (sinu) að haustinu og þess sem rotnar af samsafni sinuleifa undangenginna ára. Þannig má reikna með að  $270 \text{ g m}^{-2}$  jafngildi nokkurn veginn því sem féll til eftir að marinn hafði náð hámarki haustið áður og byrjaði að rotna. Þetta er áætlað vera netto framleiðsla marans og gert er ráð fyrir að það sem bætist við "sinu hauginn" á vaxtarskeiði plöntunnar hafi ekki umtalsverð áhrif á útreikningana, þar sem megnið af slikri rýrnun á sér stað á ofanverðu vaxtarskeiðinu (Westlake 1965). Vaxtarskeið marans er áætlað að nái frá enduðum maí fram í 2. viku ágústmánaðar (mynd 11 b) en þá blómgaðist hann bæði 1974 og 1975.

Vafalaust má finna þessum útreikningum margt til foráttu. Mælingar ná t.d. aðeins yfir um 20% af áætlaðri heildarrotnun. En hér er verið að reyna að nálgast liklega nettoframleiðni með mjög einfaldri aðferð sem vert væri að kanna nánar miðað við hve tímafrekar og dýrar nákvæmar uppskeru og þekjumælingar eru. Augljóslega þyrfti að gera fleiri og tíðari mælingar, t.d. fljótlega eftir að plantan fellur og áður en vatnið leggur og síðan aftur fljótlega eftir að ísa leysir. Hitastig þyrfti að mæla með síritandi hitamæli við botninn, til að kanna samband rotnunar og hita. Slikar nákvæmar mælingar væru þó sennilega aðeins nauðsynlegar meðan verið væri að sannprófa gildi aðferðarinnar.

Í A-Friðmundarvatni voru sýni tekin í marabeltunum og í jaðri þeirra á maralausum botni. Enginn verulegur munur er á maraleifunum í marabeltunum og hið næsta þeim en engar mælingar eru til fjarri marabeltunum. Miðað við reynslu af tilflutningi sets virðist ekki ástæða til að ætla annað en að megnið af maraleifunum setjist til í beltunum og hið næsta þeim (sjá t.d. Mueller 1964). Útreiknuð nettoframleiðsla marans  $270 \text{ g m}^{-2}$  er því álitin gilda fyrir marabeltin sem þekja 33% af botninum. Þetta jafngildir  $220 \text{ g öskulausri þurrvikt}$  (miðað við 20% ösku, Westlake 1965, Forsberg 1960) en það er sú eining sem yfirleitt er notuð um framleiðslu háplantna. Til samanburðar tilfæri ég mælingar úr tveim vötnum í tempraða beltinu; bæði talin næringarauðug. Í Ösbyvatni (Mið-Svíþjóð, Forsberg 1960) reyndist nettoframleiðni áætluð út frá hæsta lífmassa vera  $196 \text{ g m}^{-2}$  (*M. verticillatum*) og í Wingra vatni (Madison, Wisconsin, Adams & McCracken 1974) gaf sambærileg mæling  $220 \text{ g m}^{-2}$  (*M. spicatum*, sama tegund og í Mývatni, Víkingavatni og viðar hérlendis).

í báðum þessum vötnum er vaxtartími a.m.k. mánuði lengri en í A-Friðmundarvatni og hitastig mun hærra, svo að búast má við að verulega hafi tapast af nettóframleiðni með föllnum plöntuhlutum á vaxtartíma. Í Wingra vatni mátti greina milli tveggja vaxtatoppa (júní og ágúst). Á tímabilinu milli vaxtatoppanna rýrnaði plantan þrátt fyrir verulega framleiðni, mæld með  $^{14}\text{C}$ -samsætunni enda reyndist brúttóframleiðni mæld með þeirri aðferð 2,6 sinnum áætluð nettoframleiðni sem er mjög hátt miðað við hliðstæðar mælingar (Adams & McCracken 1974). Áætluð nettoframleiðni í þessum tveim tempruðu vötnum er því augljóslega of lágt áætluð miðað við forsendur í A-Friðmundarvatni.

Þar sem ekki liggja fyrir mælingar á uppskeru háplantna í vötnum hér-lendis nema einstakar dreifðar mælingar í Mývatni, verður ekki fjölyrt um hve líkleg þessi áætlun er.  $220 \text{ g } \text{þv m}^{-2}$  samsvarar um 2 tonnum  $\text{þv ha}^{-1}$ . Til að bera saman þessa áætlun og mælingar á þurrandi og votlendi verður að taka tillit til þess að þær mælingar taka ekki yfir framleiðslu rótakerfis og lágplantna. Miðað við mælingar við hliðstæðar aöstæður og hér ríkja (Wielgolaski 1975) er ofanjarðarframleiðsla háplantna um 35% af heildarframleiðslu á þurrandi og aðeins um 22% í votlendi. Ef tekið er tillit til þessa er framleiðni á þurrandi á láglandi ( $S.\text{Friðriksson}$  1973)  $2,8 - 5,7 \text{ tonn ha}^{-1}$  og á ræktuðu landi um  $10 \text{ tonn ha}^{-1}$  eða mun hærra en nettoframleiðsla marans.


Heildarframleiðni: Framleiðni þörungasvifs er áætlað  $43 \text{ g } \text{þv m}^{-2}$ . Þetta er nálægt því að vera brúttóframleiðni. Gera má ráð fyrir að nettóframleiðni sé um 80% af frumframleiðni mældri með  $^{14}\text{C}$  samsætunni (Wetzel 1975) eða um  $34 \text{ g } \text{þv m}^{-2}$ . Nettoframleiðni háplantna (*Myriophyllum alterniflorum*) er áætluð um  $220 \text{ g } \text{þv m}^{-2}$  í marabelti eða að jafnaði um  $70 \text{ g } \text{þv m}^{-2}$ , allt vatnið. Vatnsaugu eru áætluð framleiða um  $10 \text{ g } \text{þv m}^{-2}$ . Engar mælingar hafa verið gerðar á ásetubörungum en í grunnum vötnum er framleiðsla þeirra oft um helmingur heildarframleiðslu eða meira (Wetzel 1975).

Samanlagt má því reikna með að heildarfrumframleiðni í A-Friðmundarvatni sé á bilinu  $2-300 \text{ g } \text{þv m}^{-2}$  eða  $2-3 \text{ tonn } \text{m}^{-2}$ , sem slagar upp í framleiðni á þurrandi á láglandi.

### 7.1.3. Þristikla


Magn og samsetning. Smáir gullþörungar (Chrysophyceae) voru ríkjandi allt tímabilið og voru 70-80% lífmassans (mynd 12). Af öðrum flokkum þörunga má nefna kísilþörunga (Diatomeae), en 1974 (1. ágúst) reyndust þeir vera ríkjandi og var *Melosira islandica* O. Müll þá mikilvægust (H. Aðalsteinsson 1975). Árið 1975 voru þeir aldrei meir en 10-20% lífmassans. Í júlí það ár var *Synedra actinasteroides* Lemmermann algengasti kísilþörungurinn og *M. islandica* í ágúst. Aðrir þörungar hafa litla þýðingu hlutfallslega séð. Það væru þá helst grænþörungar (Chlorophyta) í júní-júlí. Alltaf er slæðingur af Cryptophyceae en þeir ásamt gullþörungum eru mikilvægasta fæðan fyrir dýrasvifið og gæti fækkun þeirra eða a.m.k. stöðvun fjölgunar þeirra í ágúst verið vegna beitar dýrasvifsins en þá er lífmassi þess mestur. Skorupþörungar (Dinophyceae) finnast allt sumarið en hafa enga þýðingu að heita má fyrr en í september en þá er um að ræða tegundir af *Peridinium* og *Gymnodinium*. Um sumarið fannst einnig tegundin *Ceratium hirundinella* (O.F. Müller) Bergh (mynd 18) en hún er teiknuð með þyrildýrunum, vegna þess að henni fylgir venjulega sérstök ætt þyrildýra sem eru sérhæfð til að sjúga næringu úr *Ceratium*. Fjöldi hennar er þó ekki meiri en svo, að það er tilviljun ein sem ræður hvort hann kemur með við talningu plöntusvifsins. Hins vegar er *Ceratium* það stór, að reikna má með að hann verði að mestu eftir í 40 µm neti, a.m.k. fáist fullnægjandi upplýsingar um lífshlaup hans.

*C. hirundinella* er í blóma um miðjan ágúst, bæði á st. 1 og st. 6.



MYND 13

MYND 12




ORKUSTOFNUN  
Raforkudeild

PRÍSTAKLA 1975

Framleiðni og lífmassi plöntusvifs st. 1  
Primer production and biomass of phytopl. st. 1

'77-01-11.	HA/00
T. 142	T. 31
B- 86	B- 338
F. 15144	

Frumframleiðni Framleiðnisniðin úr Þrístiklu eru sýnd á mynd 13. Framleiðnin eykst stöðugt frá vori til hausts og mesta framleiðnin fæst eftir að vatnið er byrjað að kólna aftur um haustið. Framleiðni á lífmassaeiningu er líklega hæst, þegar heitast er í vatninu (mynd 13) og um það leyti sem lífmassi dýrasvifsins er hæstur. Beit dýrasvifsins veldur því að lífmassa plöntusvifsins er haldið niðri en þar á móti kemur að beitin hraðar umsetningu áburðarefnna (N,P og fl.) í vatninu og eykur framleiðni. Útlit framleiðnigrafa, þ.e. framleiðni á mismunandi dýpi, fer annars vegar eftir dreifingu svifsins og hins vegar eftir ljósmagninu. Plöntusvifið var aðeins talið í efsta metranum (0-1 m dýpi) en gert var ráð fyrir að það væri tiltölulega jafnt dreift frá yfirborði til botns vegna blöndunar vatnsins sem kemur í veg fyrir hitalag-skiptingu (mynd 14). Himinn var alltaf skýjaður nema 16. ágúst en þá var léttskýjað og 8. júlí var mjög bjart þótt aldrei sæ til sólar. Hin mikla birta 16. ágúst dregur úr framleiðninni í efstu metrunum og e.t.v. má túlka grafið 8. júlí (fyrir bólun a.m.k.) út frá sömu forsendum. Mælingin í yfirborðinu (20 cm) er alltaf lægst nema 24.06., en þá var skýjað og rigning.



ORKUSTOFNUN PRÍSTIKLA

Hitastig á st. I sumarið 1975  
(Temperature on st. I summer 1975)


77.06.30.HA/GSJ

T. 145 T. 33

B-86 B-338

F. 15856

Gegnsæi vatnsins mælt með rýnisskifu reyndist vera frá 9,5 m (8. júlí) til 12,3 m (16. ágúst) (mynd 15). Við mælingar á gegnsæi með selen photocellu, er bæði mælt ósiað ljós (E) og ljós af mismunandi bylgjulengdum (siað; VG 9 (grænt), BG 12 (blátt) og RG 2 (rauttt)). Þær leiddu í ljós að 3-7% af ljósi af styttri bylgjulengdum náði niður á botn, þar sem vatnið er dýpst. Þannig hefði 1% af VG 9 verið eftir á 31 m dýpi (ef vatnið væri svo djúpt), eða 2,9 sinnum dýpra en rýnið sem var 10,7 m. Samsvarandi fyrir ósiað ljós var 2,5 sinnum rýnið og 1% yfirborðsljóssins á 26,5 m dýpi. Sem þumalregla eru dýptarmörk 1% af yfirborðsljósi sögð samsvara því dýpi sem frumframleiðni nær niður á. Ef miðað er við rýnið sem mældist í Prístiklu og gert ráð fyrir að kvótarnir 2,9 fyrir VG 9 (grænt) og 2,5 fyrir E (ósiað) lýsi tengslum rýnis og gegnsæis (transparency,  $T_{1\%}$ ) eins og þau eru í Prístiklu, samsvarar rýnið 9,5 m því að VG 9<sub>1\%</sub> nái niður á 27,5 m og E<sub>1\%</sub> niður á 24 m og Rýnið 12,3 að VG 9<sub>1\%</sub> niður á 36 og E<sub>1\%</sub> niður á 31 m. Mælingarnar sýna að alltaf er nægilegt ljós alveg niður á mesta dýpi (17,5 m), enda blómstra kransþörungar (*Nitella*) a.m.k. niður á 16 m dýpi. Gegnsæismælingarnar sýndu enn fremur að á 10,7 m dýpi (rýnið) var 15-16% af E-ljósinu eftir (mynd 15) en það eru samsvarandi tölur (u.p.b. 15%) og Vollenweider (1969) segir að gildi þegar dempun ljóssins er nær eingöngu vegna plöntusvifs.



í Þórisvatni (jökulvatn) reyndist rýnið hinsvegar samsvara dýpinu þar sem 30-40% af yfirborðsljósínu var eftir (H. Aðalsteinsson 1976).

Það er erfiðleikum bundið að áætla heildarframleiðni vatnsins, þar sem framleiðni var þegar orðin veruleg þegar mælingar hófust en einkum fyrir þá sök, að ekki tókst að mæla rétt áður en vatnið lagði. Heildarframleiðni er fengin miðað við eftirfarandi:

1. Að framleiðni hafi ekki byrjað að ráði fyrr en um miðjan mai, en þá fæst framleiðni (15. maí - 2. september)  $8 \text{ mg C m}^{-2}$ .
2. Að framleiðnin hafi minnkað jafnt og þétt frá 2. september og hafi fjarað út u.p.b. viku af október en þannig fæst u.p.b.  $3 \text{ g C m}^{-2}$  til viðbótar.

Ef þetta er látið gilda, verður framleiðnin frá vori til hausts,  $11 \text{ g C m}^{-2} \text{ ár}^{-1}$  eða um  $22 \text{ g þv m}^{-2}$ . Þetta má áætla að jafngildi ársframleiðni Mælingarnar frá 24. júni til 2. september gáfu  $6,5 \text{ g C m}^{-2}$  eða 60% af því sem ég hef leyft mér að áætla sem ársframleiðni. Rodhe (1969) telur vötn sem afkasta  $7-25 \text{ g C m}^{-2} \text{ ár}^{-1}$  (plöntusvif) vera næringarsnauð (oligotrophic) og er ekki vafi á því að Prístikla telst þar í hópi.


## 7.2. FRAMLEIÐNI SKILYRÐI Í GRUNNUM VÖTNUM

Eins og sjá má af mælingum í Þristiklu, geta ljósskilyrði stundum verið þannig, að í efstu metrunum sé ljós það mikið að verulega dragi þar úr framleiðni (t.d. 16. ágúst). Hætt er við að ástand svipað því sem mældist 16. ágúst sé alvanalegt á björtum dögum. Þetta hefur það í för með sér að grynnri hluti Þristiklu, þ.e. botnlanginn austur úr vatninu sem aðeins er 2-2,5 m djúpur, er oft baðaður í of skaru ljósi, til að hámarksframleiðni geti átt sér stað. Framleiðni á flatareiningu verði því miklu minni en í meginvatninu og framleiðni á rúmmálseiningu að öllum líkindum nokkru minni, hins vegar er botngróður meiri þar en í meginvatninu.

Í ennþá grynnri vötnum mundi að öllu óbreyttu draga mjög úr framleiðni vegna of sterks ljóss. Hins vegar þarf litla uppgruggun til að dempa ljósið nægilega til að ljósstyrkurinn verði hæfilegur (optimal) fyrir hámarks framleiðni, þar sem bestu birtuskilyrðin eru í vatnssúlunni næst hámarks framleiðni. Ofan við er ljósið óhóflega mikið og undir of lítið. Hvorttveggja dregur úr framleiðni. Þetta kemur greinilega fram í A-Friðmundarvatni (mynd 10), þann 9. júlí er hæfilegt ljós á 40-60 cm dýpi og 25. júlí á 50-60 cm dýpi. Hins vegar virðist ljósið vera óhóflega mikið alla leið niður á botn þann 1. september. Framleiðnígeta þörunganna er þó eindregið meiri 1. september en í júlí. Þetta sést á samanburði á hámarksframleiðninni og lífþyngdinni þessa daga. 9. júlí ná  $2 \text{ mg l}^{-1}$  plöntusvifs hámarksframleiðninni  $5-600 \text{ mg C m}^{-3}$ , 25. júlí ná  $7-8 \text{ mg l}^{-1}$   $5-600 \text{ mg C m}^{-3}$  og 1. september ná  $2 \text{ mg l}^{-1}$  meira en  $800-900 \text{ mg C m}^{-3}$  hámarksframleiðni. Þrátt fyrir það er framleiðnin á flatarmálseiningu mun minni 1. september en í júlí eða 220 á móti 405 9. júlí og  $370 \text{ mg C m}^{-3}$  25. júlí. Þessi munur stafar m.a. af mismunandi ástandi þörunga. Þannig eru grænþörungarnir að hefja blómaskeið sitt í byrjun júlí en eru í hámarki og hafa lifað sitt fegursta í lok júlí. Í september auka tiltölulega smáir gullþörungar hlut sinn í plöntusvifinu en smáir þörungar hafa að jafnaði meiri framleiðni en stórir þörungar.

í grunnu vatni eins og A-Friðmundarvatni eru skilyrði, svo sem hitastig og uppgruggun mjög mismunandi og fylgja veðurfarinu. Það er því ekki með nokkru móti hægt að segja með neinni vissu að þessar fáu mælingar sem liggja fyrir séu nægilega einkennandi fyrir ástandið á þeim tíma-bilum sem mælingarnar eiga að túlka, til að hægt sé að fullyrða um frumframleiðni svifsins á umræddu tímabili. En ég reikna með að þær gefi þokkalega nálgun. Í Prístiklu er ástandið hins vegar miklu stöðugra og engin ástæða til að ætla að mælingarnar gefi ekki þokkalega mynd af því tímabili sem þær eiga að túlka.

Í grunnum vötnum er mjög algengt að vatnið sé miklu grynnra en dýptarmörk 1% yfirborðsljóss. Ef grunnu vötnin eru næringarrik og plöntusvif-rik dregur plöntusvifið auk þess oft mjög úr gegnsæinu og kemur það niður á plöntusvifi neðan þess dýpis, þar sem hæfilegt ljós er. Hlutfallið milli framleiðni í besta dýpi ( $a_{opt}$ ) og framleiðni á flatareiningu ( $\Sigma a$ ) er til marks um hversu mikið af ljósiniu nýtist til framleiðni. Lægstu gildi fyrir  $\Sigma a/a_{opt}$  eru fengin í grunnum og næringarríkum vötnum (Vollenweider 1960) og þau hæstu í djúpum tiltölulega tærum. Í A-Friðmundarvatni er  $\Sigma a/a_{opt}$  (per dag)  $0,7 \pm 0,2$  (6. mæl.) og í Prístiklu  $10 \pm 0,8$  (5). Í Þórisvatni, sem er nú blandað jökulvatni er þetta hlutfall  $1,7 \pm 0,2$  (5). Í Mývatni er hlutfallið mismunandi eftir því hvar mælt er. Í Ytri flóa (dýpi 1-1,5 m) er hlutfallið 1,2 - 1,4 en í Syðri flóa (dýpi 3,7 m), 3,2 - 3,8. Hin tiltölulega lága nýtni vatnssúlunnar í A-Friðmundarvatni er sennilega vegna þess hve grunnt það er og sama má segja um Ytri flóa Mývatns. Hliðstæð gildi  $\Sigma a/a_{opt}$  eru annars yrirleitt eingöngu fundin í vötnum með miklu meiri plöntu-svifframleiðni (sjá yfirlit í Ahlgren 1970 bls 381).



### 7.3. DÝRASVÍF

#### 7.3.1. A-Friðmundarvatn


Fremur fáar tegundir eru fundnar í svifi og undarlega fáir botnlægir flækningar miðað við hvað vatnið er grunnt. Meðal þyrildýra eru aðeins 5 tegundir sem geta talist algengar og aðeins ein meðal krabbadýra (tafla 3). Í aðalatriðum er tímaröðun (seasonal variation) og samsetning þyrildýrafánunnar svipuð og í Mývatni (H. Aðalsteinsson 1978 a). Vortegundir teljast *P. dolichoptera* (fjaðrapyrla) og *S. cf. lakowitziana* og sumartegundir *K. cochlearis* (broddþyrla). *A. priodonta* (pokaþyrla) og *S. cf. stylata* en *P. dolichoptera* og *S. cf. lakowitziana* eru einnig nokkuð algengar yfir sumarið (mynd 16).

Eina krabbadýrið sem eitthvað kveður að í svifinu er sunddillinn, *Cyclops abyssorum* en sú tegund er einnig nokkuð algeng í og við botn. Langhalafló *Daphnia longispina* og ranafló *Bosmia c. obtusirostris* koma einnig fyrir en eru mjög sjaldséðar. Auk þessarra krabbadýra flækjast botnlægar tegundir í nokkrum mæli í svifið, mest 1. september aðallega mánaflóin (*Alona affinis*) og kúlufló (*Chydorus sphaericus* (1977)). Sem fyrr segir er *Cyclops abyssorum* bæði í svifi og á botni. Hin mismunandi vaxtarstig haga sér nokkuð mismunandi hvað þetta varðar. Náplíurlfur eru nær eingöngu bundnar við svif en cópepóður og fullvaxin meir á botni (mynd 17). *C. abyssorum* hagar sér mjög svipað þessu í Mývatni. Í Mývatni hefur tegundin tvær kynslóðir á ári en líklega bara eina í A-Friðmundarvatni. Í Mývatni vakna elstu cópepóðu stigin úr dvala snemma vors og verða kynþroska á skömmum tíma. Afkomendur næstu kynslóðar ná að vaxa til síðasta cópepóðu-stigsins en leggjast þá í dvala (sept.-okt.). Óljóst er hvernig þessu er háttáð í A-Friðmundarvatni, þar sem athuganir ná ekki yfir veturinn. Í fyrstu sýnum sem tekin voru (25. maí í Gilsvatni), voru eingöngu náplíur. Fyrstu kynþroska einstaklingar samsvarandi kynslóðar í A-Friðmundarvatni komu í júlí en þeir síðustu um haustið. Þessi kynslóð á egg á þessu tímabili. Flest egg voru 24. júlí ( $12 \text{ egg } l^{-1}$ ), en aðeins eitt 16. ágúst og ekkert 1. sept. Þann 27. september er tegundin að hverfa úr svifinu en er ennþá talsvert algeng á botni. Yfir hverjum fermetra botns voru þá um  $100 \text{ einst. m}^{-2}$

A - FRIÐMUNDARVATN 1975  
*Cyclops sp.* Fjöldi í svifi og á botni  
Nos in plankton and benthos

'77-01-17. H.A./ÓD.	
T. 147	T. 36
B - 86	B - 338
F. 15149	

MYND 17



TAFLA 3

Tegundir þyrildýra og krabbadýra fundnar í svifi  
í A-Friðmundarvatni júní-sept. 1975.

P: ekta dýrasvif, (P): dýr, sem lifa á botni eða á  
botngróðri, flækningar í svifi. Author nöfn eru í tegundaliðsta.


	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.
--	-----	------	------	-------	-------

*Rotatoria* (þyrildýr)

<i>Epiphantes macroura</i>	(P)		x		
<i>Epiphantes</i> sp	(P)			x	x
<i>Keratella cochlearis</i>	P	x	x	x	x
<i>K. quadrata</i>	P		x	x	x
<i>K. testudo</i> eða <i>hiemalis</i>	P				
<i>Argonotholca foliacea</i>	P	x	x	x	
<i>Notholca labis</i>	P	x	x	x	
<i>Euchlanis dilatata</i>	(P)			x	x
<i>E. alata</i>	(P)				x
<i>Colurella</i> sp	(P)	x	x	x	
<i>Monommata</i> sp	(P)			x	
<i>Cephalodella catellina</i>	P		x		
<i>Cephalodella</i> sp	(P)	x	x	x	x
<i>Trichocerca rutilus</i>	(P)	x	x	x	x
<i>Ascomorpha ecaudis</i>	P		x		
<i>Asplanchna priodonta</i>	P		x	x	x
<i>Polyarthra dolichoptera</i>	P	x	x	x	x
<i>Synchaeta lakowitziana</i>	P	x	x	x	x
<i>S. cf. stylata</i>	P	x	x	x	x
<i>Ploesoma hudsoni</i>	P		x	x	x
<i>Testudinella</i> sp	(P)		x		x
<i>Collotheca libera</i>	P		x	x	x

*Crustacea* (krabbadýr)

<i>Sida crystallina</i>	(P)		x		
<i>Bosmina obtusirostris</i>	P			x	
<i>Daphnia longispina</i>	P		x	x	x
<i>Macrothrix hirsuticornis</i>	(P)	x		x	x
<i>Eury cercus lamellatus</i>	(P)			x	x
<i>Acroperus harpae</i>	(P)			x	
<i>Alona quadrangularis</i>	(P)			x	
<i>Alona affinis</i>	(P)		x		x
<i>Alonella nana</i>	(P)	x		x	x
<i>A. excisa</i>	(P)	x			x
<i>Chydorus sphaericus</i>	(P)	x	x	x	x
<i>Diaptomus minutus</i>	P	x			x
<i>Eucyclops serrulatus</i>	(P)	x	x	x	x
<i>Paracyclops fimbriatus</i>	(P)		x	x	x
<i>Cyclops abyssorum</i>	P(P)	x	x	x	x
<i>Cyclops viridis</i>	(P)	?		x	



i svifi en  $22000 \text{ m}^{-2}$  á botni. Mest var af fullvöxnum (bæði kyn) en minna af cópepóðum (aðallega af síðasta stiginu).

Miðað við að sáralítið hefur fundist af eggjum og náplíum hjá *Cyclops* á haustin og að fullvaxin dýr eru ríkjandi bæði í svifi og á botni í september, liggur beinast við að ætla að tegundin lifi af veturinn sem fullvaxin dýr, e.t.v. í dvala (diapaus). Það algengasta hjá *Cyclops* spp er að síðari cópepóðustigin leggist í dvala, t.d. cóp V. (síðasta) hjá *C. abyssorum* (Smyly 1973).

### 7.3.2. Prístikla

Um það bil 40 tegundir eru fundnar í svifi í Prístiklu (töflur 4 og 5). Flestar tegundirnar koma aðeins einstaka sinnum fyrir og aðeins 9 þeirra geta talist algengar. Flestar tegundirnar lifa fyrst og fremst á botni eða innan um gróður (P) (Ruttner-Kolisko 1972, De Ridder 1972) og eru sem flækkingar í svifi. Aðeins 7 tegundir krabbadýra hafa fundist í svifi og þar af 2 algengar. Hafa verður í huga við samanburð, á grundvelli taflna 4 og 5 að á st. 1-5 hefur verið farið í gegnum margfalt fleiri (stærri) sýni en á st. 6. Einnig var farið í gegnum stærri sýni í júlí-september en í júní.

### Árstíðasveiflur í dýrasvifinu

Í síðari hluta júní er rannsóknir hófust voru þyrildýr margfalt algengari á st. 6 en á st. 1. (mynd 18) og kann sá munur að vera vegna þess að ís hafi leyst fyrr af spenanum austur úr aðalvatninu, vegna þess hve grunnur hann er. Aðalmunurinn á st. 6 og st. 1 er sá að hlutdeild þyrildýra er verulega meiri á st. 6 en á st. 1 en hins vegar eru bæði smádill (*Diaptomus minutus*) og ranaflöin *Bosmina c. obtusicostris* algengari á st. 1 en á st. 6. Sennilegasta skýringin á þessu er minni framleiðni í austurhlutanum sem er miklu grynnri en vesturhlutinn. Mælingar hafa að visu ekki verið gerðar þessu til stuðnings en það má teljast eðlilegt með tilliti til þess að í efstu metrum svona tærra vatna er ljós of mikið til að leyfa hámarksframleiðni.

TAFLA 4

Tegundir dýrasvifs fundnar í Prístiklu (st. 1-5)  
í júní-sept. 1975.

		Mai	Júní	Júlí	Águst	Sept.
<i>Epiphantes sp</i>	(P)			x		
<i>Proalis sp?</i>	(P)			x	x	x
<i>Keratella cochlearis</i>	P	x	x	x	x	x
<i>Argontholca foliacea</i>	P			x		
<i>Notholca labis</i>	P			x	x	x
<i>Euchlanis alata</i>	(P)					x
<i>Euchlanis dilatata</i>	(P)			x		
<i>Euchlanis meneta</i>	(P)			x		
<i>Diploechlanis sp</i>	(P)			x		
<i>Colurella sp</i>	(P)			x	x	
<i>Lecane cf flexilis</i>	(P)			x	x	
<i>Lecane spp</i>	(P)			x	x	x
<i>Monommata sp</i>	(P)				x	
<i>Cephalodella spp</i>	(P)				x	x
<i>Trichocerca porcellus</i>	(P)			x		
<i>T. iernis</i>	(P)			x		
<i>T. longiseta</i>	(P)			x		
<i>Trichocerca sp</i>				x		
<i>Gastropus stylifer</i>	P	x	x	x	x	x
<i>Ascomorpha ecaudis</i>	P	x	x	x	x	x
<i>Ascomorpha saltans</i>	P				x	
<i>Asplanchna priodonta</i>	P	x	x			
<i>Polyarthra dolichoptera</i>	P	x	x	x	x	x
<i>P. remata</i>	P	x	x	x	x	x
<i>Synchaeta lakowitziana</i>	P	x	x			x
<i>S. cf. stylata</i>	P	x	x		x	x
<i>Ploesoma hudsoni</i>	P	x	x	x	x	x
<i>Testudinella patina</i>	(P)		x			
<i>Testudinella cf. parva</i>					x	
<i>Testudinella sp</i>	(P)		x			
<i>Conochilus hippocrepis</i>	P					x
<i>Conochilus unicornis</i>	P	x	x	x	x	x
<i>Collotheca libera</i>	P	x	x	x	x	x
<i>Bosmina coregoni-obtusirostris</i>	P	x	x	x	x	
<i>Alonella nana</i>			x	x	x	
<i>Chydorus sphaericus</i>	(P)		x			
<i>Ostracoda</i>				x		
<i>Cyclops abyssorum</i>	(P)	x		x	x	
<i>Diaptomus minutus</i>	P	x	x	x	x	

TAFLA 5

Tegundir fundnar í Þristiklu st. 6 í júní-sept. 1975.

Júní    Júlí    Ágúst    Sept.

*Proalis*

<i>Trichotria tetractis</i>	(P)	x		x	
<i>Keratella cochlearis</i>	(P)	x	x x	x x	x
<i>K. hiemalis</i>	P	x			
<i>Argonotholca foliacea</i>	P	x	x x	x	
<i>Notholca labis</i>	P			x	x
<i>Euchlanis</i>		x			x
<i>Euchlanis triquetra</i>	(P)		x x		
<i>Euchlanis meneta</i>	(P)		x x		
<i>Lepadella sp</i>			x		
<i>Colurella sp</i>	(P)	x	x x		
<i>Lecane sp</i>	(P)		x x	x	x
<i>Notholca sp</i>					x
<i>Monommata sp</i>	(P)	x	x		x
<i>Cephalodella sp<sub>1</sub></i>	(P)	x	x		
<i>Cephalodella sp<sub>2</sub></i>			x	x	x
<i>Trichocerca cf rosea</i>	(P)		x		
<i>Trichocerca fusiformis</i>	(P)	x			
<i>Trichocerca sp</i>					x
<i>Gastropus stylifer</i>		x	x x	x	x
<i>Ascomorpha ecaudis</i>	P	x	x	x	x
<i>Ascomorpha saltans</i>	P				
<i>Asplanchna priodonta</i>	P				
<i>Polyarthra dolichopter</i>	P	x	x x	x	x
<i>P. remata</i>	P	x	x x	x	x
<i>Syncheata cf lakowitziana</i>	P	x	x x	x	x
<i>S. cf stylata</i>	P	x	x x	x	x
<i>Ploesoma hudsoni</i>	P	x	x x	x	
<i>Testudinella parva f. bidentata</i> (P)		x			
<i>Testudinella parva</i>			x	x	
<i>Conochilus unicornis</i>	P	x	x x	x	x
<i>Collotheca libera</i>	P		x x	x	x
<i>Bosmina c. obtusirostris</i>	P			x	x
<i>Chydorus sphaericus</i>	(P)	x			

Auk þessa má búast við að plöntusvifið sé í harðri samkeppni við marann á botninum á st. 6 um næringarsölt. Sem vortegundir á báðum stöðvum má reikna *S. cf lakowitziana*, *P. dolichoptera* og *P. remata*.

A st. 1 ná þyrildýrin sér lítið á strik fyrr en seint í ágúst og september. Öll algengustu þyrildýrin önnur en ofan skráð eru summar-tegundir og bæði *S.cf lakawitziana* og *P. remata* aukast aftur um sumarið eftir lágmark i júlí-ágúst (mynd 18). Aðalástæða þess að þyrildýrin ná sér ekki á strik yfir sumarið á st. 1 er hörð samkeppni frá krabbadýrum, smádílnum *D. minutus* og ranaflónni *B. obtusirostris*.

*Diaptomus* siar fæðu sína úr vatninu. Það fer eftir stærð dýrsins hversu smáar agnir festast í síunarútlínum þess. Almennt eru Calanoida árfætlur taldar fylla flokk þeirra innan dýrasvifsins sem sía stærstu agnirnar úr vatninu (Gliwiez 1969) en samkvæmt Bogdan og McNaught (1975) virðist óhætt að setja *D. minutus* í flokk þeirra sem sía smáagnir (minni en 20 µm) enda er *D. minutus* meðal minnstu calanoida árfætlanna. Smáir gullþörungar eru ríkjandi á st. 1 allt sumarið. Peir eru ákjósanleg fæða jafnt fyrir þyrildýr, vatnsflær og svifdila.

#### 7.3.3. Samanburður á svifdýrafánu A-Friðmundarvatns og Þrístiklu

Eftirtektarverðasti munur á vötnunum er sá að *Diaptomus minutus*, sem er aðal framleiðandinn í Þrístiklu er afar sjaldgæfur í A-Friðmundarvatni. *Bosmina c. obtusirostris* er einnig nokkuð algeng í Þrístiklu en fátíð i A-Friðmundarvatni. *Daphnia longispina* er fremur sjaldgæf í A-Friðmundarvatni en hefur aldrei fundist í Þrístiklu. *Cyclops abyssorum* er eina krabbadýrið sem eitthvað kveður að í svifi A-Friðmundarvatns en hann er afar sjaldgæfur í Þrístiklu (Tafla 6 b). Annars er helsti munur á svifi þessarra tveggja granna, að þyrildýr eru ríkjandi fána í A-Friðmundarvatni en krabbadýr í Þrístiklu. Þau þyrildýr sem eru mikilvægust í A-Friðmundarvatni eru *Keratella cochlearis*, *Polyarthra dolichoptera*, *Synchaeta* spp og *Asplanchna priodonta*. Í Þrístiklu eru eftirfarandi algengust: *Polyarthra remata*, *Synchaeta* spp *Conochilus unicornis*, *Keratella cochlearis* *Ascomorpha ecaudis* og *Ploesoma hudsoni*. Sameiginlegar meðal þessarra algengustu tegunda eru *K. cochlearis* og *Synchaeta* spp.. Sem fyrr segir sækja flest þyrildýranna í sams konar fæðu og smádílarnir í Þrístiklu.

*Ploesoma hudsoni* er hins vegar rándýr og lifir þá fyrst og fremst á þyrildýrum (Myers 1941) eða stærri þörungum t.d. *Ceratium* (Beauchamp 1909). Lifsferill *Ploesoma* í Þristiklu bendir þó ekki til að *Ceratium* sé mikilvæg fæða þar. Fleira stjórnar lífsferlinum en bara fæða. Carlin (1943) fann að *P. hudsoni* var sumartegund í M-Svíþjóð (Motalaström) og má því áætla að í Þristiklu sé í það kaldasta fyrir hana, þannig að hún nái sér aldrei verulega á strik. Það ber að hafa í huga að *Ploesoma* er stærsta þyrildýrið í svifinu og þess vegna er hlutdeild hennar miklu meiri en fjöldatölur gefa til kynna en hún er þó aðeins um 7% af meðal lifþyngd þyrildýranna. *Ascomorpha ecaudis* lifir sennilega aðallega á *Ceratium hirundinella*, sem hún sýgur innvolssið úr. Ranaflóin *Bosmina C. obtusirostrus* hefur hámark um miðjan ágúst eða um svipað leyti og stofn *D. minutus* byrjar að fjara út. Ranaflóin er miklu minni en eldri copepóður og fullvaxnir smáðilar, sem eru ríkjandi um það bil sem ranaflóin er að byggja upp sinn stofn eða í fyrri hluta ágústmánaðar. Samkvæmt mælingum Gliwicz (1969) síar ranaflóin með bestum árangri agnir sem eru minni en u.p.b. 2 µm. Sennilega forðast þessar tegundir samkeppni, auk þess að hafa hámarksframleiðni á mismunandi tínum, með því að sía mismunandi stærðir af þörungum. Tegundir sem eru ekki til eða afar sjaldséðar í Þristiklu en finnast í A-Friðmundarvatni í umtalsverðum fjölda eru: *Epiphantes macroura*, *Keratella quadrata* og *Polyarthra dolichoptera*. Tegundir sem eru ekki til eða eru afar sjaldgæfar í A-Friðmundarvatni en finnast í Þristiklu eru: *P. remata*, *K. hiemalis* (sjaldséð) *Cephalodella sp.* *Ascomorpha ecaudis* og *A. saltans*, *Gastropus stylifer* og *Conochilus unicornis*.

*Keratella hiemalis* kann vel við sig í köldum vötnum, en *K. quadrata* er aftur á móti ekki kröfuhörð (eurytherm, euryecious). *Polyarthra remata* er eurytopic (Pejler (1962) og tilvist hennar í Þristiklu er sennilega tengd háu hlutfalli smárra gullþörunga. *Ascomorpha* og *Gastropus* lifa oft á stærri þörungum, svo sem Dinoflagellata sem talsvert er af í Þristiklu en lítið í A-Friðmundarvatni. *Conochilus* er ekki í A-Friðmundarvatni en algengur í Þristiklu.

Ýmislegt er hliðstætt í A-Friðmundarvatni og grynnsta hluta Mývatns (Y-flóa). Í báðum er *Daphnia* sjaldgæf, *Bosmina* og *D. minutus* eru ekki fundin í Mývatni og mjög sjaldséð í A-Friðmundarvatni.

TAFLA 6a

Tegundir þyrildýra fundnar í svifi í A-Friðmundarvatni og Þristiklu sumarið 1975.

P: ekta dýrasvif, (P): flækingur, annars á botni eða gróðri.

A-Friðmundarvatn Þristikla 6 Þristikla 1(-5)

(P) <i>Epiphanes macroura</i>	+		
(P) <i>Epiphanes</i> sp	+		+
(P) <i>Proalis</i> ?		+	
(P) <i>Trichotria tetractis</i>		+	
P <i>Keratella cochlearis</i>	+++	++	++
P <i>K. quadrata</i>	+		
P <i>K. hiemalis</i>		+	
P <i>Argonotholca foliacea</i>	+	+	+
P <i>Notholca labis</i>	+	+	+
(P) <i>Euchlanis dilatata</i>	+		+
(P) <i>Euchlanis meneta</i>		+	+
(P) <i>Euchlanis triquetra</i>	+		
(P) <i>Euchlanis</i> sp		+	
(P) <i>Diploechlanis</i>			+
(P) <i>Colurella</i> sp	+	+	+
(P) <i>Lecane</i> spp		+	+
(P) <i>Lepadella</i>		+	
(P) <i>Monommata</i> sp	+	+	+
P <i>Cephalodella catellina</i>	+		
(P) <i>Cephalodella</i> sp <sub>1</sub>	+	+	+
<i>Cephalodella</i> sp <sub>2</sub>			
(P) <i>Trichocerca rutilus</i>	+		
(P) <i>Trichocerca</i> cf <i>rosea</i>		+	
(P) <i>T. fusiformis</i>		+	
(P) <i>T. porcellus</i>			+
(P) <i>T. iernis</i>			+
(P) <i>T. longiseta</i>			+
(P) <i>Trichocerca</i> sp		+	+
P <i>Gastropus stylifer</i>		++	++
P <i>Ascomorpha ecaudis</i>	+	++	++
P <i>Ascomorpha saltans</i>		+	+
P <i>Asplanchna priodonta</i>	++	+	+
P <i>Polyarthra dolichoptera</i>	+++	+	+
P <i>P. remata</i>		+++	+++
P <i>Synchaeta</i> cf <i>lakowitziana</i>	++	++	+
P <i>S. sf stylata</i>	++	++	+
P <i>Ploesoma hudsoni</i>	+	++	++
(P) <i>Testudinella</i> sp	+		+
(P) <i>T. parva</i>		+	+
(P) <i>T. parva</i> f. <i>bidentata</i>		+	
(P) <i>T. patina</i>			+
P <i>Conochilus hippocrepis</i>			+
P <i>Conochilus unicornis</i>		++	+
P <i>Collotheca libera</i>	+	+	+

TAFLA 6b

Tegundir krabbadýra fundnar í svifi í A-Friðmundarvatni og Þrístiklu sumarið 1975.

P: ekta dýrasvif, (P): flækingur, annars á botni eða gróðri.

A-Friðmundarvatn Þrístikikla 6 Þrístikila 1(-5)

P	<i>Sida crystallina</i>	+		
P	<i>Bosmina obtusirostris</i>	+	+	++
P	<i>Daphnia longispina</i>	+		
	<i>Macrothrix hirsuticornis</i>	+		
	<i>Eury cercus lamellatus</i>	+		
	<i>Acroperus harpae</i>	+		
(P)	<i>Alona affinis</i>	+		+
	<i>A. quadrangularis</i>	+		
	<i>Alonella nana</i>	+		+
	<i>A. excisa</i>	+		
(P)	<i>Chydorus sphaericus</i>	+	+	+
	<i>Ostracoda sp</i>			+
	<i>Paracyclops fimbriatus</i>	+		
	<i>Eucyclops serrulatus</i>	+		
P(P)	<i>Cyclops abyssorum</i>	++		+
	<i>Cyclops viridis</i>	+		
P	<i>Diaptomus minutus</i>	+	++	++

+++ ríkjandi

++ algeng

+ tiltölulega sjaldgæf

Matið er afstætt og tekur mið af fjölda einstaklinga ríkjandi tegunda af hverjum flokki dýra (þyrildýra, krabbadýra).

*Cyclops abyssorum* er mikilvægasta krabbadýrið í Ytri-flóa Mývatns og í A-Friðmundarvatni. *Conochilus* er ekki fundin eða sjaldgæfur í báðum. *Conochilus* myndar sambýli líkar hnerti með u.p.b. 15 einstaklingum í hverri. Þessi sambýli eru sýnileg berum augum og er ekki ómögulegt að bleikjuseiði geti haldið fjölda þeirra niðri. (Nilsson & Pejler 1973). H. Aðalsteinsson (1978 a) fjallarnokkuð um hvers vegna *Daphnia* á sér ekki auðvelt uppdráttar á Ytri-flóa Mývatns.

Bæði *Bosmina c. obtusirostris* og *Diaptomus minutus* eru aðallega fundnar í köldum, gróðursnauðum vötnum hér á landi (Poulsen 1939). Poulsen telur *C. strenuus* (sama tegund og *C. abyssorum*, Einsle 1975) helst vera að finna í gróðursnauðum vötnum en það er ekki í fullu samræmi við útbreiðslu tegundarinnar á Auðkúluheiði. *Daphnia longispina* telur hann vera algengasta í gróðurrikum vötnum sem að nokkru stenst fyrir Auðkúluheiði. Hins vegar verður að taka tillit til afráns fiska þegar slikum alhæfingum er beitt svo og mismunandi gróðurs (sbr. kafla 9.1.6.)

Tegundir fundar á Auðkúluheiði við þessar rannsóknir, að viðbætum nokkrum tegundum krabbadýra, sem H. Kristinsson og H. Hallgrímsson (1977) geta um í tjörnum fram á heildi.

*Rotatoria* (Pyrildýr)

<i>Epiphantes macroura</i> (Barrois & Daday)	(P)
<i>Epiphantes</i> sp.	(P)
<i>Proalis?</i>	(P)
<i>Trichotria tetractis</i> (Ehrenberg)	(P)
<i>Keratella cochlearis</i> (Gosse)	P
<i>K. quadrata</i> (O.F.Müller)	P
<i>K. hiemalis</i> Carlin	P
<i>Argonotholca foliacea</i> (Ehrenberg)	P
<i>Notholca labis</i> Gosse	P
<i>Euchlanis dilatata</i> Ehrenberg	(P)
<i>E. meneta</i> Myers	(P)
<i>E. alata</i> Voronkov	(P)
<i>E. triquetra</i> Ehrenberg	(P)
<i>Euchlanis</i> sp.	(P)
<i>Dipleochlanis</i> sp.	(P)
<i>Colurella</i> sp.	(P)
<i>Lecane</i> spp.	(P)
<i>Lepadella</i> sp.	(P)
<i>Monommata</i> sp.	(P)
<i>Cephalodella catellina</i> (O.F.Müller)	P
<i>Cephalodella</i> sp.	(P)
<i>Cephalodella</i> sp.	(P)
<i>Trichocerca rutilus</i> (O.F.Müller)	(P)
<i>F. cf rosea</i> (Stenoos)	(P)
<i>T. fusiformis</i> (Levander)	(P)
<i>T. porcellus</i> (Gosse)	(P)
<i>T. iermis</i> (Gosse)	(P)
<i>T. longiseta</i> (Schrank)	(P)
<i>Trichocerca</i> sp.	(P)
<i>Gastropus stylifer</i> Imhof	P
<i>Ascomorpha ecaudis</i> (Perty)	P
<i>A. saltans</i> Bartsch	P
<i>Asplanchna priodonta</i> Gosse	P
<i>Polyarthra dolichoptera</i> Idelson	P
<i>P. remata</i> Skorikov	P
<i>Syncheata</i> cf <i>lakowitziana</i> Lucks	P
<i>S. cf stylata</i> Wierzejski	P
<i>Ploesoma hudsoni</i> (Imhof)	P
<i>Testudinella</i> sp.	(P)
<i>T. parva</i> (Ternetzi)	(P)
<i>T. parva</i> f. <i>bidentata</i> Ternetz	(P)
<i>T. patina</i> (Hermann)	(P)
<i>Conochilus hippocratepis?</i> (Schrank)	P
<i>C. unicornis</i> Rousselet	P
<i>Collotheca libera</i> (Zacharias)	P

*Crustacea* (Krabbadýr)

<i>Phyllopoda</i> (blaðfætlur)	
<i>Lepidurus arcticus</i> (Pallas)	b
<i>Sida crystallina</i> O.F.Müller	b
<i>Bosmina coregoni-obtusirostris</i> G.O.Sars	P
<i>Daphnia pulex</i> (De Geer)	P
<i>D. longispina</i> O.F.Müller	P
<i>Iliocryptus sordidus</i> Lieven	b
<i>Macrothrix hirsuticornis</i> Norman and Brady	b
<i>Eurycerceus lamellatus</i> O.F.Müller	b
<i>E. glacialis</i> Lilljeborg	b
<i>Acroperus harpae</i> Baird	b
<i>Alona intermedia</i> G.O.Sars	b
<i>A. rectangula</i> G.O.Sars	b
<i>A. affinis</i> Laydig	b
<i>Alonella nana</i> Baird	b
<i>A. excisa</i> Fischer	b
<i>Chydorus sphaericus</i> O.F.Müller	P
<i>Graptoleberis testudinaria</i> Fischer	b
<i>Polyphemus pediculus</i> L.	(P)
 Copepoda (árfætlur)	
<i>Diaptomus minutus</i> Lilljeborg	P
<i>D. glacialis</i> Lilljeborg	P
<i>Macrocyclops fuscus</i> Jurine	b
<i>Eucyclops serrulatus</i> Fischer	b
<i>Paracyclops fimbriatus</i> Fischer	b
<i>Cyclops abyssorum</i> Sars	Pb
<i>Megacyclops viridis</i> Jurine	b
<i>Diacyclops bisetosus</i> Rehberg	b

## 7.4. DREIFING DÝRASVIFS

### 7.4.1. Lárétt dreifing

Eins og gefur að skilja byggja rannsóknir sem þessar á hverfandi litlu úrtaki ef miðað er við vatnið allt. Því fleiri og stærri sýni, sem tekin eru, þeim mun áreiðanlegri niðurstöður en kostnaðurinn eykst jafnframt. Hins vegar dregur stöðugt úr ávinningnum af hverju nýju sýni eftir að vissu marki er náð. Það fer svo eftir markmiðum, hvað eru nægilega umsvif í sýnatöku. Ef afla á upplýsinga um fjölda og massa er talið þolanlegt að nákvæmnin sé upp á 20-30%. Þ.e. að 65% likur séu á því að rétt meðaltal sé innan 20-30% marka frá fengnu meðaltali. Grundvallar þumalregla hvað varðar dreifimynstur segir að dreifingin sé "hnappdreifing" (overdispersed) þegar  $s^2 > \bar{x}$ , sem gildir um langflest sýni, bæði í A-Friðmundarvatni og Þristiklu (tafla 7). Í vötnum getur hnappdreifing myndast ef vindur blæs lengi úr sömu átt sem leiðir til þess að svif berst með straumi og þéttist á takmörkuðum svæðum. Hnappdreifing getur einnig verið tengd staðbundnum straumum, t.d. hinum s.k. "Langmuir" hringstraumum. Hinsvegar verka óreglulegir iðustraumar (í smáum skala) gegn þyrpingum. Lifnaðarhættir einstakra tegunda eiga e.t.v. stærstan þátt í dreifingu þeirra (t.d. dægurferðir margra svifdýra).

Æskilegt er að prufa sig áfram með hvaða stærð og fjölda sýna þarf til þess að frávikið frá meðaltali verði sem minnst. Ef dreifingin er jöfn, er lítið unnið við að hafa sýnin stór. Það ber að hafa í huga að fjöldi einstaklinga einstakra tegunda er mjög árstíðabundinn. Ennfremur getur fjöldi nokkurra tegunda verið nægilegur en aðrar tegundir of fáliðaðar o.s.frv.

Það reynist oft best að taka stór sýni og telja öll stór og sjaldséð dýr í þeim óskertum en áætla fjölda minni og algengari tegunda í deili-sýnunum (subsamples). Þessu var beitt við sýni úr A-Friðmundarvatni (sbr. 6.3.1.). Með því að bera saman staðalfrávik sem hlutfall af meðaltali ( $SD/\bar{x} \cdot 100$ ) við meðaltal þess sem talið er úr sýnunum af öllum stöðvum má gera sér grein fyrir hversu stór sýni þurfi að telja til að staðalfrávikið verði þolanlega lítið.

TAFLA 7 Meðalfjöldi, staðalfrávik og dreifistuðlar dýrasvifs í A-Friðmundarvatni.  
(mean, SD and factors indicating distribution).

	$SD = \sqrt{\frac{\sum(x_i - \bar{x})^2}{n-1}}$			$C = \frac{s^2 - \bar{x}}{\bar{x}^2}$ (Cassie 1971)			$1/k = \frac{s^2 - \bar{x}}{\bar{x}^2 - s^2/n}$ (Elliot 1971)					
	$\bar{x}$	SD	c	$1/\hat{k}$	$\bar{x}$	SD	c	$1/\hat{k}$	$\bar{x}$	SD	c	$1/\hat{k}$
Keratella cochlearis	174	29	0,022	0,02	183	266	2,09	6,98	964	54	0,002	0,012
Polyarthra dolichoptera	148	52	0,12	0,12	76	98	1,65	3,72	277	69	0,059	0,060
Synchaeta cf. lakowitziana	112	15	0,008	0,008	10	8,5	0,58	0,76	93	34	0,12	0,13
Asplanchna priodonta	1	0,5	-	-	3,1	2,6	0,38	0,50	31	6	+0,005	+0,006
Rotatoria (pynidýr)	444	79	0,029	0,030	300	415	1,91	5,27	1400	128	0,008	0,007
Cyclops abyssorum	49	3	+0,016	+0,016	3,8	1,8	+0,07	+0,05	14	9	0,40	0,48
Cladocera (vatnsflær)	0,9	1,2	0,67	1,63	3	3,8	1,27	2,73	2,3	0,3	+0,42	+0,42
											1,1	1,0
											+0,08	+0,10

TAFLA 8 Dreifistubull (c og 1/k, sbr. töflu 7) fyrir dýrasvif í Þristiklu.  
(Factors indicating distribution).

	08.07.		24.07.		16.08.		02.09.	
	c	$1/\hat{k}$	c	$1/\hat{k}$	c	$1/\hat{k}$	c	$1/\hat{k}$
Polyarthra remata	0,16	(0,17)	0,28	(0,30)			0,12	
P. dolichoptera	0,075	(0,08)	0,97	(1,25)			-0,06	
Keratella cochlearis	0,015	(0,015)	0,036	(0,037)			0,017	
Synchaeta spp	0,23	(0,24)					0,26	
Gastropus stylifer	0,008	(0,008)	0,066				0,78	
Ploesoma hudsoni	0,14	(0,15)	0,12				0,049	
Conochilus unicornis	0,023	(0,024)	-0,33				0,002	
Collotheca libera	0,28	(0,32)	0,14	(0,16)			0,73	
Ascomorpha ecaudis	-0,086	(+0,088)	0,29	(0,31)			0,12	
Önnur pyrildýr	0,033	-					0,092	
Rotatoria	0,11	(0,12)	0,082	(0,084)			0,013	
Crustacea	0,0071	(0,072)	0,066		0,75	(0,87)	1,69	
Bosmina	0,70	(0,86)	0,62	(0,71)	0,62		0,50	
Diaptomus	0,070	(0,070)	0,050		1,03	(1,30)	1,98	
D.n	0,069	(0,070)	0,075	(0,077)	0,086		-0,16	
D.cop	0,29	(0,31)	0,050		0,87	(1,06)	0,42	
D.ad	+0,005	(+0,005)	0,051		1,20	(1,58)	2,43	
Ceratium	0,026	(0,027)	0,043				0,021	

Eins og fram kemur á mynd 19 og 20, var staðalfrávikið að jafnaði hlutfallslega hæst þegar dýrin voru fá. Dreifistuðull ( $c = S^2 - \bar{x}^2$ ) tekur tillit til þessa og er oft notaður til að lýsa dreifingu svifs; lág gildi þýða jafna dreifingu (Cassie 1971). Dreifistuðullinn ( $c$ ) er sanngjarnari gagnvart lágum meðalgildum, jafnframt því sem staðalfrávikið verður að minnka stöðugt til að halda  $c =$  konstant þegar meðalgildin eru há. Algeng gildi hjá náttúrulegum stofnum eru 0,1-0,2 sjaldan minni en 0,05 (Cassie 1971). Þessi stuðull var reiknaður fyrir helstu tegundir í svifi (tafla 7 og 8). Dreifistuðullinn  $c$  sem Cassie (1971) notar til að lýsa dreifingu er samsvarandi  $1/\hat{K}$ , sem Elliot (1971) notar. Elliot mælir með því að taka tillit til þess ef sýni eru fá ( $<30$ ) og lítur þá formúlan út eins og í töflu 7, annars er  $c <= >1/\hat{K} = \frac{S^2 - \bar{x}^2}{x^2}$ .


Sáralítill munur er á  $c$  og  $1/\hat{K}$  fyrir lág gildi (tafla 7) og ekkert sem skiptir máli fyrr en hnappdreifing er mjög áberandi einkenni dreifingar;  $c$  og  $1/\hat{K} >$  u.p.b. 1. Dreifistuðullinn ( $1/\hat{K}$ ) er tekinn til umræðu síðar (kafli 9.1.3.) í sambandi við dreifingu á botni.

Það er eingöngu vegna samanburðar við hliðstæðar athuganir sem ég nota  $c$  yfir svif en  $1/\hat{K}$  yfir botndýr.


Í A-Friðmundarvatni er dreifistuðullinn oftast lágur, og oftast lægri en algengt er í svifi (Cassie 1971), einkum hjá þyrildýrum.

Við sýnatóku 09-07 brá þó út af og var  $c$  u.p.b. 2 fyrir helstu tegundirnar, *K. cochlearis* og *P. dolichoptera*. Þá var langmest dýrasvif á st. 3 ( $780 \text{ einst } l^{-1}$ , á móti 58 og 63 einst  $l^{-1}$  á st 1 og 2). Meðaltal þessarra þriggja stöðova gefur óvænt lægri gildi en við var að búast. Tíðarfari brá ekki til hins verra miðað við tímabilið kringum miðjan júní. Norðlægum "stað vindum" var ekki til að dreifa næstu tvær vikur á undan (9. júlí). Slikir vindar gætu þó tæplega skýrt svo mikla samsöfnum í syðri hluta vatnsins, þó svifið berist með vatnsstreymi. Samsöfnun af völdum strauma (vinda), sem viða er þekkt (Hutchinson 1967 o.fl.) getur varla valdið sliku nema þar sem svifsnauðara vatn streymir til baka í staðinn, t.d. dýpri móstraumur.

MYND 19



19 a) Staðalfrávik sem hlutfall af meðaltali og breytingar þess með fjölda talinna.



19 b) Staðalfrávik sem hlutfall af meðaltali og breytingar þess með fjölda í lítra.

<input checked="" type="checkbox"/>	ORKUSTOFTNUN
<input type="checkbox"/>	Raforkudéild A - FRÍÐMUNDARVATN
<input type="checkbox"/>	Staðalfrávik sem fall af fjöldum
<input type="checkbox"/>	(S.D. as a function of numbers counted)
	77.06.30.HA/GSJ
T.151	T.39
B-86	B-338
F.15862	

Ef um mistök i sýnatöku væri að ræða mætti búast við samsvarandi dreifingu hjá *Cyclops abyssorum* og þyrildýrunum en því er ekki til að dreifa. *Cyclops* getur synt og bregst gjarna við straumum þannig að hann syndir á móti þeim. Sennilega hefur það mest áhrif á *Cyclops* að hann er rándýr og mun athafnasamari en annað dýrasvif í A-Friðmundarvatni.


Dreifistuðullinn fyrir þyrildýr er einnig fremur lágor í Þristiklu. Af helstu tegundum þyrildýra virðist *P. remata* vera talsvert ójafnara dreifð en *K. cochlearis*. Aðrar tegundir eru talsvert breytilegar en sýna yfirleitt frekar jafna dreifingu um vatnið. *Bosmina* er alltaf nokkuð ójafnt dreifð. Ef dreifingin í vatninu er þokkalega jöfn, er þess að vænta að því stærri sem sýnin eru, þeim mun minni sé staðalfrávikið. Þetta er líka tilfellið nema í þeim tilvikum sem dreifistuðullinn er hár, hér >1. Miðað við stærð sýnanna í A-Friðmundarvatni (8-12 ltr.) þarf að telja a.m.k. 100 einstaklinga þyrildýra í hverju sýni til að fá staðalfrávik upp á u.p.b. 20%. Mynd 19 b) sýnir að þetta mark næst í sýnum sem í eru meir en 300 einstaklingar viðkomandi tegunda þyrildýra/l þegar sýnin eru hlutuð niður.

Hvað varðar *C. abyssorum* eru þessi mörk nokkuð óljós, en yfirleitt var dreifingin sambærileg við dreifinguna hjá þyrildýrunum (tafla 7, mynd 19a), og má því sennilega setja *Cyclops* sömu mörk. Það þýdir að eftir að nápliur höfðu þroskast í copepóður og fullvaxna hefði sennilega þurft 2-3 sinnum stærri sýni á hverri stöð til að koma staðalfráviki niður fyrir 20%. Hins vegar þykir engin goðgá að láta sér nægja staðalfrávik upp á 30-50% eins og fékkst fyrir *Cyclops* í A-Friðmundarvatni.

Í Þristiklu er staðalfrávikið orðið nokkuð stöðugt, um 15-40% að meðaltali, þegar að meðaltali eru um 50-100 einstaklingar þyrildýra í 16 litrum. Þegar þyrildýrin voru sem flest, voru sýnin óþarflega stór miðað við algengustu tegundir (mynd 20) en það voru einungis 2 tegundir af 9 algengum og fyrir hinan tegundirnar 7 veitti ekki af 16 l. Samsvarandi fyrir krabbadýrin er að 50 einst. eða meir í hverju sýni nægja til að gefa staðalfrávik um 25%. Ef miðað er við heildarfjölda *Diaptomus* eru sýnin rifleg en til að fá fullnægjandi mynd af einstökum þroskastigum stofnsins sluppu sýnin þokkalega til en ekkert meira.

MYND 20


○  $\Sigma$  Þyrildýr (*Rotatoria*)  
 ● Einstaka tegundir (*Single species*)  
 ✕ *Ceratium hirundinella*



77.06.30 HA / GSJ
T.150 T.38
B-86 B-338
F.1586I

1-F	ORKUSTÖFNUN PRÍSTIKLÁ
	Staðalfrávik sem fall af fjölda
	(S.D. as a function of numbers counted)



	75.07.26.						75.08.16.					
	St 1 0-1m	St 2 0-6m	St 3 0-9m	St 4 0-12m	St 5 0-15m	S.D. SD/ $\bar{x}$ /100	St 1 0-1m	St 2 0-6m	St 3 0-9m	St 4 0-12m	St 5 0-15m	S.D. SD/ $\bar{x}$ /100
<b>Trotatoria</b>	307	162	313	193	309	255	75	29				
<i>P. remata</i>	99	28	135	44	98	81	44	54				
<i>P. dolichoptera</i>	19	4	-	9	3	7	7,4	106				
<i>K. cochlearis</i>	103	67	103	74	113	92	20	22				
<i>Synchaeta sp</i>												
<i>Gastropus stylifer</i>	41	35	19	23	42	32	10	33				
<i>Placocoma hudsoni</i>	17	12	17	17	33	19	8	42				
<i>Cochlichilus unicornis</i>	3	3	3	3	3	3	0					
<i>Collecteda libera</i>	3	1	2	4	0	2	1,6	79				
<i>Aeschnophila scutellata</i>	17	8	28	6	14	14,6	8,7	60				
<i>Omnus bryiliðr</i>	5	3	3	3	3	3						
<b>Excrustacea</b>	230	258	206	199	115	202	54	26				
<i>Bosmina</i>	26	40	8	17	7	20	14	70				
<i>Diatomus</i>	204	218	199	182	108	182	43	24				
<i>Diatomus egg</i>	138	76	57	72	27	(74)	(40)	(55)				
<i>Diatomus napilus</i>	13	17	18	16	5	13,6	5,3	38				
<i>Diatomus cōpēpōður</i>	100	119	88	80	60	89	22	25				
<i>Diatomus fulvivinum</i>	91	82	93	86	43	79	20	26				
<i>Ceratium</i>	598	362	376	439	442	443	94	21				
	75.08.02.						75.08.02.					
	St 1 0-1m	St 2 0-6m	St 3 0-9m	St 4 0-12m	St 5 0-15m	S.D. SD/ $\bar{x}$ /100	St 1 0-1m	St 2 0-6m	St 3 0-9m	St 4 0-12m	St 5 0-15m	S.D. SD/ $\bar{x}$ /100
<b>Trotatoria</b>	1807	2253	773	2020	2297	1838	623	34				
<i>P. remata</i>	1313	1750	420	1482	1666	1326	534	40				
<i>P. dolichoptera</i>	152	180	115	203	267	191	54	28				
<i>K. cochlearis</i>	216	160	176	190	238	196	31	16				
<i>Synchaeta sp</i>	63	92	12	73	62	60	30	50				
<i>Gastropus stylifer</i>	26	25	15	23	29	23,6	5,1	22				
<i>Placocoma hudsoni</i>	12	11	12	18	3	11,2	5,35	48				
<i>Cochlichilus unicornis</i>	10	8	6	16	15	11,4	3,85	34				
<i>Collecteda libera</i>	6,3	3	3	2	0	2,9	2,3	79				
<i>Aeschnophila scutellata</i>	4,7	8	5	4	7	5,7	1,7	30				
<i>Omnus bryiliðr</i>	8	16	7	8	10	9,8	3,6	37				
<b>Excrustacea</b>	249	300	269	290	132	248	68	27				
<i>Bosmina</i>	4,7	5	1	12	1	4,7	4,5	96				
<i>Diatomus</i>	244	295	268	276	129	242	66	27				
<i>Diatomus napilus</i>	49	79	48	68	38	56,4	16,6	30				
<i>Diatomus cōpēpōður</i>	188	204	208	201	85	161	88	55				
<i>Diatomus fulvivinum</i>	1	12	12	7	6	8,8	2,9	34				
<i>Ceratium</i>	270	400	420	320	350	350	60	17				

Tafla 9. Fjöldi dýrasvifs á mismunandi stöðvum í Prístiklu, ásamt meðaltölum og staðalfráviki. Distribution of zooplankton within Thristikla.

Þann 16. ágúst og 2. sept. var dreifingin mjög afgerandi hnappdreifing og hefði þá lítið stoðað þó sýnin væru t.d. tvöfalt stærri. Þessi háu gildi fyrir dreifistuðul voru vegna mjög hárra gilda á einni stöð í hvort skiptið (tafla 9, mynd 25). Þegar dreifingin er þessa eðlis þarf vafalitið að fjölgum stöðvum allverulega til að nálgast meðalgildi, með þokkalegri dreifingu. Dreifistuðullinn er hæstur hjá fullvöxnum og næst hjá cópepopóum. Svo sem sjá má af samanburði á mynd 20 og töflu 9. gefa niðurstöður af st. 1 ágæta mynd af samsetningu og árstíðasveiflum þyrildýrafánunnar en síðri af krabbadýrafánunni. Hámark *Bosmina* á st. 1 er tvöfalt hærra en meðaltal á st. 1-5. Fjöldi *Diaptomus* á hinum ýmsu stöðvum ásamt meðaltali á st. 1-5 er sýnt á mynd 25. Flestar stöðvarnar eru líkar með þeim undantekningum sem fyrr eru nefndar. Stöð 6 í austurhlutanum hefur sérstöðu og er almennt ólik hvað varðar fjölda og hvenær hámark er.

#### 7.4.2. Lóðrétt dreifing







Það hefur þegar verið sýnt fram á, að fyrir áhrif vindar er vatnsmassa íslenskra vatna stöðugt blandað, svo að komið er í veg fyrir að hitalagskipting haldist við (mynd 14), mælingar í Þórisvatni, (í H. Aðalsteinsson 1976), í Leginum (H. Aðalsteinsson 1976), í Þingvallavatni (Ú. Antonsson 1977) og í Mývatni (J. Ólafsson 1978).

Dýr og þörungar sem hafa hreyfimöguleika geta þó þrátt fyrir þetta, valið sér stað í vatnssúlunni eftir því sem hentar þeim best. Dreifing plöntusvifs eftir dýpi var ekki athugað nema hjá *Ceratium* en sú tegund hefur hreyfimöguleika (bifhár). Svifdýrin geta flest synt eitthvað, svo að vel má búast við að þau leiti á ákveðið dýpi eftir aðstæðum. Algengt er að birtan orsaki ferðir upp og niður í vatnssúlunni. Það venjulega er að dýrin forðist ljós (negative phototaxis), þ.e. leita niður um miðjan daginn en upp þegar fer að skyggja. Fleiri orsakir geta legið að baki dægurferða. Það hefur t.d. verið reiknað út að i hitalagskiptum vötnum getur verið orkusparnaður að því fyrir dýr að sækja fæðu í efri vatnslög, þar sem að jafnaði er mesta og besta fæðu að fá en melta hana á dýpra vatni, þar sem er kaldara. Dýrin hafa mismunandi aðlögun eða optimum gagnvart umhverfisþáttum, svo sem hita, súrefni o.fl. og fæðu og geta skipað sér í vatnssúluna eftir því sem skil-yrði gerast þar, (sjá t.d. Makariewicz og Likens 1976).



MYND 21

ORKUSTÖFFNUN

Dreifing þýrðra og Ceratium eftir dipi i  
Þristiku (st. 1) (Spatial distribution of  
rotifers and Ceratium in Thirstika  
st. 1)  
77.06.30 HA/GSJA T 146 T 34  
B-86 B-338 F 15857






MYND 22





MYND 23



Þetta er náttúrulega aðeins mögulegt eða árangursríkt ef um mismunandi skilyrði er að ræða á mismunandi dýpi en litlar líkur eru á því hér á landi. Auk þessa eru hér bjartar nætur u.p.b. 2 mánuði (júní og júlí) og því ekki óliklegt að finna hér eitthvað öðruvísí dægurferðamynstur en annars staðar.

Sýnin í Þróun voru alltaf tekin um miðjan dag og gefa því ekki upplýsingar um títtnefndar dægurferðir en ef um dægurferðir eftir algengasta mynstri er að ræða ætti að vera tilhneiging til samsöfnunar neðarlega í vatnssúlunni um miðjan dag. Mynd 21 sýnir dreifingu þyrildýra eftir dýpi. Í fyrsta lagi er dreifingin misjöfn; þannig eru öll þyrildýrin og *Ceratium* jafnt dreifð í allri vatnssúlunni 26. júlí en þá er skýjað og ekki bjart. 16. ágúst er mjög bjart og þá er yfirleitt áberandi minnst í efsta metranum. Þetta á þó ekki við um *P. remata* en hún var þéttust í yfirborði og við botn en minnst um miðbik vatnssúlunnar. Það er ekki hægt að segja að neitt af hinum algengari þyrildýrum hafi ákveðið dreifimynstur. Breytileikinn er e.t.v. helsta einkennið, ásamt því að yfirleitt er minnst alveg í yfirborðinu. Ranaflóin *Bosmina obtusirostris* virðist yfirleitt frekar jafn dreifð í vatnssúlunni (mynd 22), nema e.t.v. 16. ágúst þegar samsöfnun á sér stað um miðbik vatnssúlunnar. Þetta er á svipuðu dýpi og framleiðni plöntusvifs er mest. Lág gildi í yfirborði geta auk þess, ~~stafað~~ af "negative phototaxis", verið vegna samkeppninnar við *Diaptomus* sem safnast í yfirborðið þennan dag. Smádíllinn hefur mjög misjafna dreifingu um vatnssúluna. Bæði haga vaxtarstigin sér misjafnlega og er dreifingin breytileg eftir tíma (mynd 23). Nápliur virðast almennt tiltölulega jafnt dreifðar, mest þó í yfirborðinu 24. júní en þá var skýjað og rigning. Cópepóður eru einnig heldur jafnt dreifðar, nema 24. júní, þegar flestar voru neðarlega í vatnssúlunni og 16. ágúst þegar mest var í yfirborðinu. Sams konar dreifing var hjá fullvöxnum 16. ágúst. Á hverju dýpi voru tekin 4 sýni, 4 lítrar hvert, svo að mjög er óliklegt að þessi háu gildi séu vegna hnappdreifingar á stöðinni sjálfrí. Þessi dreifing, p.e. með hæstu gildi um miðjan dag í yfirborði á björtum degi, mætti rekja til dægurferða af öðru tagi en áður var lýst. Slikar ferðir, það er uppumbirtutímann, eru nefndar "positive phototaxis" og hafa fundist hjá *Diaptomus* (*Eudiaptomus graciloids* í Erken, M-Svíþjóð (Nauwerck 1963)).

### 7.5. Framleiðni *Diaptomus* og framleiðni í þristíklu

Af þeim mælingum sem liggja fyrir virðist fremleiðniferill *D. minutus* vera sem hér segir. Á vorin klekjast nápliur úr dvaleggjunum og byrja að þroskast í cópepóður í júní og í fullvaxna í júlí. Lífþyngd stofnsins eykst hraðfara allan júnímánuð en stöðvast í byrjun júlí. Allan júlí mánuð og fram í miðjan ágúst, þegar flestir cópepóðarnir hafa þroskast yfir í fullvaxna, haldast vöxtur og afföll í hendur og stofninn heldur í horfinu hvað lífþyngd viðvíkur en eftir að vöxtur hættir og flest kvendýr hafa lokið eggjaframleiðslu í lok ágúst - byrjun september, fer að halla undan og 2. september þegar sýnatöku lauk, á þessi kynslóð skammt eftir en stofninn lifir af veturinn í dvaleggjum.

*Diaptomus* leggur sín egg í poka sem dýrið ber síðan með sér. Flest egg eru fundin 26. júlí og 16. ágúst en flest egg á hvert kvendýr 26. júlí (mynd 24). Þann dag voru líka flest egg í hverjum eggjapoka eða 4-6 á móti 2-3 16. ágúst og 3-4 2. september. Eggjafjöldi á kvendýr segir oft mikil um lífsskilyrði, betri lífsskilyrði - fleiri egg og öfugt. Framleiðni, bæði vöxtur og eggjaframleiðsla er mest í júlí. Þá er líka neysla á gullþörungum mest og sennilega meiri en sem nemur endurnýjun þeirra (mynd 12). Væri þá fækkan eggja per kvendýr 16. ágúst að rekja til þess að *Diaptomus* hefði þrengt að sér með því að ganga of nærrí gullþörungunum. Úr þessu hefur svo ræst síðar þegar cópepóður höfðu þroskast í fullvaxin og allflestnar af þeim höfðu lokið hlutverki sínu ("aukið kyn sitt, hrörnað og dáið").

Miðað við hve langur tími leið milli þess sem sýni voru tekin er ekki völ á mörgum aðferðum til að reikna framleiðni dýrasvifsins. Lífshlaup helstu dýrasvifstegundarinnar (*Diaptomus minutus*) er þó þannig að hægt er að beita mjög handhægri aðferð (Allen 1951). Hún er hentug þegar hægt er að fylgja vexti ættliðs (cohort population). Á mynd 25 er yfirlit um þróun stofnsins frá júní til september. 26. júní er aðeins byggt á st. 1 en annars á st. 1-5, að því undanskildu, að 16. ágúst er st. 2 sleppt úr meðaltalinu og 2. september st. 3. Þetta kann að virðast vafasamt en þetta er gert í trausti þess, að 8. og 26. júlí var dreifing svifsins miklu jafnari en í síðari skiptin og líklegt þykir að mælingarnar í júlí gefi sannasta mynd af stærð stofnsins og það er órýmilegt að ætla að fjölgar hafi í honum fram til 16. ágúst, þar sem nýliðun





ORKUSTOFNUN  
Raforkudeild

ÞRÍSTIKLA

Fjöldi eggja í lítra og frjósemi einstakra dýra.  
(Nos of eggs /'litra (nos egg /')


77.06.30. HA/GSJ  
T. 149 T. 37  
B-86 B-338  
F. 15860

MYND 24




laus egg →  
Fjöldi eggja í  
eggjapoka  
Brood size

til stofnsins er ekki lengur til að dreifa 26. júlí. Ennþá vantar eitt í myndina en það er sá fjöldi náplía sem stofninn er sprottinn af. Til þess að finna þennan fjölda þarf að geta sér til um dánartöluna meðan nápliurnar voru mestu ráðandi. Þetta má geta sér til vegna fækkunar í stofninum. Þegar mælingar eru til um það: 8-26. júlí (18 dagar) fækkar um 3,75 eða 0,2 per dag en það jafngildir 1,4%. Eðlilegast er að gera ráð fyrir eitthvað hærri dánartölu meðan nápliurnar voru mestu ráðandi. Eins og við sjáum síðar, hefur það sáralitið áhrif á útreiknaða netto framleiðni *Diaptomus* hvaða dánartölu við veljum. Allen-línuritið yfir stofn-próun *Diaptomus* er sýnt á mynd 26. Nettóframleiðni ( $P_T$ ) er summan af margfeldi vaxtar ( $\Delta w$ ) á tímaeiningu og meðalfjölda ( $\bar{N}_T$ ) sem hér yrði tímabilið milli sýnatökutilfella en þetta er sama og yfirborð Allen-línuritsins. Nettoframleiðni *D. minutus* reyndist vera  $340 \text{ } \mu\text{g } \text{pv } l^{-1}$ . Meðaldýpi vatnsins alls er  $5,5 \text{ m}$  en um  $6 \text{ m}$  í v-hlutanum. Þetta gefur meðalframleiðni í v-hluta  $2,04 \text{ g } \text{pv } m^{-2}$  yfir sumarið.




Framleiðni þyrildýra má áætla með því að margfalda meðallífmassa þeirra með áætluðum umsetningaráhraða (turnover rate). Í Mývatni hefur hann verið reiknaður 20, þ.e. að meðallífmassinn tvítugfaldist (mai-október, 156 dagar). Samsvarandi tölur í 2 næringarsnauðum vötnum á Kerola-skaga (við Hvítahafið) voru 14. Sú tala er örugglega einnig of há miðað við að vötnin liggja lægra og hitna meir yfir sumarið. Ég hef notað hér 5 sem líklega stærð og miðað við að stofninn hafi verið nálægt 0 þegar ísinn fór og að hann hafi aftur verið kominn niður undir 0 viku af október. Þá fæst meðalfjöldi þyrildýra  $70 \text{ einstaklingar } l^{-1}$  og meðallífþyngd þeirra  $1,8 \mu\text{g } l^{-1}$  eða  $0,011 \text{ g } \text{pv } m^{-2}$ . Framleiðni þyrildýra verður þá  $0,054 \text{ g } \text{pv } m^{-2}$  ( $0,0108 \times 5$ ).

Umsetning *Diaptomus* í þá þrjá mánuði sem hann er að, er 2,4 en 4 yfir tímabilið (mai-október, 156 d) þ.e. *Diaptomus minutus* veltir meðallífmassa sínum 2,4 eða 4 sinnum yfir sumarið allt eftir því við hvaða tímabil er miðað. Framleiðni *Bosmina* er örugglega lítil og kemur ekki til með að breyta neinu um útreiknaða framleiðni sem þannig verður  $2,04+0,05$  eða  $2,1 \text{ g } \text{pv } m^{-2}$  en það er rétt um 10% af frumframleiðninni.



### 7.6. Framleiðni í A-Friðmundarvatni

Aðeins lítið brot af framleiðni dýra á sér stað í svifi í A-Friðmundarvatni. Því verður ekki farið út í nákvæman reikning heldur giskað gróft á framleiðnina. *Cyclops abyssorum* er eina krabbadýrið í svifinu, sem eitthvað kveður að. Hann er einnig á botni og er greinilega um sama stofn að ræða (mynd 17) og getur verið erfiðleikum bundið að finna hvað er framleitt á hvorum stað enda er hér engin tilraun gerð til þess. Sömu aðferð er beitt við *Cyclops* eins og *Diaptomus*, enda þróast stofninn á hliðstæðan hátt. Allen-línuritið er sýnt á mynd 27. Framleiðnin reiknast  $0,4 \text{ g } \text{þv m}^{-2}$ . Áætlað er að þyrildýrin velti meðallifþyngd sinni 15 sinnum, meðalfjöldi er áætlaður  $920 \text{ l}^{-1}$  og meðallifþyngd  $24 \mu\text{g } \text{þv l}^{-1}$  eða  $18 \text{ mg } \text{þv m}^{-2}$ , þannig er framleiðni dýrasvifsins  $0,7 \text{ g } \text{þv m}^{-2}$ , eða aðeins um þriðjungur áætlaðrar framleiðni í þristiklu og aðeins um 1,6% af frumframleiðni í svifi. Þessa lágu nýtni plöntu-svifsins má vafalaust kenna því hve stórir ríkjandi þörungar eru og óhentugir sem fæða þyrildýra. Þetta nýtingarhlutfall gæti hinsvegar bent til þess að aðalfæða þyrildýra væri lífrænar leifar og gerlar.





## BOTNDÝR

Rannsóknir á smádýrum á botni vatnanna voru tengdar athugunum á fæðuvali bleikju (og hornsila í Þrístiklu) (H.Ó.Hálfdánarson 1978). Hér á eftir er því mest fjallað um þá dýraflokka sem helst skipta máli í fiskibúskap vatnanna. Í A-Friðmundarvatni setja gróðurbreiður (mari) mikinn svip á vatnið og dýr sem eiga sitt undir vexti háplantna og þörungaásæta á þeim eru algengust og helstu fæðudýr bleikjunnar. Rannsóknirnar taka ekki til fjölda á flatareiningu, þegar um er að ræða dýr sem lifa í tengslum við marann en hins vegar er þannig unnið úr að tengja má fjölda dýra við þurrvigt þess mara sem þau lifa í tengslum við. Þannig má fara nærrí um fjölda á  $m^{-2}$ , ef áætlanir um lífmassa marans standast (kafli 7.1.2.).

### 8 Efni og úrvinnsla

Við botnsýnatöku var notað plexigler rör,  $20,4 \text{ cm}^2$  í þvermál (Kajak 1965). Rörið tekur venjulega 10-20 cm þykkt botnlag og 10-20 cm af vatnssúlunni næst botninum. Á hverri stöð voru tekin 5 sýni og þau síuð í sigti með  $112 \mu\text{m}$  möskvum. Ekki er hægt að útiloka að eitthvað af smæstu botndýrunum verði eftir, þó af sigtinu væri skolað þvisvar sinnum við hverja síun. Mest hætta er á að tapa smæstu botnkröbbunum, eggjum og lirfustigum liðorma (*Oligochaeta*), þráðormum (*Nematoda*), smæstu mýlirfunum (*Chironomidae*) og dvalstigum botnkrabba.

Í A-Friðmundarvatni voru sýni tekin á 3 svæðum (mynd 6). Sýnatökustaðir voru valdir á jaðri marabreiða, þannig að hægt var að taka sýni svo til á sama stað bæði á botni með og án mara. Þannig voru tekin 10 sýni í hverju tilviki á hverju svæði, 5 í hvorri botngerð. Á sv. 1 voru sýni tekin á 2-3 vikna fresti frá 20. júní til 1. sept. og í völk við austurströndina 27. sept. Á sv. 2 og 3 í júní og júlí. Í Þrístiklu voru sýni tekin reglulega á 2 stöðvum, 1 og 6 og auk þess á st. 2 og 4, 8. júlí og á st. 3, 2. sept. (mynd 7). Ofan nefndar stöðvar eru allar á leðjubotni, en st. 5 á sandbotni og reyndist ógerlegt að taka sýni þar með rörinu. Kransnálar (*Nitella flexilis*) eru algengar viða á leðjubotni í vestari

(dýpri) hluta Þristiklu en mari í austari (grynnri) hluta þess.

Hlutfallslegt magn gróðurs á hinum ýmsu stöðvum var kannað með því að toga troll í hring með um 20 m radiusi á hverri stöð, þar sem botnsýni voru tekin. Á st. 1 er nokkuð þéttur gróður, (kransnálar). Kransnálar vaxa einnig á st. 2 og 4 en minna en á st. 1. St. 3 reyndist gróðurlaus með öllu og mjög lítill gróður var á st. 5. Á st. 6 eru breiður af lágvöxnum mara (sjá kafla 4).

Sýni voru tekin með það í huga að ákvarða fjölda botndýra á flatareiningu í mismunandi botngerðum og athuga kjörsvæði hinna mismunandi tegunda. Til að ná smádýrunum varð að nota fint sigti sem aftur olli því að mikið fylgdi með af leðju og finum sandi, auk gróðurs og gróðurleifa. Þar sem mjög mikill tími fer í að tína smákrabba og minnstu lirfustigin úr slikum sýnum, var ýmiss konar fleyting reynd. Fleytingin byggir á því, að dýrin séu eðlisléttari en leðjan. En þar sem svo mikið er af lífrænum leifum eftir þegar fin sigti eru notuð reyndist fleyting gagnslaus, vegna þess að eðlisþyngdarmunur er greinilega lítill. Þá voru sýnin úr A-Friðmundarvatni og sýnin frá 2. sept. í Þristiklu lituð með Bengal rose til að auðvelda úrtínsluna. Þessi sýni voru fyrst síuð á 1 mm síu, þá á 0,25 mm síu og dýr og gróðurleifar skilin frá leðjunni í hvort skipti. Það sem þá var eftir af hverju sýni, var þynnt út í 120 ml af vatni og tekið úr því 4x3 ml deilisýni eða samtals 1:10 hluti þess sem eftir var eftir síunina.

Deilisýnin voru tekin með strokkpipettu (sbr.6.3.1). Úr hverju deilisýni var tínt eða talið undir þrívíddar smásjá með allt að 60 faldri stækkun.

#### Dýr á mara í A-Friðmundarvatni

Um það bil sem áætlað var að krabbadýrin væru nærri hámarki eða 24-25 júlí voru 12 sýni tekin af einstökum maraplöntum. Við það var notað 6" plaströr, u.p.b. 80 cm langt. Á annan enda þess var festur háfur með um 150 möskvum en á hinn endann kragi sem hægt var að rykkja saman um plöntuna þegar rörinu hafði verið hvolft yfir. Maraplönturnar breiða yfirleitt mikið úr sér en reynt var að finna grannar plöntur eða greinar

sem hægt var að smeygja rörinu yfir. Að jafnaði var 'hægt að ná sýni af plöntum frá toppi þeirra að miðju eða lítið eitt lengra. Dýrin voru tind úr á svipaðan hátt og lýst er í næsta kafla á undan, nema hvað ekki var þörf á að deila sýninu á síðasta stigi úrtínslunnar.

Marinn var þurrkaður og veginn á "analys" vigt og sömu meðferð fengu marinn og maraleifarnar í botnsýnunum.

## 9 NIÐURSTÖÐUR

### 9.1. A-Friðmundarvatn

#### 9.1.1. Stærri botndýr.

Burstaormar (Oligochaeta): Hér er sennilega aðallega um að ræða *Tubifex tubifex* L.. Þeir eru flestir á st. 1 (mynd 28) og u.p.b. tvöfalt fleiri á botni undir maraplöntunum ( $20-40 \text{ þús m}^{-2}$ ) en utan þeirra ( $10-30 \text{ þús m}^{-2}$ ). Eggjum(cocoon) verptu þeir allt sumarið, gagnstætt því sem var í þristiklu (kafli 9.2), þar sem egg sáust aðeins í júní og júlí. Þetta má líklega rekja til þess að umhverfispættir, svo sem hitastig fylgja árstíðabundnum ferli, risandi fram yfir mitt summar, og síðan hnígandi fram á haustið en A-Friðmundarvatn hitnar fljótt og fylgir hitastigið náið skammum breytingum í lofhita.




Þó burstaormar væru fleiri í marabeltinu en utan þess, virðist það alls ekki eiga rót sína að rekja til meiri maraleifa þar (mynd 11 a).

Fjöldi burstaorma í sýnunum er að mestu óháður maraleifunum. Í sýnum þar sem maraleifar eru hliðstæðar í og utan marabeltisins eru burstaormar nær undantekningarlaust fleiri í marabeltinu (mynd 29). *Tubifex tubifex* lifir á lifrænum leifum (detritus). Gróðurbreiður eins og í A-Friðmundarvatni eru líklegar til að draga úr ölduhreyfingum og af þeim leiðandi straumum í vatninu og þannig virka sem gildrur fyrir lífrænar agnir í svifi. Í marabreiðunum félli þannig meira til af lifrænum leifum en utan marans.

Burstaormurinn *Chaetogaster diaphanus* (Gruithusien) er fremur sjaldséður, um eða innan við 1000 einst.  $\text{m}^{-2}$  (mynd 31). Hann er rándýr og lifir m.a. á

MYND 28

1 - ORKUSTOFNUN	A - FRIDMUNDARVATN 1975
Ráðforskunaleild	Burstaormar og Mylirfur fíoldi á m <sup>-2</sup>
T - 151	Oligochaeta og Chironomidae per m <sup>2</sup>
B - 68	
F - 15153	



smákröbbum sem hann gleypir í heilu lagi.

Mýlirfur (Chironomidae): Af þeim eru fjölmargar tegundir ef að likum lætur en á mynd 28 er aðeins greint milli eldri lirfustiga *Chironomus islandicus* (Kieffer) og annarra mýlirfa. Meðal þeirra er mest af Orthocladiinae, en einnig nokkuð af Tanytarsinae og Tanypodinae. Lifsferill mýs er mjög mismunandi, t.d. virðist *C. islandicus* lifa allt að 2 ár sem lirfa í Mývatni, enn aðrar tegundir 1 ár eða jafnvel miklu skemur (Lindegaard & Jónasson 1978). Algengast er að mý fljúgi að mestu á vorin og fyrri hluta sumars og má því búast við að mikið hafi verið flogið þegar sýnataka hófst (um miðjan júní). Þess vegna er lítið hægt að marka af þessum talningum hversu stór stofninn var en ætla má að hann sé nálægt fullri stærð í september sýnunum. Rannsóknir H.Ó. Hálfðánarsonar (1978) benda til þess að mý sé mikilvæg fæða fyrir bleikju, a.m.k. bæði vor og haust.

Sáralitill ef nokkur munur er á fjölda mýlirfa í og utan við marann. *C. islandicus* má e.t.v. teljast eitthvað algengari í marabeltinu, líklega af sömu orsökum og burstaormarnir. Mýlirfur í heild virðast ekki tengdar maraleifum (mynd 30) frekar en burstaormar.

Af öðrum tegundum á botni sem flokka má með stærri botndýrum (mynd 31) eru armslöngur (*Hydra*) algengastar, einkum á botni í marabeltinu. Þeim fjölgar jafnt og þétt fram í september í rúmlega  $20.000 \text{ m}^{-2}$ . Armslöngur eru rándýr og munu aðallega lifa af smákrabbadýrum.

Iðuormar (*Turbellaria*) eru  $1-2000 \text{ m}^{-2}$  og fjöldi þeirra tekur ekki, svo merkt verði, verulegum breytingum yfir sumarið.




Vatnaskel (*Pisidium*) og vatnabobbi (*Lymnaea peregra*) eru algengari á botni í marabeltinu en utan þessi. Vatnaskeljar verða mest um 1000 en vatnabobbar aðeins um  $500 \text{ m}^{-2}$ . Uppyxandi vatnabobbar eru nokkuð algengir á maraplöntum.

Einstaka þráðormar (*Nematoda*) fundust á botni í marabeltinu.

#### 9.1.2. Smærri botndýr (botnkrabbar)




Í botnsýnum hafa fundist 13 tegundir spaðfætla (*Phyllopoda*) og 6 tegundir árfætla (*Copopoda*), samtals 19 teg. Þar af eru 3 tegundir ekta svifdýr,

78-02-08 H.A./6.SJ	A - Friðmundarvatn	975
T. 58 T. 164	B- 338 B- 86	F. 16643
Tengsl maraleifa og burstaorma (Oligochaeta) á st. með og án mara	The Relationship between decaying <i>Myriophyllum</i> and <i>Oligochaeta</i>	



78-02-08.HA/GSJ	A - Friðmundarvatn
T. 56	T. 162
B- 338	B- 86
E 1664	


Tengsl maraleifa og mylirfa (Chironomidae) á st. með og án mara  
Relationship between decaying *Myriophyllum* and Chironomidae



## MYND 31

'77-01-17	H.A./OD.
T- 150	T- 39
B- 86	B- 338
F- 15152	

ORKUSTOFNUN  
Ráðfólkudeild A-FRIÐMUNDARVATN  
Fjöldi botndýra (í þús.)  $m^{-2}$   
Numbers of Macrofauna (in thousand)  $m^{-2}$

Á botni með *Myriophyllum*  
In stands of *Myriophyllum*Á gróðurlausum botni  
On bare bottomStærri botndýr  
 $\Sigma$  Zoomacrobenthos

●—○ area 1  
●—○ " 2  
—○—○ " 3

p og 16 botndýr, b. Meðal botndýranna eru 3 tegundir sem oft eru bæði í svifi og á botni og innan um marann, (b). Þær tegundir sem eru algengastar á maraplöntunum eða eru eingöngu í mara og á botni undir maraplöntum eru einnig auðkenndar með g í tegundalistanum. Auk neðan-taldra eru einhverjar tegundir af skjaldkröbbum (Ostracoda) og ormdílum (Harpacticoida).

Euphylllopoda

Notostraca

*Lepidurus arcticus*

b

Cladocera

Ctenopoda

*Sida crystallina*

b g

Anomopoda

*Daphnia longispina*

p

*Bosmina coregoni obtusirostris*

p

*Iliocryptus sordidus*

b

*Macrothrix hirsuticornis*

b

*Eury cercus lamellatus*

b g

*Acroperus harpae*

b g

*Alona intermedia*

b

*A. quadrangularis*

b

*A. affinis*

(b)

*Alonella nana*

b

*Chydorus sphaericus*

(b)

Copepoda

Calonoida

*Diaptomus minutus*

p

Cyclopoida

*Macro cyclops fuscus*

b

*Eucyclops serrulatus*

b

*Paracyclops fimibriatus*

b

*Cyclops abyssorum*

(b)

*Diacyclops bisetosus*

b

Þrjár tegundir eru ríkjandi en flestar hinna fremur sjaldséðar. Skötuormur (*Lepidurus arcticus*) er stærsta krabbadýrið í vötnum hérlendis og algengur í tjörnum um allt land, einkum á hálendinu. Fiskum þykir hann hið mesta lostæti enda er hvergi mikið af honum, þar sem fiskur er annars vegar. Í A-Friðmundarvatni hefur hans orðið vart í bleikjumögum og einstaka sinnum má sjá slóðir eftir hann á botni. Glerfló (*Sida crystallina*) er með stærstu krabbadýrum í vötnum hérlendis, allt að 3-4 mm á lengd, álika stór eða stærri en þráðflóin (*Eury cercus lamellatus*) og halaflóin (*Daphnia pulex*) og talsvert stærri en langhalafló (*Daphnia longispina*).

Á Íslandi eru nyrstu fundarstaðir glerflóarinnar í Evrópu og Poulsen (1924, 1939) gat hennar ekki í fjalla eða heiðavötnum hérlendis. Glerflóin hefur kirtil á hryggnum en með honum festir hún sig gjarna á neðra borð laufblaða. Hún er nokkuð algeng á maraplöntunum í flestum grunnu vötnunum á Auðkúluheiði.

Algengustu krabbarnir eru broddfló (*M. hirsuticornis*), þráðfló (*E. lamelletus*) og mánaflóin (*Alona affinis*). Broddfló og mánafló eru langmest á botni utan marabeltisins, en þráðflóin í marabeltinu (mynd 34). Allar þessar tegundir ná hámarksfjölda um svipað leyti eða í lok júlí - byrjun ágústmánaðar. Hjálmflóin (*Acroperus harpae*) verður mest um  $3000 \text{ m}^{-2}$  í lok júlí og var eingöngu á botni í marabeltinu (mynd 36).

#### 9.1.3. Dreifimynstur botnkrabba

Botnkrabbarnir eru greinilega "hnappdreifðir" (overdispersed) um botninn. Fervikið ( $s^2$ ) er stærra en maðaltalið ( $\bar{x}$ ) fyrir öll sýni. Þar sem aðeins voru tekin 5 sýni á hverjum stað eru möguleikar á tölfraðilegri sannprófun á eðli dreifingar fáir og ófullkomnir. Sci square prófun um samsvörun við Poisson raðir (Elliot 1971, bls.41) gefur ótvírætt til kynna hnappdreifingu (contagious distribution). Neikvæð binomial dreifing (negative binomial distribution) er hér notuð sem líklegt líkan. Þar er  $\sigma^2 = \mu + \mu^2/k$ ;  $\sigma^2 \approx s^2$ ,  $\mu = \bar{x}$  og  $k$  exponent i  $(q-p)^{-k}$ , sem lýsir möguleikum mismunandi "atburða" í neikvæðri binomial dreifingu ( $p=\mu/k$ ,  $q=1+p$ , sjá Elliot 1971),  $1/k$  verður þannig mælikvarði á dreifingu umfram jafna dreifingu. Við jafna dreifingu er  $\sigma^2 = \mu$ , og viðbótin  $\mu^2/k$  greinilega háð  $k$ . Ef  $k$  er hátt ( $1/k$  lágt) nálgast dreifingin jafna dreifingu en hnappdreifingu hins vegar þegar  $k$  er lágt ( $1/k$  hátt).

í töflu 10 er samantekt yfir meðaltal, varians og  $\hat{k}(k)$ ,  $\hat{k}$  var reiknað samkvæmt Elliot (1971),

$$\hat{k} = \frac{\bar{x}^2 - S^2/n}{S^2 - \bar{x}} \quad (\text{við fá sýni}).$$

TAFLA 10 Meðaltöl ( $\bar{x}$ ) vatnaflóa (Cladocera) og varians ( $S^2$ ) á  $20,4 \text{ cm}^2$  botns í A-Friðmundarvatni, ásamt dreifistuðli

$$k = \hat{k} = \frac{\bar{x}^2 - S^2/n}{S^2 - \bar{x}}$$

(Elliot 1971).

Mean nos ( $\bar{x}$ ), variance ( $S^2$ ) of Cladocera on  $20,4 \text{ cm}^2$  sediment in A-Fridmundarvatn, with calculations of  $k$  (Elliot 1971).

Dags.	Svæði	Cladocera			Eurycercus			Alona			Macrothrix		
		$\bar{x}$ (n=5)	$S^2$	$\hat{k}$	$\bar{x}$	$S^2$	$\hat{k}$	$\bar{x}$	$S^2$	$\hat{k}$	$\bar{x}$	$S^2$	$\hat{k}$
20.06.	1	210,4	17583	2,34	3,6	23,3	0,42	40,8	1284,5	1,13	198,4	15326	2,40
24.07.	1	621,8	58516	6,48	9,8	32,7	3,91	321,4	12290	8,42	284,4	23104	3,34
18.08.	1	358	46053	2,60	9,2	127,7	0,50	177	19072	1,46	132,6	5700	2,95
27.09.	(1)	235,6	3516	16,7	36	552	2,30	113,4	1962	6,74	84,8	625	13,08
20.06.	1(m)	73	1521	3,47	51,4	1267	1,96	3,8	9	2,43	1,8	6,25	0,45
09.07.	1(m)	105,8	1362	8,69	61,2	1945	1,78	16,2	50,4	7,38	13,8	729	0,06
24.07.	1(m)	185,2	21316	1,42	145,4	21199	0,80	10	164	0,44	13	529	0,12
18.08.	1(m)	62,8	2601	1,35	40,2	665,6	2,37	10	361	0,08	0,8	1,7	0,33
01.09.	1(m)	67,6	1414	3,18	35,4	458	2,75	23,2	179,6	3,21	2,4	3,24	6,08
21.06.	2	149	10201	2,01	6,6	29,2	1,67	41,2	424,4	4,21	90	5285	1,36
25.07.	2	84,2	3457	1,90	11,6	313,3	0,24	58,6	1267	2,63	6,2	123,2	0,12
21.06.	2(m)	73,6	1823	2,89	35,2	707,6	1,63	19,2	368,6	0,84	4,6	106,1	~0
25.07.	2(m)	250,6	14066	4,34	4,2	13,7	1,57	138,4	1815	11,21	105,2	3969	2,66
21.06.	3(m)	109,2	5852	1,87	91,6	6457	1,12	3,4	9,3	1,64	-	-	-
25.07.	3(m)	86,6	4303	1,57	39,4	1467	0,88	13,8	151,3	1,16	21,8	1204	0,20

Dreifingin í  $\hat{k}$  kemur fram á mynd 32 þar sem  $1/k$  er tengt meðaltali fjölda viðkomandi dýra. Flest gildi fyrir  $1/k$  eru frá 0,2-0,7.


$\hat{k}$  er hér háð stærð sýnis og eins og dreifingu virðist hattat hefur meðalfjöldi í sýni engin áhrif á  $\hat{k}$  fyrr en einstaklingar eru færri en u.p.b. 20 í sýni.  $\hat{k}$  er þannig óháð fjölda í sýni ef einst. eru fleiri en 20. Þannig uppfyllir  $\hat{k}$  sem mælikvarði á dreifingu þau skilyrði sem slikum mælikvarða er sett til að lýsa dreifingu (að undangengnum um-reikningum) (Elliot 1971).

Búast má við að mismunandi tegundir hafi mismunandi dreifimynstur.

Um smákrabba á botni virðist lítið vera vitað í þessu tilliti.

Whiteside (1974) lýsir dreifingu botnkrabba m.a. með  $k$  og fékk gildi frá 1,419-4,958 sem eru mjög lík algengustu gildunum í A-Friðmundarvatni, bæði fyrir Cladocera og einstakar tegundir (1,4-5, Tafla 10).

Breiddin í gildunum úr A-Friðmundarvatni eru þó enn meiri eða frá 0,06 til 16,7. Ef einungis eru tekin sýni með fleiri en 20 einst, að meðaltali er breiddin 0,88-16,7.  $\hat{k}$ -gildi stærri en 1 eru 14 eða 21% og af þeim eru öll nema 2 fyrir sýni með færri en 20 einst í sýni.



MYND 33

Mismunandi dreifing samkvæmt veldislögmáli Taylors (Elliot 1971)


"Near-Random"  $\sigma^2 = 1.1 \mu^{1.0}$

"Regular"  $\sigma^2 = 1 \mu^{0.7}$   $\sigma^2 = S^2$  (Fervik) (variance)

"Contagious"  $\sigma^2 = 2 \mu^{2.0}$   $\mu = \bar{X}$  (meðaltal)

$\Sigma$ Cladocera ( $\Sigma$ Cl.)	Eurycercus (E)	Alona (A)	Marcothrix (M)
$a: 0.408$	$a: 0.07$	$a: 0.36$	$a: 0.58$
$a_i = 1 : 1.96$	$a_i = 1 : 1.92$	$a_i = 1 : 1.88$	$a_i = 1 : 2.10$
$b: 1.55$	$b: 1.85$	$b: 1.52$	$b: 1.52$
$r: 0.842$	$r: 0.952$	$r: 0.935$	$r: 0.943$

Whiteside (1974) fann að í Elk Lake var  $\hat{k}$  algerlega óháð fjölda í sýni en hann hafði aðeins 1 sýni minna en 20 einst. Með tilliti til þess eru niðurstöður hliðstæðar. Minni breidd í  $\hat{k}$  gildum í þessu tilfelli gæti átt rót sína að rekja til að sýni voru fleiri í hverri sýnaröð í Elk Lake eða 36 á móti 5 í A-Friðmundarvatni. Ennfremur var sýnatakinn sem notaður var í A-Friðmundarvatni minni en sá í Elk Lake eða rör 5,1 cm í þvermál á móti 8,5 cm. Þumalreglan er að því stærra sem sýnið er (flatarmál), þeim mun meiri líkur eru á að dragi úr áhrifunum af hnappdreifingunni (Elliot 1971 bls. 69).



Whiteside (1974) beitir einnig veldislögþáði Taylors (Taylor's (1961) power law). Það segir að Fervikið ( $\sigma^2$ ) samsvari í réttu hlutfalli einhverju veldi af meðaltalinu ( $\mu$ ),

$$\sigma^2 = a\mu^b \quad \text{Þ.e. } \log \sigma^2 = \log a + b \log \mu$$

þar sem a og b lýsa viðkomandi stofnum og a er aðallega háð stærð sýnis-einingar. Hins vegar lýsir b sem er hallatala línu sem  $\log \sigma^2$  og  $\log \mu$  mynda, einkennum dreifingar og getur spannað allt frá 0 við jafna dreifingu og nálgast 1 þegar hnappdreifieinkennin aukast.

A mynd 33 eru annars vegar sýnd dæmi þriggja dreifimynstra (Elliot 1971) og hins vegar dreifieinkenni botnkrabba í A-Friðmundarvatni. Þeir sýna allir meiri eða minni einkenni hnappdreifingar, mest *Eury cercus* ( $b = 1,85$ ).  $\Sigma$  Cladocera ( $b = 1,55$ ) dregur dám af *Alona* og *Macrothrix* (báðir  $b = 1,52$ ), þar sem hinir 2 síðastnefndu eru langalgengastir botnkrabbanna. Fylgni er fullnægjandi eða í kringum 0,9 (mynd 32). Í Elk Lake var  $b = 2,04$  (Whiteside 1974). Þar sem þekking á dreifimynstri botnkrabba er mjög af skornum skammti, verður ekki fullyrt um það hvort hér sé sýnt dæmigert dreifimynstur og í hverju mismunurinn milli Elk Lake og A-Friðmundarvatns liggur.

TAFLA 11 Meðaltöl (á  $20,4 \text{ cm}^2$ ) og staðalfrávik (S.D.) helstu krabbadýra, gróðurlifa og Nostoc.  
Means (per  $20,4 \text{ cm}^2$ ) and S.D. of the commonest crustaceans, decaying Myriophyllum and Nostoc.

	20.-21.06.		09.07.		24.-25.07.		18.08.		01.09.	
	Sv.1,2,3; (30 sýni)	í mara $\bar{x} \pm SD$	Sv.1,(5 sýni)	í mara $\bar{x} \pm SD$	Sv.1,2,3; (30 sýni)	í mara $\bar{x} \pm SD$	Sv.1; (10 sýni)	í mara $\bar{x} \pm SD$	Sv.1,(5s)	í mara $\bar{x} \pm SD$
Macrothrix hirsuticornis	2,1±6,0	131±95	13,8±27,0	19,6±23,7	132±148	0,8±1,3	133±15,5	2,4±1,8		
" subitan egg	0	63,5±62,9	17,6±34,9	8,6±13,7	101±122	0,8±1,8	81,8±74,7	1,4±1,9		
" eph. egg	107±124	124±135	10,4±14,5	66,5±91,6	33,1±44,8	5,6±9,3	15,0±20,2	4,2±4,0		
Eury cercus lamellatus	59,4±54,9	14,6±17,5	61,2±44,1	78,7±102,7	8,5±10,7	40,2±25,8	9,2±11,3	35,4±21,4		
" subitan egg	107±95	21,2±27,4	21,2±17,9	57,1±75,9	7,1±9,5	37,6±30,3	1,2±1,3	56,6±38,0		
" eph. egg	72,3±33,4	74,1±67,6	11,4±4,3	27,3±28,7	20,9±11,8	132±70	96,2±46,2	169±95		
Alona affinis	8,8±13,0	38,4±28,1	16,2±7,1	24,7±28,2	170±133	10,0±19,0	177±138	23,2±13,4		
" subitan egg	3,5±6,8	23,3±18,9	10,0±13,7	22,2±29,5	125±108	1,2±1,1	126±173	7,6±5,2		
" eph. egg	415±245	400±294	366±249	350±376	188±207	194±172	119±53	34,2±15,2		
$\Sigma$ Cladocera	85,3±54,2	200±114	106±37	138±100	319±275	62,8±51,0	358±214	67,6±37,6		
$\Sigma$ Cyclopoida	81,4±81,8	86±72	18,6±14,8	35,7±37,5	76,5±109,1	15,4±21,5	11,2±8,8	14,0±5,5		
Gróðurleifar (mg/20,4cm <sup>2</sup> )	569±220	461±228	394±61	290±117	376±164	487±218	129±18	304±92		
Nostoc mg/20,4 cm <sup>2</sup>	(9,7±17)	0,524±0,659	2,28±1,92	5,86±10,56	0,228±0,114	20,5±11,1	0,58±0,45	18,7±22,5		
		0,827±0,663 <sup>x</sup>								

<sup>x</sup>meðaltal af st, 2 og 3

Það er tilgangslitið að reikna út dreifingu fyrir einstakar sýnatökur út frá svo fáum sýnum á hverri stöð, þegar dreifingin ber öll einkenni þyrringa. Hins vegar er dreifingin á mismunandi tímum nokkuð sambærileg þegar nógu margir einstaklingar eru í hverri sýnaröð. Niðurstöðurnar ættu því að gefa góða hugmynd um stofnbreytingar yfir sumarið, þó fjöldanum sem fékkst við einstakar sýnatökur, sé tekið með varúð.

Sýni voru tekin á öllum 3 svæðunum 20. júní og 24. júlí (15 á hvorri botngerð) en annars bara á sv. 1 (5 í hvorri botngerð). Sýnin frá 20. júní og 24. júlí gefa því besta hugmynd um fjölda á flatareiningu og breytingar í stofninum. Sýnin af svæði 1 eru hins vegar vart til þess fallin að leggja mat á fjölda í tilsvarandi botngerð en þau lýsa þó lífsferlinum í stórum dráttum.

Við gerð myndar af lífsferli helstu krabbadýranna (mynd 34) er fyrst og fremst stuðst við sýnin frá 20. júní og 24. júlí en hin notuð til að sýna þróun stofnanna og þá m.a. gengið út frá samsvarandi þróun, hvort sem um er að ræða sýni í eða utan marabeltisins.

#### 9.1.4. Lífsferlar blaðfætla

Lífsferill er í aðalatriðum svipaður hjá öllum tegundum þeirra. Þær klekjast úr dvalstigi á vorin og fyrri hluta sumars; fjölgar sér síðan með meyfaðingu (parthenogenesis) fram eftir sumri. Fyrst í stað fæðast eingöngu kvendýr. Um það bil sem stofninn er í hámarki byrja að fæðast karldýr, frjóvguðu egginn mynda hýði um sig og nefnast dvalegg. Þau lifa af veturinn í botnleðjunni en að öðru leyti deyr kynslóðin út. Fyrir kemur að dýrunum fækkar skyndilega, án þess að það verði rakið til versnandi lífsskilyrða. Slikt má oft rekja til afráns (Gouldan 1971, H. Aðalsteinsson 1978 b og William & Whiteside in print).

#### Þráðfló

Þráðflóin klekst úr dvaleggjum í júní. Frjósemi hennar, svo sem marka má af fjölda subitaneggja á kvendýr ( $\text{♀}$ ), er mest í júní en þá eru eggini tíðum 2-7 mest 10 og í ágúst-september 2-5, mest 12 á  $\text{♀}$ . Munurinn er þá engan veginn afgerandi (mynd 35). Þrátt fyrir mikla frjósemi fjölgar lítið í stofninum en það má sennilega fyrst og fremst kenna afráni bleikjunnar og e.t.v. einnig rápi milli botns og maraplanntanna.

Þráðflóin er miklu sjaldséðari á botni utan marabeltanna en innan. Hún er algengasta krabbadýrið á maraplöntunum og getur það að nokkru leyti skýrt dreifingu hennar á botninum en hún virðist jákvætt tengd magni maraleifa á botninum (mynd 37). Að hluta til a.m.k. má rekja þessi tengsl til þess að maraleifar eru mestar á botni, þar sem mari er þéttastur (tafla 11). Þráðflóin er sérstaklega aðlóguð gróðri með þráðлага blöðum (Fryer 1963), eins og mara (og maraleifum?)


□ Meðaltal st 1,2 og 3 (5 sýni á hverri stöð)  
 Mean of station 1,2 and 3 (5 samples from each station)  
 ○ Meðaltal af st. 1 (Mean of st. 1)

MYND 34

Á botni með Myriophyllum (mara)  
 In stands of Myriophyllum  
 Á gróðurlausum botni  
 On bare bottom



Mánuðir (Months)

*Eurycerus lamellatus*



ORKUSTOFNUN  
 Lifsferlinn digerjastu krabboldyranna (Population  
 dynamic of most common crustaceans)  
 'A-Fridmundardæmi sumardí 1975  
 '78-02-09 HAGSÍT 62 T 169  
 B-338 F. I 6654

*Macrothrix hirsuticornis*



Broddfló (*Marcrothrix hirsuticornis*).





Broddflóin klekst um svipað leyti og þráðflóin en fjölgar sér mun lengur með meyfæðingu eða alveg fram í september (mynd 34). Frjósemin er mest fyrri hluta sumars og þá er algengt að hver ♀ beri 4 egg eða fleiri en 1-2 í september (mynd 35). Dvaleggin eru oftast 2 í hverju hýði en bæði 3 og 4 koma fyrir.

Lífvist Broddflóar í botninum er sennilega mun stöðugri en hinna sem lifa í gróðrinum. Hún er minna háð gróðurtíma þörunga en þráðflóin, sem lifir mest af ferskum ásetuþörungum (Fryer 63). Þráðflóin getur einnig þrifist ágætlega á lífrænum leifum (Smirnov 1961), þar sem þannig háttar til um framboð á fæðu. Broddflóin og reyndar einnig mánaflóin lifa mest á lífrænum leifum og eru aðallega fundnar á leðju-botni (Meijering 1961, Fryer 1968, 1974 o.fl.). Þannig lífvist virðist ekki beinlinis háð gróðurtíma og gæti skýrt hvers vegna þær síðarnefndu byrja seinna að búa sig undir veturinn en þráðflóin. Bæði broddfló og mánafló eru algengari á botni utan marans en innan. Báðar sýna neikvæð tengsl við maraleifar (myndir 38 og 39). Eðlilegasta skýringin á þessu er sú að eitthvert annað dýr sé betur fallið til að nýta sér þá lífvist sem maraleifarnar bjóða upp á, einkum utan marabeltanna. Hvorki burstaormar eða mylirfur virðast sækjast sérstaklega eftir slikri lífvist (myndir 29 og 30) og öðrum algengum dýrum er ekki til að dreifa nema *Eurycercus* en hún er sjaldséð utan marabeltanna. Broddflóin er á ýmsa lund veikburða og kynni að eiga í erfiðleikum að komast áfram innan um gróðurleifar (Fryer 1974) en mánaflóin geldur aftur á móti samkeppni við þráðflóna.

Mánafló (*Alona affinis*).




Mánaflóin byrjar ekki að klekjast að ráði fyrr en í júlí og ágúst. Hver ♀ ber jafnan 1 "subitan" egg og er hún frjósömumst í júlí en þá er hlutfall dýra með egg hæst. Í hverju dvalhýði eru jafnan 2 egg. Sýni eru strjál í september, svo ekki er vitað um hve mörg dvalegg 1975-kynslóðin myndar.

Kynslóðin sumarið 1975 hefur hafist af 200-250 þús. dvaleggjum en það þýðir að a.m.k. 100 þús. ♀♂ hafa myndað dvalegg haustið 1974. Þetta er mun meira en mánaflóin verður mest sumarið 1975. Áraskipti eru alltaf að fjölda og innbyrðis hlutföllum einstakra tegunda. Þannig var t.d. kúluflóin (*Chydorus sphaericus*) mun algengari sumarið 1977 en 1975.

*Eury cercus lamellatus*egg/ $\varphi$   
Brood  
size $\geq 8$   
6-7  
4-5  
2-3  
1*Ephyppium egg*

→ Tíðni (frequency)

0 20 40 60 %

8  
6-7  
4-5  
2-3  
1*Subitan egg*




J

J

Á




S

Mánuðir (months)

egg/ $\varphi$   
Brood  
size*Macrothrix hirsuticornis* $\geq 4$   
3  
2  
1*Ephyppium egg*

→ Tíðni (frequency)

0 20 40 60 %

 $\geq 4$   
3  
2  
1*Subitan egg*

0 20 40 60 %

J


J


Á

S

Mánuðir (months)



**ORKUSTOFNUN**  
**A - FRÍÐMUNDARVATN**  
**Fjöldi krabbáðra (í þús.) á m<sup>2</sup> botni 1975**  
**Numbers of crustaceans (in 1000) per m<sup>2</sup> 1975**  
 760/120/H/Gröf T-148 T-37  
 B-86 B-338 Fnr. 15150








ORKUSTOFNUN A - Friðmundarvætn 1975  
Rafrökudæld Tengsl maraleifa og bræftíðar (E. lamellatus)  
B- 338 B- 86 The Relationship between decaying Myriophyllum and  
Eurycercus lamellatus




178-02-08.HA/GSJ	T. 61	T. 167
	B-	B-
	F. 16646	





'78-02-08 H.A./G.S.J.	A - Friðmundarvatn
T. 165	T. 59
B - 86	B - 338
F. 16644	F. 16644

Tengsl maraleifa og mánafíðar (*A. affinis*)  
The Relationship between decaying  
*Myriophyllum* and *Alona affinis*



Við athuganir H. Ó. Hálfdanarsonar (1978) á fæðuvali bleikju sumarið 1975 kom í ljós að mánafló var ein helsta fæðulind bleikju, minni en 20 cm, í júlí - september. Whiteside (1974) hefur sýnt fram á dægurferðir hjá mörgum tegundum vatnsflóa. Þær yfirgefa þá botninn, oftast á nóttinni en einnig á daginn og synda upp í vatnið. Mánaflóin (*Alona affinis*) var ekki meðal þeirra sem fóru lagnt upp í vatnið en rannsóknir hans tóku aðeins til, í hve miklum mæli dýrin syntu 10-20 cm frá botni.

Miðað við það að bleikjan er vart sérlega heppilega vaxin til að sækja mánaflóna á botninn, er freistandi að tengja fæðunámið ferðum mánaflóarinnar upp í vatnið eða lífvist, sem ekki voru tekin sýni úr sumarið 1975.

Í því sambandi kom til álita að þær héldu til neðst á maraplöntunum. Til þess að fá viðbendingu um það, voru sýni tekin á mismunandi stöðum á maraplöntunum, milli þeirra og utan marastóðanna 25-28. júlí 1977. Niðurstöður þeirra athugana eru sýndar í töflu 12.

TAFLA 12 Krabbadýr í A-Friðmundarvatni 25.-28. júlí 1977.  
The Crustacean fauna in A-Friðmundarvatn 25.-28. July 1977, (from cylinder (4 1) in *Myriophyllum* and in the free water, from net hauls, between and out of M. plants. Cleaning of basal parts of M. by pumping; by net hauls from basal and upper parts of M. and in the free water).

	Sýni úr röri fjöldi/4 l í mara utan mara	háfsýni (%) milli plantna af mara	Af mara %			háfað utan mara
			dælt neðst	neðst	háfað efst	
Sida crystallina	6	-	4	-	-	2
Bosmina + Daphnia	1	2	-	-	-	1
Eurycerus lamellatus	156	-	9	19	75	17
Acroperus harpae	5	-	-	-	6	-
Alona affinis	3	1	-	-	-	3
Alonella nana	11	-	-	-	-	10
Chydorus sphaericus	125	53	70	80	15	59
Cyclops cón.+fullvaxin	15	6	4	-	4	3
Cyclops náplíur	11	3	13	1	-	3
Eucyclops	1	-	-	-	1	-
Stærri botndýr	5	-	-	1	-	3

Samtímis var fæðuval mismunandi lengdarflokka bleikju athugað og jafnframt athugað hvar sömu lengdarflokkar komu í netin (efst, í miðju og neðst). Minnstu bleikjurnar komu langmest neðst í netin og þær átu langmest mánafló (*Alona*) (tafla 13). Af því má draga þá ályktun að yfirgnæfandi likur séu á því að smábleikjurnar éti mánaflóna við botn en athuganir á marabeltinu benda engan veginn til þess að hún haldi sig neins staðar í maranum (tafla 12 og 14).

Vert er að benda á að ekki virtist sama hvort háfað var gegnum plöntuna eða plantan "ryksuguð" með aðstoð dælu. Þráðflói virtist koma síður í háfinn en dæluna. Þetta gæti stafað af því að háfurinn var mjög grunnur. En hvað sem því líður virðist vert að sannreyna hvort einhvers konar ryksugun hefur kosti framyfir háfa, við athuganir í gróðurbeltum.

Tafla 13. Hlutfallsleg skipting krabbadýra í fæðu ólíkra lengdarflokka bleikju í mismunandi hæð í netunum (% af fjölda). (The proportional composition of crustaceans in food of arctic char of different length classes taken from different heights in the net, (uppermost, in the middle and near bottom).

	Úr efsta hluta netsins		Úr miðbiki netsins		Úr neðsta hluta netsins	
	<20 cm	>20 cm	<20 cm	>20 cm	<20 cm	>20 cm
uryercerus	-	58	14	54	11	51
lona	84	22	68	4	82	18
aphnia	13		12	-	-	-
hydorus	3		3	-	3	-
cyclops	-	3	-	3		7
þrir krabbar <sup>x</sup>		1 <sup>1)</sup>	2 <sup>2)</sup>	1 <sup>3)</sup>	3 <sup>4)</sup>	8 <sup>5)</sup>
ostoc		14	2	37		14
nnað <sup>xx</sup>	<1	1 <sup>1)</sup>		1 <sup>2)</sup>	1 <sup>3)</sup>	3 <sup>4)</sup>

x) 1: Sida, Ostracoda, Chydorus; 2: Cyclops, Macrothrix, Ostrocoda; 3: Lepidurus Macrothrix, Ostracoda; 4: Cyclops, Macrothrix

xx) 1: Chironomidae, Pisidium; 2: Chironomidae-fluga-lirfa, Hydracarina; 3: Nostoc, Chironomidae-púpa; 4: Chironomidae-lirfa-púpa, Pisidium.

#### 9.1.5. Dvalstig

í vötnum tempraða beltisins og í norðlægum vötnum þreyja krabbadýr veturinn í dvala. Blaðfætlurnar mynda hýði um eggin á ofanverðum vaxtar-tíma sínum. Þau egg liggja á botni til vors að tiltekið hitastig, ljós eða eitthvað annað verður þeim hvati að klekjast. Í flestum tilfellum fara saman frjóvgun eggja og myndun dvalstiga. Í vötnum mun norðar en ísland, þar sem vaxtar-tími er enn styttri en hér, virðist aldrei verða frjóvgun og geta þar myndast dvalegg án undangenginnar frjóvgunar (Edmondson 1955).


Í A-Friðmundarvatni klekjast þráðflói og broddflói úr dvaleggjum í júní-júlí en mánaflói ekki fyrr en í júlí-ágúst. Myndun dvaleggja byrjar hins vegar fyrr hjá þráðflónni en broddflónni eða í ágúst en ekki fyrr en í september hjá mánaflónni og broddflónni svo neinu nemi.

Af samanburði á fjölda dvaleggja vor og haust, þegar þau eru flest og eftir klak á sumrin, þegar þau eru fæst, má ráða að klakárangur sé mjög góður eða meiri en 90% hjá ofannefndum 3 algengustu tegundum. Ekki er verulegt samræmi í fjölda dvalstiga og einstaklinga. Þannig er álika mikið af dvalstigum mánaflóar og þráðflóar í og utan marabelt-anna, þó mikill munur sé á fjölda einstaklinga þessarra tegunda í og utan marabeltanna. Skýringin hlýtur að vera sú að straumar beri dval-stigin með sér og dreifi þeim og einnig getur bleikjan dreift dvalstig-anum en þau munu líklega fara ómelt gegnum meltingarveginn.


#### 9.1.6. Fánan á maraplöntunum

Hágróður í vötnum hýsir að jafnaði mikinn fjölda smádýra. Svo sem sjá má á töflu 14 voru fjölmargar af þeim tegundum sem voru á botni einnig uppi í maranum. Meir en 90% af þeim eru krabbadýr. Af krabbadýrum er þráðfló (*E. lamellatus*) langalgengust (75%), þá glerfló (*Sida crystallina*) og kúlufló (*Chydorus sphaericus*) (10% hvor). Þar sem þráðfló og glerfló eru stærðargráðu þyngri en önnur krabbadýr í maranum munu þessar tvær tegundir vera meir en 95% af lífmassa krabbadýranna í maranum. Mynd 40 sýnir tengsl mara og helstu krabbadýranna. Við viktum marans voru blöðin skilin frá stönglunum og vegið sitt í hvoru lagi. *Sida*, *Eury cercus* og *Chydorus* sýndu þokkaleg tengsl við blöðin en minni tengsl í þeim sýnum, þar sem stönglar vógu meira en blöðin. Að jafnaði var hjálmsfló


*Sida crystallina*




*Eurycerus lamellatus*



*Acroperus harpae*



*Chydorus sphaericus*



(*Acroperus harpae*) það sjaldséð að ekkert verður séð um tengslin af þessum gögnum. Af töflu 14 má sjá að *Alona affinis* er ekki í neinum tengslum við marann. Ennfremur eru gárafló (*Alonella nana*) og broddfló (*Macrothrix*) eingöngu á botni. Sömuleiðis virðist langhalafló (*Daphnia*) forðast marann, því að það var rétt hending ef þær komu í sýnin, þó að jafnaði hafi 5-7 lítrar af vatni komið með í hvert sýni. Ef *Daphnia* væri jafn þétt í marabeltinu og utan þess hefðu að meðaltali átt að koma 5-10 einstaklingar í hvert sýni. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að halaflær forðast háplöntur (Pennak 1973). Af stærstu botndýrum voru armslöngur (*Hydra*) og mýlirfur (*Chironomidae*) algengastur (45% hvor) og þær næst vatnabobbar (*Lymnaea*) (6%).

Tafla 14. Fánan á maraplöntunum, meðaltal og meðalhlutfall í 12 sýnum, ásamt umreikn í fjölda á  $m^2$  (samkv. forsendum í kafla

The fauna assolated with the *Myriophyllum*, mean and mean proportions with conversion to an areal basis ( $m^{-2}$ )

	$\bar{x} = (n=12)$	% SD	Fjöldi g(pv)mari	Fjöldi $270\text{ g } (m^{-2})$
Sida crystallina	92	6±4	74	20.000
Bosmina + Daphnia	0,3	-		
Macrothrix hirsuticornis	1,5	-		
Eury cercus lamellatus	1090	74±8	870	230.000
Acroperus harpae	71	5±3	57	15.000
Alona affinis	6	-		1.000
Alonella nana	0,2	-		
Chydorus spaericus	122	9±4	98	26.000
Cyclops sp.	39	4±2	31	8.000
$\Sigma$ Crustacea	1422	100	1147	310.000
Hydra	36	42±14	29	8.000
Oligochaeta	2,5	4±4	2	500
Chironomidae	48	48±15	39	10.000
Lymnaea	5	6±7	4	1.000
$\Sigma$ Macrobenthos	91		73	20.000
$\Sigma$ Benthos	1513		1220	330.000
% Crustacea		94±2		
$\bar{x}$ Myriophyllum, g pv/sýni		1,24		

Með óbeinni aðferð var hæsti lífmassi marans áætlaður  $270 \text{ g } \text{pv m}^{-2}$  að meðaltali (kafli 7.1.2.). Út frá því gekk ég til að áætla gróflega hæstu gildi fyrir krabbadýrin í maranum í lok júlí 1975. Þráðflóin var mest um 870 (74% af kröbbunum) á  $\text{g } \text{pv}$  mara eða  $870 \times 270 \text{ á } \text{m}^2$ . Krabbadýrin voru samtals  $310 \text{ þúsund á } \text{m}^2$  og samtals voru um 330.000 dýr á  $\text{m}^2$  í maranum (tafla 14). Armslangan (*Hydra*) er rándýr og lifir mest á smákrabbadýrum. Hún er áseti og þess er að vænta að hún þrifist betur á maraplöntunum eða a.m.k. eins vel og á botni. Í lok júlí voru þær um  $5000 \text{ m}^{-2}$  á botni undir mara og um  $8000 \text{ m}^{-2}$  á maraplöntunum. Þetta hlutfall í mara og á botni virðist mér ekki óraunhægt og gefur ekki tilefni til að ætla dýrin á maranum ofáætluð nema síður sé.


#### 9.1.7. Yfirlit yfir krabbadýrafánuna.

Í töflu 15 er yfirlit yfir helstu krabbadýrin og við hvaða aðstæður þau lifa. Flestar vatnsflærnar eru í hámarki um það leyti sem athuganir voru gerðar í maranum og cyclopoida hefur hæstan lífmassa um þetta leyti. Taflan gefur því ágæta hugmynd um hlutfallslegt gildi hinna mismunandi búsvæða. Marabeltið hýsir langflest dýr og augljóslega langmestan lífmassa, þar sem bæði Þráðfló *Eury cercus*, og glerfló *Sida crystallina*, eru a.m.k. stærðargráðu þyngri hver einstaklingur en hin krabbadýrin. Auk þess er hlutdeild þráðflóarinnar í framleiðninni mun meiri en fjöldinn gefur til kynna, þar sem hún er ein aðalfæða silungsins og sama gildir um mánaflóna *Alona affinis*.


Tafla 15. Yfirlit um helstu krabbadýrin í mismunandi búsvæðum í A-Friðmundarvatni, fjöldi á m<sup>2</sup>. Survey of main crustacean in different habitats g nos m<sup>-2</sup>. (24.-25 júlí).

Tegund	í marastóði	Utan marans		Vegið meðaltal
	Búsvæði (Myriophyllum bed)	botn Vegetation-free (plankton) mud bottom	svif	fyrir botn og mara (Weight mean of benthos)
Sida crystallina	20.000	400	-	7.000
Bosmina c.obt.	-	-	100	-
Daphnia longisp	-	-	1.300	-
Macrothrix hirs.	10.000	65.000	-	50.000
Eury cercus lam.	270.000	4.000	100	90.000
Acroperus harpae	18.000	-	-	6.000
A. affinis	13.000	84.000	-	60.000
Chydorus sph.	26.000	-	700	9.000
Cyclops ab.	40.000	20.000	1.400	30.000
Σ Cladocera	370.000	160.000	2.300	230.000
Σ Cyclopoida	66.000	28.000	16.000	40.000

x) Reiknað út frá 33% þekju marans.



ORKUSTOFFNUN P RÍSTIKLA 1975  
Raforkudeild '77-01-13. HA /ÓD  
Botndýr á st 1+ einst taliningar á st. 2, 3 og 4  
Macrobenthos on st. 1+ single counts from 2, 3 and 4  
F. 15142



## 9.2. PRÍSTIKLA

### Stærri botndýr

Burstaormar eru álika margir á st. 1 (15-16 m dýpi) og á st. 6 (2,5 m dýpi). Egg (*cocoon*) fundust í júní og júlí eða meðan stofninn er í lágmarki (myndir 41 og 42). Þetta bendir til að í Prístiklu deyi eldri dýr að mestu út eftir varp svo sem tittr mun um burstaorma (Wetzel 1975). Í A-Friðmundarvatni fundust egg allt sumarið, þannig að stofninn hefur endurnýjast jafnt og þétt þar, enda vantar samsvarandi lágmark í stofninn þar eins og í Prístiklu. Ekki var leitað eftir mjög ungum burstaormum fyrr en í september á st. 6 svo að myndin sem sýnir lífsferil stofnsins er sumpart ágiskun. Talningin í sept. gefur u.p.b. 10.000 einst.  $m^{-2}$  bæði á st. 1 og st. 6, sem áætlað er að sé nálægt hámarki.

Mýlirfur: Mýlirfur voru mun algengari á st. 1 en á st. 6. Á st. 1 var *Chironomus islandicus* algengust en sjaldséð á st. 6 (myndir 41 og 42). Á st. 6 voru mýlirfur mest um 1000  $m^{-2}$  en 7-8000  $m^{-2}$ . september.

Önnur botndýr voru fáliðuð, mest þráðormar, (Nematoda). Þeir eru mjög smáir og aðeins taldir 2. september. Auk þess fundust nokkur hundruð á  $m^2$  af *Pisidium spp*, *Lymmaea peregra*, *Chaetogaster diaphanus* og *Tardigrada* (Bessadýr).

Botnkrabbar voru aðeins taldir 2. september. Þeir voru flestir á st. 3 eða 34000  $m^{-2}$ , mest *Alona affinis* og á st. 1 18.000  $m^{-2}$ , mest *Eucyclops serrulatus* og *Ostracoda*. Á st. 6 voru þeir 22.000, mest *A.affinis*. Aðrar tegundir og miklu sjaldséðari voru: *Macrothrix hirsuticornis*, *Eurycerus lamellatus*, *Acroperus harpae*, *Alona rectangula*, *Alonella nana*, *Chydorus sphaericus*, *Paracyclops fimbriatus*, *Cyclops sp* (cópepódið) og *Harpacticoida*.

Fjöldi (nos) m<sup>-2</sup>

10000  
9000  
8000  
7000  
6000  
5000  
4000  
3000  
2000  
1000  
0

*Oligochaeta*  
(Burstaormar)

J A J A A S

Cocoon

MYND 42

ORKUSTOFNUN

Rarforkudeild

PRÍSTIÐLA 1975  
Boindýr á st. 6  
*Macrobenhos* on st. 6

77-0-13. H.A./OD.
T. 141 T. 30
B- 86 B- 338
F. 15145

2000  
1000  
0


*Chironomidae*  
(Rykmyslirfur)

J A J A A S


Með úrtínsluaðferðinni, sem notuð var 16. ágúst, náðust ekki nýklaktir burstaormar. Skástriða yfirborðið frá 27. júlí til 2. september er því gróflega áætlað með hliðsjón af fjölda nýlega klakinna þann 2. september., þ.e.:

Aætluð hlutdeild nýklakins (Estimated proportion of newly hatched).

The countings of (oligochaetans) in the samples taken up to September 2 did not include the newly hatched specimens. The proportion of small oligochaetans during late summer is therefore roughly estimated on basis of the count on September 2.



MYND 43


**ORKUSTOFNUN**  
Raforkudeild
'77-01-10 H.A./Ó.D.  
T. 139 T. 28B- 86 B- 338  
E 15 4
**PRÍSTIKLA 1975**  
 Bondyr í þús. per  $m^2$ . Summa og sjaldgæfar teg.  
*Zoomacrobenthos* ( $\times 10^{-3}$ )  $m^{-2}$ ; total/and scarce species

## 10. SAMANBURÐUR Á VÖTNUNUM Á AUÐKÚLUHEIDI

Augljósasta muninn á vötnunum má beint tengja dýpi þeirra, þar sem grunnu vötnin hafa mjög mikla gróðurþekju. Grunnu vötnin hitna miklu fyrr og sveiflur í hitastigi eru þar miklar. Þau hafa einnig afrennsli gagnstætt þeim dýpri (Galtabóli og Þristiklu). Grunnu vötnin eru einnig auðugri af steinefnum (H. Aðalsteinsson 1975).

Lómatjarnir hafa hér nokkra sérstöðu. Megintjörnin er grunn en að mestu gróðurlaus, sennilega svipuð leirtjörnum, eins og H. Kristinsson og H. Hallgrímsson (1977) flokka tjarnir framar á heiðinni. Lómatjarnir eru fátækari að steinefnum en grunnu vötnin.

Ekki er ljóst hvernig ber að flokka Eyjavatn. Af loftmyndum að dæma virðist það vara mikið gróið en erfitt var að komast að vatninu til að staðfesta það. Sýni í Eyjavatni voru einungis tekin þar sem lítill gróður var. Í Eyjavatni er mun minna af fiski en í hinum grunnu vötnum og fæðuval 4 bleikja, sem veiddust gjörólikt, því sem er í hinum. Í Eyjavatni voru það mest vatnabobbar og mylirfur en nær eingöngu krabba-dýr í hinum á þessum tíma (H. Aðalsteinsson 1975, H. Ó. Hálfdánarson 1978).

Til grundvallar við samanburðinn legg ég krabbadýrafánu vatnanna, eins og hún var sumarmánuðina 1974, 1975 og 1977. Athuganir voru mjög misviðtækar, mestar í A-Friðmundarvatni og Þristiklu. Þannig að tegundir sem eru sjaldgæfar þar en ekki fundnar í hinum vötnunum gætu allt eins verið þar ef grannt er skoðað. Hins vegar er sennilegt að mark sé takandi á mun, þegar tegund er fundin í vissu vatni en ekki í A-Friðmundarvatni. Þó Galtaból sé frekar djúpt í samanburði við grunnu vötnin, er það nógu grunnt til að hýsa þéttar gróðurbreiður, mest mara (H. Aðalsteinsson 1975). Það er augljóst af töflu 16, að hin eiginlegu Friðmundarvötn (Mjóavatn - Gilsvatn í töflunni) hafa mjög áþekka fánu og einkennast annars vegar af fánu tengdri maranum (*Eury cercus lamellatus* og *Sida crystallina*) og fáliðaðri dýrasviffánu (*Bosmina c. obtusirostris*, *Daphnia longispina* og *Diaptomus minutus*). *Macrothrix* og *Alona affinis* eru sennilega áþekkir í öllum vötnunum, en botnsýni vahtar í Mjóavatni og V-Friðmundarvatni til að staðfesta það.

TAFLA 16 Samanburður á krabbadýrafánu vatna á Auðkúluheiði, vægi tegunda er miðuó við athuganir í júlí-ágúst 1977, nema fyrir Galtaból, Mjóavatn og Gilsvatn (1974) og Prístiklu (1975).  
 (Comparisons of crustacean fauna in different lakes on Auðkúluheiði, main bathymetric characters of the lakes are given in fig. 1).

	Galtaból 1974	Prístikla 1974, 75.	Mjóavatn 1974	V-Friðm.v. 1974, 77	A-Friðm.v. 1974, 75, 77	Gilsvatn 1974	Eyjavatn 1977	Lómatjarnir 1977
<i>Lepidurus arcticus</i>			+	+	+	+		
<i>Sida crystallina</i>			++	++	++	++	+	
<i>Bosmina c. obtusirostris</i>	+	++		+	+	+		+
<i>Daphnia longispina</i>			+	+	+	+		+
<i>Daphnia pulex</i>								+
<i>Macrothrix hirsuticornis</i>			+	+	+++	+++		+
<i>Iliocryptus sordidus</i>					+			+
<i>Eury cercus lamellatus</i>	++		+++	+++	+++	+++	+	+
<i>Acroperus harpae</i>				++	+	+	+	
<i>Alona quadrangularis</i>					+			
<i>A. affinis</i>	+	++	+	+	+++	++	++	+
<i>A. rectangula</i>		+						
<i>A. intermedia</i>					+			
<i>Alonella nana</i>	+	+	+	+	+	+	+	
<i>A. excisa</i>					+			
<i>Chydorus sphaericus</i>	+	+	+	+++	++	+++	++	+
<i>Graptoleberis testudinaria</i>					+			
<i>Diaptomus minutus</i>	+++	+++		+	+	+		++
<i>Cyclops abyssorum</i>			++	+	++	++	+	+
<i>Megacyclops viridis</i>				+	+			
<i>Macrocyclops fuscus</i>				+				
<i>Lucyclop serrulatus</i>		++		+	+	+		
<i>Paracyclops timbriatus</i>		+	+	+	+	+		+

Lómatjarnir eru fiskilausrar og gróðurlitlar og gjörólikar grunnu vötnunum, þar ríkja augndilar (*Diaptomus minutus*) sem eru mjög sjaldgæfir í grunnu vötnunum, en þráðflóin (*Eury cercus*) er sjaldséð. Halaflóin (*Daphnia pulex*) fannst í Lómatjörnum en ekki í hinum. *D. pulex* er viðkvæm fyrir afráni, vegna þess að hún er stór og dökk og auðveldari bráð fyrir fiska en hin gegnsærri *D. longispina*. *D. pulex* er einnig fundin í mörgum tjörnum framar á heiðinni. (H. Hallgrímsson og H. Kristinsson 1977). Samsetning fánunnar þar er öðruvísi en í Friðmundarvötnum. Í tjörnum eru ýmsar tegundir, sem eingöngu eru fundnar í tjörnum *Eury cercus glacialis* og *Polyphemus pediculus* eða vötnum þar sem afrán er lítið (*Daphnia pulex* og *Diaptomus glacialis*). Fána dýpri vatna einkennist að vonum mun meir af ekta svifi (*Diaptomus minutus* og *Bosmina c. obtusirostris*), og að auki, *E. lamellatus* í marabelti Galtabóls og *A. affinis* og *Eucyclops serrulatus* á gróður-litum botni Prístiklu.

Það sem þekkt er um landkrabbadýrafánu landsins (Poulsen 1924 og 1939) bendir til að fánan í áðurnefndum tjörnum sé svipuð og það sem er dæmigert fyrir tjarnir á háleldisheiðum (sjá ennfremur H. Guttormsson og G.M. Gíslason 1977 og Ú. Antonsson og G.S. Jónsson 1976).

í Friðmundarvötnum eru hinsvegar nokkrar tegundir sem verða að teljast frekar sjaldséðar, t.d. *Alona intermedia* og *Diacyclops bisetosus* báðar í A-Friðmundarvatni og etv. í hinum líka.

í V-Friðmundarvatni fannst *Graptoleberis testudinaria* bæði 1974 og 1977, en aldrei í A-Friðmundarvatni, hverju sem það sætir. Poulsen (1924) fann ekki *Sida crystallina* í heiðarvötnum, sennilega vegna þess hve fá svæði hann tók fyrir. *Sida* er algeng í öllum grunnu vötnunum. Hafa ber í huga að erfitt er að gera tæmandi tegundalista úr einni sýnatökuferð. Þetta veldur áreiðanlega mestu um muninn á tegundafjölda í A- og V-Friðmundarvatni annars vegar og Mjóavatni og Gilsvatni hins vegar. Í þeim fyrrtöldu voru tekin mun fleiri sýni en í hinum síðartöldu.

11. Heimildaskrá

- Ahlgren, G. 1970. Limnological Studies of Lake Norrviken, an eutrophicated Swedish lake. Schweiz. Zeitschr. Hydrol. 32:353-396.
- Allan, K.R. 1951. The Horokiwi stream. A study of a trout population. Fish. Bull. N.Z. Marine Dept. 10, 231 pp.
- Beauchamp, P.de. 1909 Recherches sur les rotifères: les formations tegumentaires et l'appareil digestif. Arch. zool. exp. gén 10:1-40.
- Bogdan, K.G. og Mc Naught, D.C. 1975. Selective feeding by Diaptomus and Daphnia Verh. Internat. Verein. Limnol 19: 2935-2942.
- Boylen, C.W. and Sheldon, R.B. 1976. Submergent Macrophytes: Growth under winter ice cover. Science 194: 841-842.
- Carlin, B. 1943. Die Planktonrotatorien des Motalaström, zur Taxonomie und Ökologie der Planktonrotatorien. Medd. Lunds Univ. Limn. Inst. 5: 255 pp.
- Cassie, R.M. 1971. Sampling and Statistics (sjá Edmondson and Winberg (eds) s. 174-209.
- de Ridder, M. 1972, Rotatoria. - Zoology of Iceland, II., 13 pp 106.
- Edmondson, W.T. 1955. The seasonal life history of Daphnia in an arctic lake. Ecology 36: 439-455.
- Edmondson, W.T. and Winberg, G.G. eds. 1971. A manual on methods for the assessment of Secondary productivity in fresh waters. IBP handbook no 17. Blackwell Sci. Publ. Oxford, Edinburgh.
- Einsle, U. 1975. Revision der Gattung *Cyclops* s. str. speziell der *abyssorum*, Gruppe. Mem. Ital. Idrobiol. 32: 57-219.
- Elliot, J.M. 1972. Some methods for the Statistical analyses of samples of benthic invertibrates - Freshw. Biol. An. Scient. Publ. 25.
- Fryer, G. 1963. On the functional morphology and feeding of the chydorid cladoceran *Eury cercus lamellatus*, (O.F.Müller) Phil. Trans. Roy. Soc. Edinb. 65: 335-381
- " 1968, Evolution and adaptive radiation in the Chydoridae (Crustacea: Cladocera) :A study in comparative functional morphology and ecology. - Phil. Trans. Royal Soc. London 254: 221-385
- " 1974. Evolution and adaptive radiation in the Macrothricidae (Crustacea: Cladocera): A study in comparative functional morphology and ecology. - Phil. Trans. Royal Soc. London 269: 137-274.
- Forsberg, C. 1960. Subaquatic macrovegetation in Ösbysjön, Djursholm. Oikos 11: 183-199.
- Gliwicz, Z.M. 1969. Studies on the feeding of pelagic zooplankton in lakes with varying trophy.-Ekol. Polska (A) 17:663-708.
- Hákon Áðalsteinsson 1975. Auðkúluheiði, frumathuganir og forsendar frekari rannsókna. OS ROD- 7520.
- " 1976 a. Lögurinn, svifausr, gegnsæi og lífriki. OS ROD-7609.
- " 1976 b. Þórisvatn, áhrif miðlunar og Köldukvíslarveitu á lífsskilyrði svifa OS ROD - 7643.

- Hákon Áðalsteinsson 1978 a) Zooplankton and its relation to available food in Lake Mývatn. - Oikos 31, in print
- " 1978 b) Observations on the seasonal variation and ecology of the benthic crustacea of Lake Mývatn in 1973. - Oikos 31, in print
- Hálfdan Ómar Hálfdanarson 1978.
- Helgi Hallgrímsson 1972. Veröldin í vatninu, þættir um lífið í Laxá, Mývatni og fleiri vötnum. Sérprentun úr "Heima er best". 3 - 12 tbl xxi árg 1971.
- " 1973, 1974 og 1975. Íslenskir vatnakrabbar., Týli 3:29-49 4:57-66 5:41-49.
- Hjörleifur Guttormsson og G.M.Gislason 1977. Eyjabakkar, landkönnun og rannsóknir á gróðri og dýralifi. OS ROD-7719.
- Hörður Kristinsson og H.Hallgrímsson 1977. Náttúruverndarkönnun á virkjunarsvæði Blöndu. OS ROD - 7713.
- Hutchinson, E.G. 1967. A Treatise on Limnology, II. Introduction to lake biology and the Limnoplankton. John Wiley & Sons. inc. Ney-York, London, Sidney.
- Jón Kristjánsson 1978.
- Jón Ólafsson 1978. Some physical characteristics of Lake Mývatn and River Laxá. Oikos 31 in print.
- Kajak, Z. 1965. Tubular bottom samples. Ekol. Polska ser. B, 11: 159-165.
- Lindgaard, C, and P.M. Jónasson 1978. The abundance, population dynamics and production of zoobenthos in Lake Mývatn, Oikos 31, in print.
- Makarewicz. J.C. and Likens, G.E. 1975, Niche analysis of a zooplankton community. Science 190: 1000-1003.
- Meijering, M.P.D. 1961. Zur Verbreitung von Macrothrix hirsuticornis Norman und Brady in Europa. Zool. Anz. 167: 334-341.
- Mueller, W.P. 1964. The distribution of Cladoceran remains in surficial sediments from three northern Indiana lakes. Invest. Indiana Lakes & Streams VI: 1-63.
- Myers, F.J. 1941. *Lecane curvicornis* var. *miamensis* new variety of Rotatoria, with observation on the feeding habits of rotifers. Notul. Nat. 75, 8pp.
- Nauwerk, A. 1963. Die Beziehungen zwischen zooplankton und Phytoplankton in See Erken. - Symb. bot Upsaliens. 17, no 5 163 pp.
- Nilsson, N-A. and B.Pejler 1973. On the relation between fish fauna and zooplankton composition in north Swedish lakes. Rep. Inst. Freshw. Res. Drottningholm 53:51-77.
- Páll Theodórsson 1974. The study of  $^{14}\text{C}$  penetration into filters in primary productivity measurements using double side counting. RH-P-74-BI.
- Páll Theodórsson og Jón. Ö. Bjarnason 1975. The acid bubbling method for primary production measurement modified and tested. RH-P-75-BI.
- Pejler, B. 1962. The zooplankton of Ösbysjön, Djursholm II. Further ecological aspects. - Oikos 13: 216-231.
- Pennak, R.W. 1973. Some evidens for aquatic macrophytes as repellants for a limnetic species of *Daphnia*. Int. Revne ges. Hydrobiol. 58: 569-576.
- Poulsen, E.M. 1924. Islandske Ferskvandsentomostraker. En ökologisk, dyrgeografisk undersögelse.-Vidensk. Medd. Dansk. naturh. Fören. 73:81-141.

- Poulsen E.M. 1939. Freshwater Crustacea Zoology of Iceland III, 35, pp 50.
- Ramberg, L. 1976. Relation between phytoplankton and environment in two swedish forest lakes. Scripta Limnologica Upsaliensis 426. - Uppsala.
- Rodhe, W. 1969. Crystallization of eutrophication Concepts in Northern Europe.-In Eutrophication: Causes consequences, correctives, proceedings of a symposium. Washington 1969.
- Schindler, D.W., R.V. Schmidt and R.A. Reid, 1972. Acidification and bubbling as an alternative to filtration in determining phytoplankton production by the  $^{14}\text{C}$  method. J.Fish.Res.Bd.Can. 29:1627-1631.
- Schwoerbel, J. 1970. Methods of Hydrobiology (Freshwater Biology), Pergamon Press.
- Sigurjón Rist 1975. Stöðuvötn OS - vatn 7503, OS ROD 75 19.
- Skuja, H. 1957. Taxonomische und biologische Studien über das Phytoplankton Schwedischer Binnengewässer. - Nova Acto Regiae Societatis Scientiarum Upsaliensis ser IV. 16 (3).
- Smirnov, N.N. 1961. Food cycles in sphagnum bogs. Hydrobiologia 17:175-182.
- Smyly, W.J.P. 1973. Binomics of *Cyclops strenuus abyssorum* Sars (Copepoda: Cyclopoida). Oecologia 11:163-186.
- Steemann-Nielsen, E. 1952. The use of radioactive carbon ( $^{14}\text{C}$ ) for measuring organic production in the sea. J.Cons., Inst. Explor. Mer 1:117-140.
- Stefán Stefánsson 1948. Flóra Íslands III. útg.- Hið íslenska Náttúrufræðif.
- Sturla Friðriksson 1973. Crop production in Iceland.-Int.J.Biometeor. 17: 359-362.
- Taylor, L.R. 1961. Aggregation, variance and the mean. Nature 189:732-735.
- Úlfar Antonsson 1977. Dýrasvifið í Þingvallavatni 1974-75. Líffræðist. H.f. , (handriti).
- " og G.St.Jónsson 1976. Skýrsla um rannsóknir á vötnum á vatnasaði vætanlegrar Bessastaðavirkjunar (í handriti).
- Vollenweider, R.A. 1960. Beiträge zur Kenntnis optischer Eigenschaften der Gewässer und Primärproduktion. Memorie. Ist. Ital. Idrobiol. 12:201-244.
- " (ed) 1969. A manual on methods for measuring primary production in aquatic environments, IBP handbook no 12., Blackwell Sci.Publ. Oxford and Edinburgh.
- Westlake, D.F. 1975. Some basic data for investigation of the productivity of aquatic Macrophytes Mem. Ist. Ital Idrobiol. suppl. 18:229-248.
- Wetzel, R.G. 1975. Limnology. Saunders, Philadelphia, London, Toronto.
- Whiteside, M.C. 1974. Chydorid (Cladocera) ecology: Seasonal patterns and abundance of populations in Elk Lake, Minnesota. Ecology 55:583-550.
- Wielgolaski, F.E. 1975. Primary productivity of alpine meadow communities. Fennoscandian Tundra ecosystem. Part I. Plants and micro-organisms; p 121-128 Springer-Verlag Berlin, Heidelberg, New York 1975.
- Willén, E. 1974. Metodik vid växtplanktonundersökningar. SNV PM 525 NLU Rapport 76 Statens Naturvårdsverk, NLU-Uppsala.

12 ENGLISH SUMMARY:

The lakes treated in this research paper are situated on interior highland plateau of NW-Iceland at an elevation of 420-460 m. Of the six lakes, two (L.Thristikla and L. Galtaból) are relatively deep (fig 7) located at sites of sparse vegetation and are without any in-or out flow. The other four are shallow; draining a richer, mostly wetland, vegetation. As a result they receive water of higher ionic content than the deeper ones, of which the ionic content is generally at similar level to that of the rainfall. The shallow lakes are divided between two drainage systems, those of River Vatnsdalsá (L.Mjóavatn and L.Vestara (western)-Friðmundarvatn on the one hand, and to River Blanda (L.Austara (eastern)-Friðmundarvatn and L.Gilsvatn) on the other hand (fig 1).

Of the deeper lakes L.Thristikla is the sparser vegetated, mainly by *Nitella flexilis* in the deeper part and *Myriophyllum alterniflorum* in the shallow (eastern) part. L.Galtaból has a relatively dense cover of low *M.alterniflorum* and *Potamogeton alpinus*.

All the shallow lakes (max depth 0,7-2,25 m) have a dense growth of high *M. alterniflorum*. It covers approximately one third of the bottom (figs. 4 and 5). On the basis of a preliminary survey in summer 1974, the main attention was directed at L.Thristikla and L.A-Fridmundarvatn. They were considered to represent well the relatively deep and shallow lakes respectively. The research was aimed at the planktic communities; their composition and relative abundance, seasonal variation and production; and also the abudance and seasonal variation in benthos, both macro-and micro-benthos (microcrustaceans). The sampling sites are shown in figs 6 and 7. Associated with the above research is the study of the arctic char (*Salvelinus alpinus L*) standing crop and growth characteristics and feeding. This will be presented in special reports later on.

**Phytoplankton:** In 1975 the phytoplankton of L.Thristikla was dominated by small chrysophyceans, but in the survey of summer 1974 by diatomes, mainly *Melosira islandica*. Both biomass and production increased continuously until the beginning of September, when the last observation was made, with the exception of a 2-3 weeks period in late July and early August, when a slight decrease in biomass occured (figs 12 and 13), related to the most intensive production period of zooplankton (fig 26).

On the other hand large chlorophytes dominated the phytoplankton in L. A-Friðmundarvatn. The primary production was highest in mid July (figs 9-10). Estimated primary production of phytoplankton (June-Sept) was 11 g Cm<sup>-2</sup> and 22 g Cm<sup>-2</sup> in L.Thristikla and L. A-Fridmundarvatn respectively. In the case of the latter lake macrophytes and epiphytic algae evidently dominate the primary production.

By simulating observations of the reduction in decaying *Myriophyllum* to the estimated temperature pattern in the lake (fig 11), it was found that the pool of decaying *Myriophyllum* calculated back to the time of max standing crop during the previous autumn, had been about 270 g dw m<sup>-2</sup> (Myriophyllum bed). This is assumed to be approximately equal to the net production of summer 1974. Maximum biomass of *Nostoc* sp was found to be 10 g dw m<sup>-2</sup> and was approximated to resemble net production (June-Sept). The production of epiphytes, probably the most important primary production from the animal nutritional point of view, is unknown.

Zooplankton: The zooplankton fauna in respective lakes is listed in tables 3-6. In L. Thristikla it was dominated by *Diaptomus minutus* (fig.18), but in L. A-Fridmundarvatn by several rotifer species and *Cyclops abyssorum* (fig 16). *C. abyssorum* was found in both plankton and benthos and was apparently made up of the same population in both habitats (fig.17).

The composition of zooplankton was quite different in these two lakes (table 6, fig 16 and 18). *D. minutus* dominated in L. Thristikla, but was scarce in L. A-Fridmundarvatn. *Bosmina c. obtusirostris* was much more common in L. Thristikla, than in L. A - Fridmundarvatn. *Daphnia longispina* was sparsely found in L. A-Fridmundarvatn, but not at all in L. Thristikla. *C. abyssorum* was common in L. A-Fridmundarvatn, but very scarce in L. Thristikla.

The rotifer species *Polyarthra dolichoptera* and *Asplanchna priodonta* were common in L. A-Fridmundarvatn, but scarce in L. Thristikla. On the other hand *Conochilus unicornis*, *Ascomorpha ecaudis* and *Ploesoma hudsoni* were common in L. Thristikla, but scarce in L. A-Fridmundarvatn. *Keratella cochlearis*, *Synchaeta cf. lakowitziana* and *S. cf stylata* were common in both lakes. *Polyarthra remata* and *Gastropus stylifer* and *K. hiemalis* were only found in L.Thristikla and *K. quadrata* in L. A-Fridmundarvatn.

The zooplankton production was  $2.1 \text{ g dw m}^{-2}$  in L. Thristikla and  $0.7 \text{ g dw m}^{-2}$  in L. A-Fridmundarvatn (June-Sept.). giving the "ecological efficiency" ( $\frac{\text{net Pzoopl}}{\text{net Pph.pl}}$ ) of 10 and 1.6% respectively. The low efficiency in L. A-Fridmundarvatn may partly be related to poor ingestability of the available phytoplankton to rotifers.

The benthic community: The benthos in L. Thristikla was dominated by Oligochaeta and Chironomidae but by benthic crustaceans, mainly chydorids in L. A-Fridmundarvatn (figs 28,31,34,36,41,43 and tables 14 and 15). It is apparent from table 15, that the *Myriophyllum* bed constitutes a very important habitat for many crustaceans, above all for *Sida crystallina*, *Eury cercus lamellatus*, *Acroperus harpae* and *Chydorus sphaericus*. On and among the *Myriophyllum* plants, *E. lamellatus* was 74% of the crustaceans, and the other three above species made up most of the remaining number (table 14). Figure 40 shows that these species had the best fit to the fine leaves of *Myriophyllum*. Three species were common in the bottom mud samples, *E. lamellatus*, *Alona affinis* and *Macrothrix hirsuticornis*. *E. lamellatus* was most common on the bottom among the *Myriophyllum* plants, but the other on vegetation-free bottom (fig. 34). Generally remains of the *Myriophyllum* from the previous year were more common on the bottom in the *Myriophyllum* bed than on the vegetation-free bottom. The number of the most common animals was plotted against the weight of decaying *Myriophyllum*. In no case was there a positive correlation in this relationship, unless possibly in *E. lamellatus* (fig 37). Probably this is rather to be explained by the dense population associated with *Myriophyllum* than by any affinity to the remains of *Myriophyllum*. Both *A. affinis* and *M. hirsuticornis* were negatively related to the remains of *Myriophyllum*. They were apparently by far most common in samples of low weight of decaying *Myriophyllum* (figs 38 and 39). In L. Thristikla *A. affinis* was also most common on vegetation-free bottom and there *Eucyclops serrulatus* was the most common crustacean in places with *Nitella*.

Neither oligochaetans nor chironomids were correlated to decaying *Myriophyllum* (figs 29 and 30). Besides being associated with *Myriophyllum*, *Chydorus sphaericus* is sometimes very common in plankton, both within and out of the *Myriophyllum* bed. This was the case in L. A-Fridmundarvatn in summer 1977 (table 12) and was also recorded in L.V-Fridmundarvatn in summers 1974, 1976 and 1977.

The fish stock in L. A-Fridmundarvatn is composed of the arctic char (*Salvelinus alpinus*) and the brown trout (*Salmo trutta*) (almost entirely arctic char) and the three spined stickleback (*Gasterosteus aculeatus*). The arctic char in L. A-Fridmundarvatn feeds mostly on chydorids (*E. lamellatus* and *A. affinis*) during the summer, but in L.Thristikla on sticklebacks, which in turn feeds mostly on chironomids, but also on small benthic crustaceans (H.Ó.Hálfdanarsson 1978 in prep). Concerning the arctic char the food chain therefore is shortened as far as can possibly be expected in L. A-Fridmundarvatn, resulting in a very dense population and good fishing (J. Kristjánsson 1978) far better than in L.Thristikla.